



FRÉTTABLAÐIÐ

3. mars 2005 – 60. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


FIMMTUDAGUR



SKAÐLEG SAMKEPPNI Ofnotkun á strímlum í blóðsykurmæla kostaði ríkið að minnsta kosti 50 milljónir á síðasta ári. Fólk fékk gefins mæla og strímla en Tryggingastofnun þurfti að borga brúisann. **Sjá síðu 2**

HLÍTI EFTIRLITSSTOFNUN EFTA Í frumvörpum um breytingu á samkeppnislögum er ákvæði sem segir að íslenskir dómstólar verði að hlíta niðurstöðum Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum. Lónaðarráðherra segir þetta ekki brjóta gegn stjórnarskrá. **Sjá síðu 4**

FÆRRI Á NEYÐARMÓTTÖKU Færri komu á neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi í fyrra en árin tvö þar á undan. Umsjónarmaður móttökunnar segir starfsfólkið hafa merkt um tíma að tilvikum hafi fjölgað þar sem stúlkum var hópnauðgað utandyra. **Sjá síðu 6**



BJARTVIÐRI AUSTAN TIL Skýjað með köflum vestan til og þurrt að kalla. Fremur stífur vindur um allt land einkum þó norðaustan og austan til. Lægir síðdegis. **Sjá síðu 4**




DAGURINN Í DAG

LOKAUMFERÐIN Deildarkeppninni í körfubolta karla lýkur með sex leikjum í kvöld. KR-ingar, Grindvíkingar og Haukar berjast um tvö síðustu lausu sætin í átta liða úrslitum. Grindvíkingar fá KR-inga í heim-sókn en Haukar sækja Njarðvíkinga heim.

Kvikmyndir	34	Myndlist	33
Tónlist	28	Íþróttir	24
Leikhús	33	Sjónvarp	36

Dagblaðalestur á fimmtudögum*



*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.

Klórframleiðslan flutt til Akureyrar

Mjöll Frigg hefur aukið klórframleiðslu sína á Akureyri eftir að fyrirtækinu var neitað um starfsleyfi í Kópavogi. Kæmi gasleki upp þyrfti við verstu aðstæður að rýma byggð frá Sjafnarlóðinni suður fyrir Glerártorg.

ÍÐNAÐUR Fyrirtækið Mjöll Frigg jók klórframleiðsluna á Akureyri eftir að starfsleyfi fékkst ekki í Kópavogi. Fyrirtækið hefur starfsleyfi í iðnaðarhverfi á Sjafnarlóðinni skammt frá íbúðahverfi.

Slökkviliðsstjórinn á Akureyri, Erling Þór Júlíusson, segist hafa meiri áhyggjur af flutningi tólf tonna klörgasbirgða í gámum landleiðina milli höfuðborgarinnar og Akureyrar en af framleiðslu klórsins í verk-smiðjunni. Í húsinu hafi verið efnavinnsla árum saman. Starfsleyfið verður endurskoðað síðar í mánuðinum.

„Í verk-smiðjunni er um það mikið magn klörgass að ræða að við verðum að meta aðstæður og skoða hvert líklegt lágmarkstjón gæti orðið af starfsemi og hvert hámarkstjón gæti orðið,“ segir Erling. Komi upp gasleki og vindur sé kyrrstæður þurfi að rýma 300 metra radíus en á því svæði séu um 200 íbúar. Við verstu aðstæður gæti þurft að rýma svæði inn að ráðhúsi bæjarins og suður fyrir Glerártorg.

Erling segir slökkviliðið eiga von á búnaði til að bregðast við komi upp klörgasleki eða annar efnaleki á svæðinu. Á slíkum

búnaði hafi verið þörf og tengist ekki komu verk-smiðjunnar.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyrar, segir að standist fyrirtækið kröfur heilbrigðiseftirlitsins sem og lög og reglugerðir varðandi starfsemi hafi hann ekkert undan því að klaga. Erling tekur undir þau orð Kristjáns.

Mikil umfjöllun varð um klórframleiðslu Mjallar Friggjar í Kópavogi vegna ótta íbúanna við umhverfisslys.

Eigandi Mjallar Friggjar vildi ekki tjá sig um þetta þegar leitað var til hans í gær.

- shg



SELMA BJÖRNSDÓTTIR
Selma hefur í nógu að snúast um þessar mundir í undirbúningi Eurovision-keppinnar.

Lagið tilbúið

TÓNLIST Lagið sem Selma Björnsdóttir mun syngja fyrir hönd Íslendinga í Eurovision-keppninni í ár nefnist If I Had Your Love.

„Ég er mjög ánægð með þetta lag,“ segir Selma, sem var að ljúka við að syngja bakraddirnar í gær. „Ég er mjög spennt fyrir þessu. Það er búið að vera mikið að gera enda er undirbúningurinn fyrir svona keppni mikill. En það eru skemmtilegir tímar fram undan,“ segir hún. Myndband við lagið verður frumflutt í þætti Gísla Marteins laugardaginn 19. mars. **Sjá síðu 38**



YFIR ATLASFJÖLLUM NORÐUR-AFRÍKU Tilraunaflugvél Fossetts, GlobalFlyer, nær allt að 650 km hraða en hún flýgur í nær 50.000 feta hæð. Fossett reynir að slá mörg met í einu, þar á meðal lengsta víðstöðulausa flug þotu. Gildandi met er 19.308 km en það var sett á B-52 sprengjupotu árið 1962.

Opinberrar rannsóknar krafist

SJÓSLYS Þingmenn úr nær öllum flokkum sem eiga sæti á fær-eymska lögbinginu hafa krafist þess að opinber og óháð nefnd rannsaki hvað fór úrskeiðis þegar flutningaskipið Jökulfell sókk út af Færejum 7. febrúar síðastliðinn. Fjórir eistneskir sjómenn fórust með skipinu.

Fram kom í Útvarp Føroya í gær að rúmir tveir klukkutímar

liðu frá því að neyðarkall barst frá skipverjum þangað til að björgunarþyrila var send á vettvang. Björn Kalsø, ráðherra í fær-eymsku landsstjórninni, sagði við umræður á lögbinginu að Færeyska sjóbjörgunarsveitin hefði talið rétt að bíða þar sem fyrstu upplýsingar um slysið voru óljósar.

„Ef eitthvað hefur misfarist

þá fögnum við því að það verði rannsakað og vonum að lærdómur verði dreginn af því, ekki aðeins út af þessu slysi heldur allra vegna, alltaf,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa, sem var með Jökulfellið á leigu. Hann býst síður við að fyrirtækið bregðist sérstaklega við þessum tíðindum.

- shg

Frækið hnattflug:

Fossett í vanda

KANSAS, AP Auðkýfingurinn Steve Fossett hélt áfram leið sinni umhverfis jörðina í tilraun sinni til að verða fyrsti maðurinn sem flýgur hnattflug einsamall, víðstöðulaust og án millilendingar eða eldsneytisáfyllingar.

Í gærkvöld lenti Fossett í miklum vandræðum þar sem eldsneytisbirgðir vélarinnar virtust mun minni en hann hélt. Hann hélt þó ótrauður áfram.

Flugferðin hófst í Kansas á mánudagskvöld og lýkur 37 þúsund kílómetra löngu flugferðalaginu um miðjan dag í dag gangi að allt óskum.

Richard Branson fjármagnar mettilraunina. ■

uppgríp
fyrir þig

Morgunmatur

Samloka & gos 380 kr.

olis



SPURNING DAGSINS

Sigurður, er hægríbylting yfirvofandi í Frjálslynda flokknum?

„Ef það kallast hægríbylting að færa flokkinn aftur til sinnar stefnu þá er svarið já.“

Sigurður Ingi Jónsson sagði sig úr Frjálslynda flokknum á sínum tíma en er nú genginn aftur í hann. Hægríbylting virðast nefnilega ætla að blása á landsþingi flokksins um helgina.

Stuðningur við Íraskar öryggisveitir:

Ísland flytur vopn fyrir NATO

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin hefur boðist til að flytja 500 tonn af vopnum og skotfærum til Íraks á vegum NATO. Davíð Oddsson utanríkisráðherra upplýsti þetta á Alþingi í gær við umræður utan dagskrár um stuðning Íslands við þjálfun Íraskra öryggisveita.

Vopnin eru frá slóvenskum yfirvöldum og eiga nýttast Íröskum öryggisveitum. Kostnaður við flutningana verður um 40 milljónir króna. Við þetta bætast 12 milljónir sem Íslendingar hafa lagt í sjóð NATO til að greiða fyrir ferðir og uppihald Íraskra öryggisveita sem sækja þjálfun erlendis.



DAVÍÐ ODDSSON
Vopnaflutningarnir kosta um 40 milljónir króna.

Ráðherra lagði áherslu á að stærstur hluti aðstoðar Íslendinga við Íraka renni til mannúðarmála, um 300 milljónir króna. Hins vegar sagði hann ljóst að enga slíka aðstoð væri unnt að veita ef öryggismál landsins væru ekki í lagi.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, var málshefjandi í umræðunni. Fann hann vopnaflutningunum flest til foráttu sem hann setti í samhengi við flutning skriðdreka til Afganistans á sínum tíma. „Mikið hlýtur þjóðinni að líða betur að vita af þessu framlagi sínu,“ klykkti hann út með.

- shg

Evrópustefna:

Ályktunin breytir engu

STJÓRN MÁL Ályktun Framsóknarflokksins um hugsanlegan undirbúning aðildarviðræðna við Evrópusambandið breytir engu um stefnu stjórnvalda og markar engin tímamót, að sögn Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra.

„Ég fæ ekki séð það, nei,“ svaraði Davíð spurningu fréttamanns Útvarpsins í gær um hvort ályktun flokksþings Framsóknar markaði tímamót. Hann sagði ekkert hafa breyst „nema ég sé ekki læs“ í viðtali við fréttastofu Útvarps.

- bþg

Ráðherra í klemmu: Ríkisstjórnin er völt í sessi

NOREGUR Stjórnarkreppa virðist í aðsigi í Noregi eftir að Verkamannaflokkurinn og Sósíalístaflokkurinn skýrðu frá því að þeir undirbyggju vantrauststillögu á Kristín Krohn Devold varnarmálaráðherra. Krohn Devold hefur verið gagnrýnd vegna þess að varnarmálaráðuneytið hefur ítrekað farið fram úr fjárlögum.

Aftenposten segir frá því að talsmenn Framfara- og Miðflokksins muni ekki verja ráðherrann falli. Þar sem hinir ráðherrararnir í ríkisstjórninni hafi lýst því yfir að þeir muni segja af sér, þurfi Krohn Devold að víkja, virðist fátt geta bjargað norsku stjórninni. ■

LÖGREGLUFRETTIR

UMFERÐARSLYS Í KJARNASKÓGI Tveir bílar lentu í árekstri í gærkvöld við þjónustumiðstöðina í Kjarnaskógi í Eyjafirði. Farþegi í öðrum bílnum fékk skrámur á höfði. Ökumaður hins bílsins únlíðsbrotnaði.

NET Í SKRÚFU Rækjubáturinn Húsey frá Húsavík fékk net í skrúfunu í gærkvöld út af Mánar-eyjum. Systurskipið Aldey hélt á vettvang til aðstoðar. Veður var slæmt þegar atvikið varð.

BÍLVELTA Á MELRAKKASLÉTTU Bíll valt á Melrakkasléttu síðdegis í gær. Ökumaðurinn lemstraðist lítillega en kom sér af sjálfsdáðum á hóteli á Raufarhöfn og lét lögreglu vita. Billinn er ónýtur.

ELÐUR VIÐ MÝVATN Kveikt var í bílhræi í Reykjahlíðarþorpi við Mývatn í gær. Þar voru tveir þörupiltar á ferð en þeir voru að leika sér með eldspýtur. Slökkt var í hræinu með slökkvitæki.

Fimmtíu milljónum króna eytt í óþarfa

Ofnotkun á strimlum í blóðsykurmæla kostaði ríkið að minnsta kosti 50 milljónir á síðasta ári, að sögn framkvæmdastjóra Tryggingastofnunar. Hörð samkeppni í sölu leiddi til þess að fólk fékk gefins mæla og strimla en TR þurfti að borga brúsann.

HEILBRIGÐISMÁL Ofnotkun á strimlum sem notaðir eru í blóðsykurmæla kostaði ríkið að minnsta kosti 50 milljónir króna á síðasta ári. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur brugðist við þessu með því að breyta reglugerð um hjálpartæki. Breytingarnar kveða meðal annars á um að sé fólk staðið að því að nota einnota hjálpartæki meira en sjúkdómurinn sem það er með gefur tilefni til sé hægt að svipta viðkomandi endurgreiðsluskirteini frá Tryggingastofnun. Sé það gert þarf viðkomandi að sækja um í hvert einasta skipti til TR.



KRISTJÁN GUÐJÓNSSON
Framkvæmdastjóri Tryggingastofnunar.

„Kostnaður vegna sykursýkisbúnaðar jókst mjög á síðasta ári vegna samkeppni sem greinilega var á þeim markaði,“ sagði hann. „Vegna þess var reglugerð breytt 1. desember. Eftir það var farið að hámarka fjölda þeirra sykursýkisstrimla sem hluti af sjúklingahópnun getur nýtt sér. Þá var styrkur til kaupanna lækkaður um 15 prósent. Magnið af strimlunum sem fólk notar fer eftir því hve sykursýkin er á háu stigi og



BLÓÐSYKURMÆLAR

Breytingar á reglugerð voru gerðar í samráði við Félag sykursjúkra eftir að fyrirtæki fóru að gefa fólk blóðsykurmæla, selja því strimla í þá og rukka síðan Tryggingastofnun fyrir nær allan pakkann.

öðrum læknisfræðilegum atriðum.“

Blóðsykurmælar eru nauðsynlegir fyrir sykursjúka og eru blóðstrimlarnir í þá niðurgreiddir af ríkinu um 80-90 prósent. Settur er blóðdropi á strimilinn, sem stungið er í mælinn og blóðsykurmagnið lesið af. Strimlarnir eru seldir í 50 stykkja pakkningum. Ef sjúklingur fær sér mæli þarf hann að nota strimla frá sama fyrirtæki. Akveðinn lífaldur er á þeim.

„Samkeppnin var orðin svo mikil að söluaðilar voru farnir að gefa sjúklingunum eftir sinn hlut í mælum og strimlum,“ sagði Kristján. „Sumir upplifðu það

eins og þetta væri allt ókeypis og það varð til þess að auka enn á kaupin, en Tryggingastofnun þurfti alltaf að greiða sinn hlut.“

Gróðarleg aukning varð á útgjöldum Tryggingastofnunar á milli ára 2003 og 2004 vegna niðurgreiðslu blóðstrimlanna. Að sögn Kristjáns sýndi samanburður á tíu mánaða tímabili, frá janúar-október, að liður sem heitir sprautu- og rannsóknarbúnaður innan hjálpartækja hækkaði um 60 prósent á milli ára, um 57 milljónir. Aukningin var að langmestu leyti vegna blóðsykurmæla og strimla í þá.

jss@frettabladid.is



DÚÐAÐIR TVÍBURAR

Hafsteinn og Marlís Karlsbörn voru vel dúðuð í barnavagni sínum í gær.

Febrúarveðrið:

Snjókomu óvenju lítil

VEÐUR „Óvenju snjólétt var á landinu og sérstaklega um norðanvert landið,“ segir Trausti Jónsson veðurfræðingur um veður í febrúar. Hann nefnir sem dæmi um þetta að aðeins hafi orðið alhvítt á Akureyri þrjá daga í mánuðinum og snjódypt mest mælst fimm sentimetrar.

Meðalhittinn á Akureyri var 2,3 stigum yfir meðallagi og 1,1 stigi yfir meðallagi í Reykjavík. Úrkoma mældist 105 millimetrar í Reykjavík, það er 46 prósentum yfir meðallagi en á Akureyri var úrkoma aðeins fjórðungur meðaltalsúrkomu í febrúar og hefur ekki verið minni frá 1986.

- bþg

LÖGREGLUFRETTIR

HUNDUR DRUKKNAÐI Hundur drukknaði þegar mannláus bíll sem hann var í rann niður í fjöru og út í sjó á Eskifirði í gærmorgun. Bíllinn náðist fljótlega upp en þá var hundurinn dauður. Lögregla segir að bíllinn sé að líkindum ónýtur eftir volkið.

FÍKNIEFNI Í FIRÐINUM Lögreglan í Hafnarfirði hafði afskipti af fimm piltum sem reyndust hafa lítilræði af fíkniefnum í sínum fórum. Voru þeir yfirheyrðir en látnir lausir eftir það og telst málið upplýst.

Ekið á konu á leið yfir Snorrabraut:

Eldri kona lést í umferðarslysi

BANASLYS Eldri kona lést þegar ekið var á hana á Snorrabraut fyrir utan Austurbæ laust fyrir klukkan tíu í gærmorgun.

Ekið var á konuna þar sem hún var á leið yfir götuna og er talið að hún hafi látist nær samstundis. Málið er í rannsókn hjá lögreglu. Ekki var ljóst hvort ökumaður bifreiðarinnar ók yfir löglegum hámarkshraða en ökuhraði á Snorrabraut er jafnan mikill.

Stálgrindverk er á umferðareyju á Snorrabrautinni og var hugmyndin með því upphaflega að koma í veg fyrir umferð gangandi vegfarenda. Þar sem ýmsir létu sér ekki segjast og stukku yfir grindverkið voru sett tvö hlið til að koma í veg fyrir það. Konan sem lést var á leið yfir götuna á þeim slóðum þar sem gat er á hliðinu þegar keyrt var á hana.

- aðe



VETTIVANGUR SLYSSINS

Stálgrindverk er á umferðareyju á Snorrabrautinni og á að koma í veg fyrir umferð gangandi vegfarenda. Sökum þess hve margir stukku yfir grindverkið voru sett tvö hlið á það gegnt Austurbæ, án þess þó að gangbraut sé yfir götuna. Ekki þykir ólíklegt að konan sem lést í umferðarslysinu í gær hafi ætlað sér þar fyrir.

FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



Ný og endurbætt ensk-islensk/islensk-enskt orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, vísiskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýttist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

Kynningarverð: 8.800 kr.



ORDABÓKAÚTGAFAF



Tískudagar

3. - 13. mars

Stelpukvöld í kvöld!

Dagskrá

- 19.00 – Desmin og söngkonan Hildur Guðný Þórhallsdóttir með léttan og leikandi jazz.
- 19.30 – Fríða Rún frá Heilsuráðgjöf með leiðina að réttu formi.
- 20.00 – Ragnheiður Guðfinna og stelpurnar frá sjálfsstyrking.is ræða sjálfsmat kvenna.
- 20.15 – Desmin og söngkonan Hildur Guðný Þórhallsdóttir: Svíflétt jazzsveifla.
- 20.45 – Helga Braga kennir listina að daðra!

- Ráðgjafar Clarins verða á staðnum og gefa góð ráð.
– Allar konur fá glaðning frá Clarins.
- Lifandi jazztónlist í göngugötu.
- Tilboð á veitingastöðum.

Opið til **21** í kvöld

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 2.3.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,82	61,12
Sterlingspund GBP	116,10	116,66
Evra EUR	79,68	80,12
Dönsk króna DKK	10,70	10,77
Norsk króna NOK	9,70	9,76
Sænsk króna SEK	8,78	8,84
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR	XDR	92,58 93,14

Gengisvísitala krónunnar
109,55 -0,32%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Samtök atvinnulífsins:

Almenn ánægja með frumvarpið

ÞINGMÁL „Við erum almennt ánægðir með þessa stjórnvaldsbreytingu og teljum að hún verði til góðs,“ segir Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um sameiningu Samkeppnisráðs og Samkeppnistofnunar í Samkeppniseftirlitið og stofnun Neytendastofu.

Samtökin voru umsagnaraðilar þegar frumvarpið var í skoðun og segir Ari að einu stórvæðilegu athugasemdirnar sem gerðar hafi verið þá hafi viðkomandi heimild þessarar nýju stofnunar að brjóta upp þau fyrirtæki sem brutu samkeppnislög. „Að okkar



ARI EDWALD
Segir nýtt frumvarp iðnaðarráðherra af hinu góða og til þess fallið að skerpa línur á samkeppnismarkaði í framtíðinni.

mati var sú heimild of loðin og óskýr og ekki bundin við brot á lögum og ekki virtist vera um neina frestun á þeirri framkvæmd að ræða þó slík mál færu fyrir dómstóla.“

Annað sem Samtök atvinnulífsins gerðu athugasemd við var að ekki væri tekið sérstakt tillit til lítilla fyrirtækja en samtökin meta það svo að rýmri heimildir eigi að gilda um þau gagnvart samkeppnislögum en um stærri fyrirtæki. „Það er eingöngu í því skyni að gefa litlu fyrirtækjunum góða möguleika á að vaxa með því að hafa samstarf sín á milli enda er slíkt algengt.“

- aðe

Steingrímur J. Sigfússon:

Tek þessu með fyrirvara

ALÞINGI „Ég áskil mér rétt til að taka þessu frumvarpi með fyrirvara og er ekki sannfærður um að þetta sé rétta leiðin,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, um frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um samkeppnislög.

Steingrímur segist eiga eftir að kynna sér frumvarpið í heild en vill fara varlega. „Ég hef miklar efasemdir um að frumvarp þetta nái því fram sem ætlunin er og hver veit nema þessi leið veiki ekki beinlínis Samkeppnistofnun. Ég hefði frekar viljað sjá sjálfstæð neytendasamtök eflað til muna.“

- aðe

Frumvarp um samkeppnislög: Helstu breytingar

ALÞINGI Í stað Samkeppnistofnunar verða til stofnanirnar Samkeppniseftirlitið og úrskurðarnefnd samkeppnismála. Að auki verður sett á fót Neytendastofa. Til að efla megi eftirlit með samkeppnishömlum á markaði var afráðið að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar, þannig að þessi verkefni verði ekki unnin hjá sömu stofnun eins og gert hefur verið hérlendis, að því er fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu.

Lagt er til að Samkeppniseftirlitið fái skýrar lagaheimildir til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu.

Neytendastofa

Ný stofnun, Neytendastofa, verður sett á fót til að taka við þeim hluta verkefna Samkeppnistofnunar sem snýr að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og þeim verkefnum sem nú eru unnin hjá Löggildingarstofu. Gert er ráð fyrir að Samkeppnistofnun og Löggildingarstofa verði lagðar niður.

Neytendastofa mun hafa það að markmiði að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Þau verkefni sem koma til með að heyra undir hina nýju stofnun snerta öll hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti.

Talsmaður neytenda

Lagt er til að stofnað verði embætti talsmanns neytenda. Hlutverk hans yrði að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum, nánar tiltekið vera talsmaður neytenda.

Jafnframt verður starfrækt úrskurðarnefnd neytendamála. - sda

Íslenskir dómstólar hlíti úrskurðum EFTA

Í frumvörpum um breytingu á samkeppnislögum er ákvæði sem segir að íslenskir dómstólar verði að hlíta niðurstöðum Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum er varða Evrópska efnahagssvæðið. Iðnaðarráðherra segir það ekki brot á því ákvæði í stjórnarskrá er varði sjálfstæði dómstólanna.

ALÞINGI Þrjú frumvörp um breytingu á samkeppnislögum voru lögð fram á Alþingi í gær og mun Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mæla fyrir þeim á þriðjudag.

Þetta er helmingurinn af þeim frumvörpum sem lögð verða fyrir Alþingi í kjölfar vinnu nefndar um íslenskt viðskiptaumboð. Hin frumvörpin eru breytingar á hlutfélagalögum og einkahlutfélagalögum og eru enn í vinnslu.

Meðal þeirra tilskipana sem teknar hafa verið upp í lögnum er ákvæði sem segir að samkeppnisyfirlöðum á Íslandi, eða íslenskum dómstólum, sé ekki heimilt að taka ákvörðun sem gangi gegn ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur samþykkt. „Þetta þýðir að íslenskur dómstóll má ekki kveða upp úrskurð í samkeppnismáli sem er í andstöðu við niðurstöðu við ESA ef það varðar Evrópska efnahagssvæðið,“ segir Valgerður. „Við höfum látið fara fram mikla athugun á því hvort þetta ákvæði brjóti í bága við stjórnarskrána, en samkvæmt áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar gerir ákvæðið það ekki,“ segir hún.

„Róttækustu breytingarnar í frumvarpinu varða skipulag samkeppnisfyrivalda. Sjálfstæði stofnunarinnar eykst þannig að forstjóri hennar heyrir ekki beint undir ráðherra, eins og fyrirkomulagið er nú með forstjóra Samkeppnistofnunar. Einnig verður skerpt á neytendamálum,“ segir Valgerður.



VIÐSKIPTARÁÐHERRA LAGÐI FRAM FRUMVÖRP UM BREYTINGU Á SAMKEPPNISLÖGUM Í GÆR

Við smíði frumvarpanna kom fram nokkur gagnrýni um ákvæði í hinum nýju lögum sem gerir samkeppnisyfirlöðum mögulegt að hafa afskipti af skipulagi fyrirtækja þegar þau hafa brotið af sér ítrekað. Valgerður Sverrisdóttir segir gagnrýnina á misskilningi byggða.

Hún segir ekki síst síst mikilvægt að mjög auknu fjármagni verði úthlutað til samkeppnismála. Á þessu ári og næsta bætist 60 milljónir við þær 150 milljónir sem nú er úthlutað til þessa málaflökks. „Þetta sýnir vilja stjórnvalda til þess að auka svigrúm samkeppnisfyrivalda til að standa sig í þessu mjög mikilvæga starfi, sem er að fylgjast með markaðnum,“ segir Valgerður.

Við smíði frumvarpanna kom fram nokkur gagnrýni um ákvæði

í hinum nýju lögum sem gerir samkeppnisyfirlöðum mögulegt að hafa afskipti af skipulagi fyrirtækja þegar þau hafa brotið af sér ítrekað. Valgerður segir gagnrýnina á misskilningi byggða. „Sumir hafa talið að hægt væri að taka einhverjar handahófskenndar ákvarðanir um það að fara að skipta upp fyrirtæki, sem er alls ekki. Það er ekki fyrr en allar aðrar leiðir hafa í raun þrotið að til slíks yrði gripið. Mjög strangar reglur gilda um markaðsráðandi fyrir-

tæki. Þau mega ekki misnota markaðsráðandi stöðu en ef þau gera það ítrekað er þessi möguleiki fyrir hendi í lögum,“ segir Valgerður.

Hún bendir jafnframt á að ákvæðið sé í samræmi við það sem er innan Evrópusambandsins, í Noregi og hjá mörgum Evrópuríkjum. „Hins vegar bar okkur ekki skylda til að setja þetta ákvæði inn í íslensk lög en töldum rétt að gera það,“ segir hún.

sda@frettabladid.is

Veldu létt

... og mundu eftir ostinum!



Veðrið


HVASST FRAMAN AF DEGI

Hvasst norðaustan og austan til framan af degi og hætt við snörpum vindhviðum við fjöll á Suðausturlandi. Skaplegri vindur annars staðar en lægri þó víðast síðdegis. Urkomulítið í dag. Hiti við frostmark fyrir norðan og austan en hiti 1-5 stig syðra. Hlýnar enn frekar á morgun. **VEÐURHORFUR UM HELGINA** Ákveðnar vestlæggar áttir. Bjartviðri á austurhelmingi landsins en skýjað og súld eða rigning vestan til. Milt í veðri.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfraeðingur


Um hádegi í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C skýjað	Paris	2°C skýjað
Oslo	-9°C léttskýjað	Prag	-4°C skýjað
Stokkhólmur	-7°C léttskýjað	Amsterdam	0°C el
London	7°C skúrur	Varsjá	-2°C skýjað

Á morgun



Laugardagur



Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

**Mögnuð tilboð á nýjum vörum
HEFST Í DAG!**



3.- 6. mars

Kauphlaup
í Smáralind



Verlanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / www.smaralind.is

KOMDU OG TAKTU ÞÁTT Í ÁHLAUPI
50% afsláttur í 15 mínútur á dag!

Nánari upplýsingar um tímsetningu Áhlaupa í Kauphlaupsblaðinu



KJÖRKASSINN

Hefur þú orðið var/vör við verðstríð á matvælamarkaði?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	42,1%
Nei	57,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hleypa japönsk yfirvöld Bobby Fischer til Íslands?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



VERBLAGSMÁL Hlutfall matvöru í neysluútgjöldum heimilanna hefur farið hríðlækkandi síðustu áratugin.

Árið 1940 mældist það 43 prósent, 29 prósent árið 1968, árið 1995 mældist það 17 prósent og fyrir þremur árum tæp 16 prósent. Hlutfallið hefur trúlega lækkað enn frekar núna þó ekki séu til neinar tölur sem sýna það.

„Framleiðslukostnaður hefur lækkað gífurlega. Eins hefur samþjöppun á eignarhaldi verið gífurleg og flutningskostnaður hefur lækkað þannig að það eru margir þættir sem skýra lækk-

unina á hlutfalli matvöru í neyslu heimilanna,“ segir Henny Hinz hjá Verðlagseftirliti ASÍ.

„Vonandi skilar verðstríðið núna lægra matvöruverði til neytandans,“ segir hún og telur fyrst koma almennilega í ljós eftir nokkrar vikur eða mánuði.

Íslendingar og Norðmenn voru með annað hæsta matvöruverð á Evrópska efnahagssvæðinu árið 2003, um 47 prósentum hærra en meðaltalið fyrir




HENNY HINZ

Hlutfall matvöru í útgjöldum heimilanna hefur lækkað enda hefur framleiðslukostnaður og flutningskostnaður lækkað.

stækkun Evrópusambandsins til austurs. Aðeins Svisslendingar voru með herra matvöruverð. Danir komu næstir með 30 prósentum herra verð.

- ghs



HLUTFALL MATAR- OG DRYKKJARVÖRU í neysluútgjöldum heimilanna.

Álegg frá Holtakjúklingi



Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi. Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.



Reykjagarður hf

Færri sækja hjálp vegna nauðgana

Færri komu á neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi í fyrra en árin tvö þar á undan. Umsjónarmaður móttökunnar segir starfsfólkið hafa merkt að hópnauðgunum utandyra hafi fjölgað á tímabili.

NAUÐGANIR Alls komu 104 á neyðarmóttöku Landspítala – háskóla-sjúkrahúss og leituðu aðstoðar vegna nauðgunar á síðasta ári. Þar af voru tveir karlmenn.

Eyrún Björg Jónsdóttir, umsjónarhjúkrunarfræðingur Neyðarmóttökunnar, segir komur færri en árin tvö á undan, þegar þær hafi verið 119 hvort ár. Alls hafi 1.155 sótt til móttökunnar frá opnun hennar árið 1993 til síðustu áramóta. Yngsta fórnarlambið var 12 ára og það elsta 78 ára.

Eyrún segir erfitt að geta til um ástæðu fækkunarinnar en hugsanlega megi rekja hana til umræðu um skipulagsbreytingu, uppsagnir starfsfólks og flutning deildarinnar sem til stóð í fyrra en ekkert varð af.

„Við vitum ekki hvort öll þessi umræða við neyðarmóttökuna hefur orðið til þess að fólk hafi haldið að búið væri að leggja hana af á tímabili,“ segir Eyrún og bendir á að svo geti verið því neyðarmóttakan sé ekki mikið kynnt.

Eyrún segir starfsfólk neyðarmóttökunnar hafa merkt að fleiri stúlkum en áður hafi verið nauðgað utandyra. Slíkt hafi þær séð áður en ekki í eins miklum mæli. Gerendur hafi jafnvel verið fleiri en tveir eða



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

EYRÚN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Umsjónarhjúkrunarfræðingur neyðarmóttökunnar bendir á að sólarhringsþjónusta sé fyrir öll fórnarlömb kynferðisbrota, konur og karlmenn. Móttakan sé á slysa- og bráðamóttökunni í Fossvogi.

þrír. Stúlkur um fjórtán ára aldur hafi verið meðal fórnarlamba.

„Það er jafnvel við aðstæður sem manneskjur eiga ekki von á að ráðist sé á þær,“ segir Eyrún: „Okkur finnst óhugnanlegt að hugsa til þess að svona strákar, sem eru saman í hópi, dragi stúlku afsíðis, nauðgi og fari illa með. Þeir virðast ekki þola að vera hafnað þegar stúlkan hefur sagt þeim að láta sig vera og hún vilji ekki tala við þá og ákveða þá að ráðast á

hana,“ segir Eyrún. Þróunin virðist eins sé horft til nauðgana og annarra líkamsárása.

Eyrún segir starfsfólk deildarinnar stundum verða vart við svip að mynstur nauðgana í sögum fórnarlamba. Það geti þó ekki vitað hvort sami maðurinn sé á ferð. Grunsemdir hafi stundum vaknað en starfsfólkið geti aldrei staðfest slíkt enda rannsóknir mála í höndum lögreglunnar.

gag@frettabladid.is

KOMUR Á NEYÐARMÓTTÖKUNA

104	árið 2004
119	árið 2003
119	árið 2002
136	árið 2001

1.155 alls frá 1993 til ársloka 1994

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Japís heldur fram sakleysi sínu:

Kom ekki að bókhaldinu

DÓMSMÁL Fyrrverandi framkvæmdastjóri Japís neitaði í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að hafa átt þátt í ríflega 22 milljóna fjárdrætti í rekstri fyrirtækisins.

Framkvæmdastjórinn segist hvorki hafa komið að bókhaldi né daglegum fjármálum Japís þegar hann vann þar. Hann er ákærður ásamt Kristjáni Ra. Kristjánssyni, sem dæmdur var í tveggja ára fangelsi í héraðsdómi í fjárdráttarmáli Landssímans.

Félagi Kristjáns, Árni Þór Vigfússon, sem hlaut sams konar dóm í Landssímamálinu, neitaði aðild að fjórtán milljóna fjárdrætti í rekstri Kaffi Le og Ísafoldarhússins fyrir dómi í gær. Sá hluti ákærunnar er á hendur þeim fjórum sem komu að Landssímamálinu.

Fyrri hluti málsins var tekinn fyrir í byrjun febrúar. Kristján Ra. játaði þá að hafa ekki staðið skil á 19 milljónum af rekstri Lífsstíls og Planet Reykjavík. Svein-



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

AFTUR FYRIR DÓM

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Japís og Árni Þór Vigfússon, sem sést hér á mynd ásamt verjanda sínum Gesti Jónssyni, voru aftur fyrir dómi í gær og héldu fram sakleysi sínu.

björn bróðir hans játaði sinn hlut í sex milljóna fjárdrætti í Kaffi Le. Heildarupphæð ákærunnar nemur 47,5 milljónum.

Málið verður tekið fyrir í maí að loknu Landssímamálinu fyrir Hæstarétti.

- gag



Smá en kná

Impressa E85

Hentar vel fyrir vinnustaði og heimili • Einföld í notkun • Sjálfvirk mölun Stafrænt stjórnborð • Glæsileg hönnun • Áreiðanleg og endingargóð

Impressa E85 tryggir kröfuhörðum kaffiunnendum ljúffengt og ferskt kaffi í hvert sinn.

IMPRESSA
if you love coffee

Smásluauðilar: Verslunin Yndisauki, IDU v/Lækjargötu • Eirvík, Suðurlandsbraut 20 • A. Karlsson, Brautarholti 28 Dreifimaraðili: Karl K. Karlsson hf. Skútuvoði 5. sími 540 9000. Nánari upplýsingar á www.karlsson.is

SHISEIDO

Benefiance

Mjög þurr húð þarf mjög öfluga daglega umhirðu.

Þetta áhrifamikla krem gefur húðinni öfluga meðferð tvisvar á dag. Með kerfi sem varnar hrukkmyndun af völdum sólarinnar og blöndu sem eykur raka og byggir upp er dregið úr sýnilegum hrukkum og húðin verður mun sveigjanlegri. Innan einnar viku öðlast jafnvel þurrasta húð frábæran raka á ný.

Algjör munaður fyrir húðina.

Intensive Nourishing and Recovery Cream með sérstöku varnarkerfi gegn skaðlegum geislum sólarinnar.



Shiseido dagar í Hagkaupum Kringlu og Smáralind.

Ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira færð þú snyrtitösku með spegli að gjöf* sem inniheldur:

- Pure Retinol Instant Treatment Eye Mask „NÝJAN“ augnmaska með hreinu retinol
- Shiseido Benefiance krem að eigin vali 10ml
- Shiseido MEN Cleansing Foam 7ml
- Shiseido MEN Moisturizing Emulsion 7ml

*Meðan birgðir endast

Gildir til 6. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

1 Hvers vegna komast ferðalangar með meira magn matvæla til landsins en lög heimila?

2 Hvaða tvö tungumál talaði páfi við kardinála á fundi þeirra í fyrradag?

3 Við hverja spilar karlalandsliðið æfingaleik í fótbolta 30. mars?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Félag íslenskra náttúrufræðinga: Óttast að stéttarfélagin hverfi

KJARAMÁL Félag íslenskra náttúrufræðinga er eina félagið sem stendur fyrir utan kjarasamning ríkisins og annarra aðildarfélaga BHM. Ína B. Hjálmarasdóttir, formaður félagsins, telur að meiri tíma þurfi til að hanna nýtt launakerfi. Náttúrufræðingar hafi því ákveðið að standa fyrir utan samflot hinna félaganna.

Ekki hefur verið rætt nægilega um það hvað einn stofnana-samningur hefur á stéttarfélagin, að mati náttúrufræðinga. „Stofnana-samningurinn breytir samningsumhverfinu. Í stað þess að hvert stéttarfélag semji fyrir sig þá semja þau öll saman.



Stéttarfélagin hugsanlega hverfa og í staðinn koma stofnanafélag. Ekki hefur verið tími til að skoða hvort það sé kostur eða galli. En við óttumst að baráttan, sem við höfum átt við yfirmenn stofnana, verði núna á milli stéttarféлага,“ segir Ína.

Samninganevndirnar hafa ekki hist eftir að önnur BHM-félag náðu samkomulagi við ríkið.

- ghs

ÍNA B. HJÁLMARSDÓTTIR

Formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga. Náttúrufræðingar hafa áhyggjur af því hvaða áhrif stofnana-samningur hefur á samningsumhverfið.

Dæmd refsing: Hótaði lögmanni

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær mann til tveggja mánaða fangelsisvistar eftir að sannað þótti að maðurinn hefði haft í hótunum við hæstaréttarlögmann.

Hafði viðkomandi sent lögmanninum bréf þar sem fram komu ýmsar hótanir og þótti dómnum sýnt að með bréfinu hefði maðurinn gerst brotlegur við almenn hegningarlög enda orðalag bréfsins til þess fallið að vekja ótta viðtakanda um líf sitt og velferð. Refsingu yfir manninn var þó frestað og fellur hún niður haldi viðkomandi skilorð næstu þrjú árin. ■

Var snúið til baka

Sæmundur Pálsson fékk ekki að hitta Fischer í gær af öryggisástæðum. Ekki er vitað af hverju stafaði ógn. Von er á þriggja manna íslenskrri sendinefnd til Japans í dag. Hún ætlar að halda blaðamannafund á morgun.

JAPANSFÖR Sæmundur Pálsson og Miyoko Watai, unnusta Bobby Fischer, fengu í gær ekki að hitta hann í innflytjendabúðunum þar sem Fischer er haldið.

Sæmundur sagði í samtali við Fréttablaðið að þau hafi einungis fengið þær upplýsingar að af öryggisástæðum væri ekki hægt að heimsækja Fischer. Þau héldu að mögulega væri skýringin sú að sjónvarpstökulið var með í för en þó væri ekki hægt að segja það með vissu.

„Það var auðvitað leiðinlegt að geta ekki fengið að hitta hann. Sérstaklega vitandi það að hann talaði við kærustu sína kvöldið áður og hún sagði mér að hann væri mjög spennur fyrir því að sjá mig.“

Fyrr um morguninn hafði Sæmundur hitt Þórð Egi Óskarsson, sendiherra Íslands í Japan. Sæmundur segir að Þórður hafi rætt við Fischer í síma og viti um óþolinmæði Fischers gagnvart því að málið leysist. Þórður Ægir hafi hins vegar ekki rætt um að hitta Fischer. Eitt af því sem Sæmundur ræddi við sendiherrann var hvort ekki væri hægt að afhenda lögmanni Fischers vegabréfið, í stað þess að afhenda honum það persónulega. „Það er mín ósk og



FRÉTTABLAÐIÐ/FRÉTTUR

SÆMUNDUR PÁLSSON

Sæmundur hitti Þórð Egi Óskarsson, sendiherra Íslands í Japan, í gær. Sæmundur vonar að hægt verði að afhenda lögmanni Fischers vegabréf hans.

von til þess að pattstaðan leysist. Hann þarf vegabréf og dvalarleyfi til að losna úr innflytjendabúðunum, en þarf hins vegar að losna þaðan til að sækja vegabréfið og dvalarleyfið. Það gengur auðvitað ekki upp. Ég var mjög bjartsýnn á laus þessa máls eftir að ég ræddi við Davíð Oddsson á föstudag, en hann gat engu lofað mér.“

Í utanríkisráðuneytinu er lítið svo á að með boði sínu og útgáfu vegabréfs hafi verið nóg gert fyrir Fischer. Málið sé japanskt innan-

ríkismál og því ekki við hæfi að stjórnmöld beiti sér formlega.

Sendinefnd á vegum stuðningsmanna Fischers hélt til Japan á þriðjudag og er von á þeim í dag. Hana skipa, auk Sæmundar Pálssonar, Garðar Sverrisson, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalags Íslands, Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur og Einar S. Einarrson, fyrrverandi forstjóri VISA. Mun sendinefndin halda blaðamannafund í Japan á morgun.

svanborg@frettabladid.is

Margfaldaðu punktana þína
x3

FERÐAÚTVARP

Með 40 stöðva minni, sjálfvirkri stöðvaleitun og vekjara.

Verð miðað við 1500 punkta.*

0 kr.

Verðgildi punkta: x3

*Tilboð gildir til 31. mars 2005 eða á meðan bíggir endast.

Safnkort
Punktaðu það hjá þér!

**Honey Nut
Cheerios**

Fyrir okkur hin

Honey Nut Cheerios er fyrir okkur sem viljum morgunkorn sem gefur náttúrulegan sætleika og er jafnframt fullt af hollum trefjum og vítamínunum.



ELDSNEYTI

Búast má við hækkunum í dag hjá Atlantsolíu og Orkuni.

Atlantsolía og Orkan:

Verðhækkun liggur í loftinu

BENSÍNVERÐ Verðhækkun liggur í loftinu hjá Atlantsolíu og Bensínorkunni, að sögn talsmanna fyrirtækjanna í gær. Má allt eins gera ráð fyrir að eldsneytisverð hjá þeim hækki í dag.

Í gær var algengasta verð á 95 oktana í sjálfsafgreiðslu 101,20 krónur á lítrann hjá stóru olíufélögum premur. Á eftir fylgdi Express með 99,80 og ÓB og Egó með 99,70. Loks komu Atlantsolía með 97,20 á lítrann og Orkan með 97,10.

„Það er þörf á hækkun,“ sagði Gunnar Skaptason hjá Orkuni í

gær, en kvaðst ekki munu hreyfa sig fyrr en aðrir hefðu hækkað. Orkan væri lægst og myndi vera það áfram.

„Okkur er að takast að bíða með verðbreytingar þar til vísitala neysliverðs hefur verið reiknuð úr sem þýðir að lán fólks lækka minna en ella,“ sagði Hugi Hreiðarsson hjá Atlantsolíu. Hann vísaði til mikilla hækkana á mörkuðum í Evrópu að undanförunu og sagði allt eins líklegt að Atlantsolía myndi hækka eldsneytisverð í dag.

- jss

HiveLite

Práðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ
BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST
INTERNET MEÐ HRAÐARI
TENGINU OG MEIRA
NIÐURHALI EN HINIR
Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*


*M.v. 12 mánaða samning.

AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





SIR GATES

Bandaríski Microsoft-milljarðamæringurinn Bill Gates og eiginkona hans Belinda brosa sínu breiðasta í votu Lundúnaveðrinu í gær, eftir að hann veitti heiðursridaranafnbót viðtöku úr hendi Elísabetar Englandsdrottningar í Buckingham-höll. Gates verður þó ekki heimilt að titla sig „Sir“ þar sem hann er ekki breskur þegn. Heiðursviðurkenninguna hlaut hann fyrir góðgerðargjafir sínar í Samveldislöndunum.

Miltisbrandssvæðið á Sjónarhóli: Ráðuneytið krefst girðingar strax

MILTISBRANDUR Landbúnaðarráðuneytið hefur fyrirskipað að þegar skuli gengið í að girða af miltisbrandssýkta svæðið að Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd. Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir hefur vikum saman reynt, án árangurs, að ná samningum við landeigendur um legu girðingarinnar svo viðunandi sé. Samningaleiðin þykir nú fullreynd.

Þrjú hross drápuast af miltisbrandssýkingu á Sjónarhóli í byrjun desember og lóga varð því fjórða. Samkvæmt tilskipun landbúnaðarráðuneytisins átti að girða hólfíð sem hestarnir voru í af fyrir jól. Ráðuneytið greiddi



NÚ VERÐUR GIRT

Landbúnaðarráðuneytið hefur fyrirskipað að nú skuli girt af miltisbrandssvæðið á Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd eftir að út-séð þykir um að samningar náist.

fyrir efni og vinnu. Landeigendur voru ósáttir við legu girðingarinnar. Verktaki hóf itrekað vinnu við hana en var nær jafnharðan stöðvaður aftur.

„Það verður nú girt eins og upprunalega var skipulagt um þetta beitarhólf sem hestarnir voru í,“ sagði Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. „Þetta hefur dregist of lengi meðan verið var að reyna að ná samkomulagi við alla hlutaðeigandi. Að vísu er bann við lausagöngu búfjár í hreppnum, en nú geta farið að slæðast einhverjar skepnur um þegar tekur að vora.“

- jss

Slysabætur: VÍS sýknað af bótakröfu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Vátryggingafélag Íslands í gær af kröfum ungrar konu sem stefnt hafði fyrirtækinu. Henni þóttu bætur þær sem hún hlaut vegna slyss ekki nægjanlegar.

Konan var atvinnulaus þegar slysið átti sér stað og voru henni greiddar bætur miðað við lágmarkslaun samkvæmt skaðabótalögum en konan taldi að miða ætti við meðaltækjur sjúkraliða enda var fordæmi fyrir því í öðru máli sem fór alla leið fyrir Hæstarétt. Félst dómurinn ekki á þau rök og var kveðinn upp sýknudómur. ■

Kremlverjar: Leynilegir ungliðar

RÚSSLAND Ráðamenn í Kreml eru sagðir skipuleggja nýja ungliðahreyfingu sem á að tryggja að ekki geti komið til svipaðrar byltingar og varð í Úkraínu síðastliðið haust. Breska dagblaðið The Independent hermír að Vladislav Surkov, náninn samstarfsmaður Vladímirs Pútín, sé guðfaðir hennar.

Hreyfingin, sem nefnist Nashi, er enn mjög leynileg en leiðtogar hennar ætla henni mikilvægt hlutverk í forsetakosningunum í Rússlandi sem ráðgerðar eru árið 2008. Þá eiga 300.000 manns að skipa samtökin og verja völd Pútíns með öllum tiltækum ráðum. ■



VLADÍMIR PÚTÍN

Ungmennaaftökum hætt

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að stjórnarskrárákvæði heimili ekki dauðarefsingu fyrir glæpi framda á unglingsaldri. Mannréttindasamtök fagna.

WASHINGTON, AP. Mannréttindasamtök fögnuðu í gær eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði á þriðjudag að banna bæri dauðarefsingar á ungmennum sem fremja alvarlega glæpi innan átján ára aldurs.

Rétturinn var klofinn í málinu, fimm dómarmar gegn fjórum, en niðurstaða meirihlutans var að dauðarefsingar ungmenna stríðu gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um bann við „harkalegum og óvenjulegum refsingum“.

Með úrskurðinum er bundinn endir á dómaframkvæmd í Bandaríkjunum sem lengi hefur sætt harðri alþjóðlegri gagnrýni.

„Nú geta Bandaríkin með stolti afmáð nafn sitt af hinum neyðarlega lista yfir mannréttindabryjótá – þar á meðal eru ríki eins og Kína, Íran og Pakistan – sem enn framfylgja dauðadómum yfir afbrotungmennum,“ hefur fréttavefur BBC eftir William Schultz, framkvæmdastjóra Bandaríkjaeildar Amnesty International.

Úrskurðurinn féll með atkvæðum fimm dómara gegn fjórum og sneri við fyrri úrskurði frá árinu 1989. Með úrskurðinum eru ógiltir dauðadómur 72 morðingja, en þeir eiga allir sameiginlegt að hafa drýgt glæpi sína á unglingsaldri. Eftirleiðis verður sak-



CANNON



HARRIS



PINKERTON




RUMBAUGH



CANTU



MITCHELL



GARRETT



CARTER

TEKNIR AF LÍFI

Þessir átta menn eru meðal þeirra sem teknir hafa verið af lífi í Texas fyrir glæpi framda á unglingsaldri. Brot sín frömdu þessir menn er þeir voru sextán og sautján ára.

sóknurum um öll Bandaríkin óheimilt að fara fram á dauðadóm yfir ungmennum.

Nítján af 50 ríkjum Bandaríkjanna voru enn með lög í gildi sem heimiluðu dauðadóma yfir fólki sem varð mansbani innan við átján ára að aldri.

Anthony Kennedy dómari, sem skrifar undir meirihlutaálit Hæstaréttar, segir að ungmenni skorti þroska til að skilja til fullnustu alvöru gerða sinna. Seth

Waxman, verjandi Christophers Simmons, sem var dæmdur fyrir að verða nágrannakonu sinni að bana þegar hann var 17 ára, sagði dauðarefsingu ekki hafa neina fælandi verkun á ungmenni, þar sem þau mætu áhættu með öðrum hætti en fullþroska einstaklingar.

Árið 1988 hafði rétturinn úrskurðað að dauðarefsingar skyldu ekki heimilær yfir fólki sem drýgði glæpi sína 15 ára eða yngra. ■

Borgarfulltrúi vill endurmeta niðurrif húsa:

R-listinn sveik loforð

REYKJAVÍK Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista, segir R-lista hafa rofið heiðursmannasamkomulag um endurskoðun á ákvörðun um niðurrif gamalla húsa við Laugaveg.

Að sögn Ólafs hefur borgarstjóri frestað tillögu hans um myndun nýs hóps til að endurmeta störf fyrri hóps um niðurrif gamalla húsa við Laugaveg. Hann segir hugmyndir gamla starfshópsins alltof róttækar. „Það voru gefin út skotveiðileyfi á nokkuð á þriðja tug húsa og lagt til að níu til viðbótar skyldu víkja. Allt eru þetta hús sem standa við götuna

og voru byggð fyrir 1918. Svo virðist sem eldri hús eigi að rífa og þau yngri fái að standa,“ segir Ólafur og hvarmar það menningarsögulega slyss sem hann telur að niðurrif húsa muni valda.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsnefndar R-listans, segir Ólaf fátækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri á fundi skipulagsnefndar í næstu viku. Hann segir málið krefjast ítarlegrar umræðu og áratugi taki að byggja miðbæinn upp svo að vel verði.

- jab



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Borgarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra segir R-lista hafa rofið heiðursmannasamkomulag.



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2005 OG LAUNAKÖNNUN VR

Þú græðir á því að svara!

Val á fyrirtæki ársins eykur metnað stjórnenda og bætur aðstæður fólks á vinnumarkaði. Launakönnun VR gefur raunhæfa mynd af launum fólks í þinni grein og auðveldar þér að fá eðlileg laun fyrir þitt vinnuframlag. **Við hvetjum þig til að svara könnuninni!**

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar
eflir
þitt starf

VR



LEIGUBÍLAR

Fjórir menn sem óku leigubílum í aukavinnu hafa verið reknir eftir að upp komst að þeir keyrðu farþega á röngum og dýrari töxtum. Myndin tengist þeim ekki.

Óku farþegum sínum vísvitandi á vitlausum taxa:

Reknir samstundis

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn sem óku leigubílum í umboði eigendanna voru reknir úr starfi eftir að upp komst að þeir keyrðu farþega vísvitandi á röngum taxa að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Framkvæmdastjórnar tveggja stórra leigubílastöðva vilja lítið tjá sig um málið.

Vitað er að fjórmenningarnir stunduðu þessa iðjum um hríð, í mismiklum mæli. Um leið og upp komst var þeim sagt upp og fá þeir ekki aftur að aka leigubíla.

Heimildir blaðsins herma að þrír þessara manna hafi starfað hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur, BSR, en framkvæmdastjórinn

Guðmundur Börkur Thorarensen fullyrðir að engin slík mál hafi komið upp. Hann viðurkennir hins vegar að stöðin noti ekki tölvukerfi og því erfiðleikum bundið að staðfesta slíkt.

Öðru máli gegnir um bílstjóra hjá Hreyfli en þar eru allar færslur og breytingar bílstjóra á mælum sínum skráðar jafnóðum í tölvukerfi. Framkvæmdastjóri þess fyrirtækis, Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, segir að slíkt mál hafi ekki komið á sitt borð en segir skemmd epli inn á milli í leigubifreiðaaakstri eins og annars staðar, en í heildina sé stétin öll afar vönd að virðingu sinni. - aæ



MARÍA Í HEIMAHÖGUM

Það skorti greinilega ekki góða skipið er dönsku ríkiserfðahjónin María og Friðrik sátu góðgerðarkvöldverð ástralska Rauða krossins í Sydney í gærkvöld. María er nú í fyrstu opinberu heimsókninni í heimalandi sínu eftir brúðkaup þeirra Friðriks prins í Kaupmannahöfn í maí í fyrra.

Lóða- og fasteignaverð:

Umræðum var frestað

BORGARSTJÓRN Umræðu um hækkun á lóða- og fasteignaverði í Reykjavík var frestað á fundi borgarstjórnar á þriðjudag.

Eftir að umræðu lauk um tvo liði af sex í áður auglýstri dagskrá var samþykkt að ljúka fundi, enda langt liðið á kvöld eftir langa umræðu um sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Einnig var umræðum um fundargerðir ýmissa ráða borgarinnar frestað.

Meðal þess sem borgarstjórn átti að staðfesta var að Selásblettur 2a og 3a yrðu teknir eignarnámi. ■



FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSSINS Fulltrúar Þórs og KB banka skrifa undir stærsta styrktarsamning sem Þór hefur gert.

Styrktarsamningur:

KB banki styrkir Þór

ÍPRÓTTASTYRKIR KB banki og Íþróttafélagið Þór á Akureyri hafa gert með sér styrktar- og samstarfssamning til næstu fjögurra ára. Heildarfjárhæð samningsins er trúnaðarmál en um er að ræða stærsta styrktarsamning sem Þór hefur gert frá upphafi.

Í samningnum felst að á árunum 2005 til 2008 verður KB banki einn af aðalstyrktaraðilum Íþróttafélagsins Þórs og aðalstyrktaraðili allra yngri flokka Þórs í knattspyrnu, handbolta og körfuknattleik.

Þá verður KB banki aðalstyrktaraðili Pollamóts Þórs næstu fjögur árin og mun gefa verðlaunagripa til nokkurra móta sem félagið gengst fyrir. - kk

ASÍA

KOSNINGAR Í KIRGISISTAN Þingkosningar fóru fram í Kirgisistan á sunnudaginn en alþjóðlegir eftirlitsmenn segja að framkvæmd þeirra hafi verið verulega ábótavant. Stjórnarandstaðan í landinu hefur hvatt Bandaríkin og Rússland til að beita kirgísk stjórnvöld þrýstingi með því að stöðva fjárhagsaðstoð við þau.

STJÓRN MÁLAMENN Á NÝJUM

VETTvangi Framámenn í Þjóðarflokki hindúa sem tapaði völdum í kosningunum í Indlandi á síðasta ári hafa fundið sér nýjan starfa. Þeir kynna nú náttúru-lækningavörur unnar úr kúahlendi og hyggja á landvinninga með vörur sínar.

VINNU- BÍLA- BRJÁLÆÐI Í SMÁRALIND



Nú er síðasta tækifærið
þitt að brjálást í Smáralind því
Bílabrjálæðinu lýkur á
laugardaginn. Ótrúlegt úrval af
öllum gerðum af bílum.

Opið frá kl. 10-18

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum



24
stundir

HVAD ER AÐ FRÉTTA? ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR

Langar til Frílands í hálf t ár

„Ég er að spá í að taka landabréfabók, finna þar land sem heitir Frí og dveljast þar í hálf t ár eða svo,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur þegar blaðamaður trúflar hana í þungum þönkum og spyr hvað sé títt. „Ég er vinnubjarkur, búin að gefa út fjórar bækur á síðustu tveimur árum og skrifa fimm leikrit. Þá er kannski ágætt að komast í frí. Kannski nota ég fríið til að skrifa meira,“ segir Elísabet, sem biður eftir svári frá Tinnu Guðlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra um hvort hún vilji kaupa af sér leikrit. „Ef hún gerir það fer ég kannski til Frílands.“ Elísabet fór á fyrirlestur á þriðjudagskvöld um þýska rithöfundinn Elfriede Jelinek, sem hlaut Nóbelsverðlaunin



fyrir bókmenntir á dögunum. Elísabetu finnst hún spennandi. „Ég er reyndar ekki búin að lesa neitt eftir hana, en hún virkar sem ögrandi höfundur sem fer eigin leiðir. Mér skilst að hún sé búin að útmá persónur úr leikritum sínum. Það er merkilegt.“ Á milli þess sem Elísabet skrifar bækur les hún bækur. „Ég var að lesa bók sem heitir *How the Irish Saved Civilization* sem fjallar um hvernig Írar afrituðu allar bækurnar sem brunnu með Rómaborg. Þannig björguðu þeir ómetanlegum menningarverðmætum á borð við Hómerskvíðu. Ég er hrifin af sagnfræði en er alæta hvað lesefni varðar, enda svo forvitin að upplagi.“

SVONA ERUM VIÐ



79 skólastjórar grunnskóla eru konur.
102 karlar eru skólastjórar.

HEIMILD: HAGSTOFAN

SJÓNARHÓLL
BREYTINGAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSI

HILMA GUNNARSDÓTTIR

Tinna sýndi klókindi

„Ég held að þetta séu farsæl málalok. Af hverju ættu vel launaðir Spaugstofumenn eða eldri leikarar sem leika lítið að vera fastráðnir á kostnað yngri leikara sem halda leikhúsinu uppi?“ segir Hilma Gunnarsdóttir, meistaranemi í sagnfræði, um þær breytingar sem átt hafa sér stað í Þjóðleikhúsinu. Tinna Gunnlaugsdóttir tilkynnti fyrir helgi að tíu leikurum sem hefðu stýstan starfsaldur við leikhúsið yrði sagt upp. Þá bað hún fastráðna leikara sem vildu helga sig Þjóðleikhúsinu að losa samninga sína annars staðar. Í kjölfarið sögðu sjö leikarar upp af sjálfsváðum en þremur leikurum var sagt upp. Hilma telur Tinnu Gunnlaugsdóttur hafa staðið sig vel í þessu máli; hún hafi sýnt klókindi sem urðu til þess að leikarar sem mega frekar við því að vera án fastráðningar sögðu upp. „En eftir sem áður finnst mér vafasamt að segja fólki upp á grundvelli starfsaldurs, sérstaklega ef um er að ræða leikara sem eru í burðarhlutverkum og laða að sér áhorfendur.“

Allir finna meðbyr

Vika er í rektorskjör í Háskóla Íslands. Próffessorarnir fjórir sem eru í framboði finna allir fyrir stuðningi og meðbyr. Þeim ber saman um að kosningabaráttan hafi farið fram í bróðerni og að umræður hafi verið málefnalegar. Nýr rektor tekur við embætti fyrsta júlí.

Það lá ljómandi vel á fjórmenn-ingunum þegar slegið var á þráðinn til þeirra í gær. Allir hafa þeir mikið að gera – meira en vanalega – því tímaflek kosningabaráttan bætist við hefðbundnar skyldur við kennslu og rannsóknir.

Ágúst Einarsson, Einar Stefánsson, Jón Torfi Jónasson og Kristín Ingólfsdóttir eru sammála um að kosningabaráttan sé skemmtileg. Þau eru líka sammála um að málefnaleg umræða um stöðu og framtíð Háskóla Íslands hafi farið fram og Einar Stefánsson segir umræðuna gagnast skólunum, sama hver úrslit kosninganna verða. „Við höfum átt ágæta og þarfa umræðu um framtíð skólans og ég held ég megi segja að hvert okkar sem verður nú ofan á muni njóta þess að hafa átt þessi samtöl. Þetta er í raun stefnumótunarumræða fyrir skólann.“

Flestum ber þeim saman um að talsverður áhugi sé á rektorskosningunum innan Háskólasamfélagsins en rétt innan við tíu þús-

und



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Frambjóðendum til embættis rektors ber saman um kosningabaráttan hafi bæði verið drengileg og skemmtileg. Vika er í kosningar.

manns eru á kjörskrá. Eins og gengur með kosningar almennt er þó misjafnt hversu brennandi áhuginn er. „Ég finn fyrir miklum

áhuga, bæði á kjörinu sjálfu og ekki síður á umræðunum um málefni Háskólans, sem er mikilsvert,“ segir Jón Torfi Jónasson og

Ágúst Einarsson tekur í svipaðan streng. „Það er heilmikill áhugi og ýmis áhugaverð mál hafa komið upp,“ segir hann.

Upplýsingar um rektorsefni:
www.hi.is/page/rektorsefni2005

Í FRAMBOÐI



Ágúst Einarsson
Próffessor í rekstrarhagfræði



Einar Stefánsson
Próffessor í augnlæknisfræði



Kristín Ingólfsdóttir
Próffessor við lyfjafraeideild



Jón Torfi Jónasson
Próffessor í uppeldis- og menntunarfræði

Ofurmenni til sjós og lands

Menntun og þekking á grundvallaratriðum margra iðn- og tæknigreina gerir vélstjóran einstakan á sínu sviði.

Vélstjórum eru margar leiðir færar á vinnumarkaði sem og í framhaldsnámi á háskólastigi. Vélstjórnarmenntun er góð blanda af tækni- og verknámi sem spannar svo breytt svið að sumir hafa kallað vélstjóra ofuríðnaðarmenn, því þeir búa yfir breiðri þekkingu á vélfræðigreinum, rafmagnsfræði, kæli-, stýri- og stillitækni.

Aðalsmerki vélstjóra er:

Breið tæknimenntun, reynsla af lausn fjölbreyttra vandamála og skjót ákvarðanatáka. Ekki amalegt veganesti á vinnumarkaði! Kynntu þér málið: www.velstjori.is

Vélstjórnarmenntun
gefur forskot
á vinnumarkaðnum!



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Gjá í póstnúmerakerfinu sem ekki verður brúuð:

102 og 106 ónotuð póstnúmer

Í annars þétttriðnu póstnúmeraneti Íslandspósts í Reykjavík eru tvö göt sem stinga í augu þegar póstnúmeralisti borgarinnar er skoðaður. Númerin 102 og 106 eru ónotuð. Hið fyrra að mestu leyti og hið síðara með öllu.

Sú var tíðin að póstnúmerið 106 var notað um pósthúsið sem var í Umferðarmiðstöðinni í Vatnsmýrinni. Náði það aðeins til pósthússins en ekki nærliggjandi húsa, til dæmis bílasalanna sem stóðu þar skammt frá. Þau tilheyrðu 101 og segir Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Íslandspósti, að byggist Vatnsmýr-in frekar upp muni ný byggð til-

heyra því rómaða póstnúmeri. Eftir að póstafræiðslu var hætt í Umferðarmiðstöðinni hefur 106 legið óhreyft.

Póstnúmerið 102 tilheyrir Póstmiðstöðinni að Stórhöfða og er notað til að flokka póst til útlanda. Það er því aðeins innanhússkerfi og aldrei þurfa bréfritarar að skrifa þetta annars ágæta póstnúmer utan á bréf eða böggla.

Póstnúmerakerfið í Reykjavík hefur byggst upp í takt við útbenslu borgarinnar. Nýjasta númerið er 113 en það nær yfir Grafarholtið og mun teygja sig yfir í Norðlingaholt. Hörður hjá

Íslandspósti á ekki von á að næstu númer fyrir ofan, það er 114 og 115, verði tekin í gagnid í fyrirjábanlegri framtíð. En enginn veit sína ævi fyrir en öll er.

103 er líka nýlegt, en það var númer pósthússins í Kringlunni sem raunar heyrir sögunni til. Númerið lifir áfram og nær til nærliggjandi hverfa.

Hæsta hefðbundna póstnúmerið í Reykjavík er 116 sem er númer Kjalarness. Númerin frá 121 til 132 tilheyra pósthólfum pósthúsanna. 150 og 155 eru svo sérstök númer fyrirtækja og stofnana.

- bps



Öll hafa þau fjögur starfað lengi innan veggja Háskólans og þekkja þar flesta króka og kima. Kristín Ingólfssdóttir segir að engu að síður hafi fundahöld og samtöl við nemendur og kennara upp á sífokastið komið sér til góða. „Ég hef séð stofnunina í nýju ljósi og með heimsóknum í deildir og viðtölum við starfsfólk, kennara og nemendur hef ég sannfærst enn betur en áður um hve mögnuð stofnunin er.“

Ágúst Einarsson hefur háð kosningabaráttu á pólitiska sviðinu þar sem harkan ríður oft hús-um. Hann segir þetta tvennt ólíkt. „Þetta er ekki sambærilegt við stjórnmálakosningabaráttu. Þetta er allt á kurteislegum nótum og mun málefnalega.“ Hann bætir þó við að engu að síður sé tekist á. Og það er skiljanlegt, eftir nokkru er jú að slægjast; æðsta embætti þeirrar stofnunar sem án efa er æðst á sviði mennta og fræðslu á Íslandi.

Þegar aðeins sjö dagar eru þar til kjörið fer fram meta allir frambjóðendurnir stöðu sína sterka. „Ég finn góða strauma og meðbyr en það er auðvitað ekki á vísan að róa,“ segir Ágúst.

„Ég finn mikinn stuðning og meðbyr og er þakklát fyrir það,“ segir Kristín.

„Mér finnst ég hafa mikinn stuðning vísindasamfélagsins í skólanum, þeirra sem leggja áherslu á vísindi og akademískan metnað,“ segir Einar.

„Ég finn fyrir stuðningi og meðbyr og það berast góðir straumar til mín,“ segir Jón Torfi.

Kosið er fimmtudaginn 10. mars og eru 9.845 á kjörskrá. Vægi atkvæða er misjafnt eftir stöðu fólks við Háskólann. Hljóti enginn frambjóðendanna meiri hluta atkvæða verður kosið á milli tveggja efstu fimmtudaginn 17. mars.

bjorn@frettabladid.is



SPEGLABORG

Sólin baðaði Walt Disney-tónleikahöllina í Los Angeles í gær. Húsið er nokkurs konar risaspjall og þarf sjálfsgott þó nokkurt magn af rúðhreinsi til að þrifa það.

MAGNAÐ TÆKIFÆRI

ALITAF ÓDYRARI



Verð áður: 19.900
10.900

Þú sparar 9.000

Brother T94 Faxtæki



Verð áður: 34.900
15.900

Þú sparar 19.000

Brother 4020 Prentari, skanni og ljósritunarvél



Verð áður: 1.699
899

Límmitavél. X150 Þú býrð til þína eigin límmita! Tveir litir



Verð áður: 1.690
790

PC LEIKUR FYLGIR MED

Maxell CD diskar 20 stk í hulstri



Verð áður: 790
599

Pennasett, Kúlupenni og skrúfblýantur



Verð áður: 3.390
1.699

Límmitavél. X250 Þú býrð til þína eigin límmita!



2 FYRIR 990

Kodak Bleksprautupappír glans 10x15



Verð áður: 169
99


Stílabók, A4, línustrikuð

Tilboðin gjalda til og með 9. mars eða á meðan birgðir endast.



Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d Opið virka daga 10-18
Sími 533 1010 Laugardaga 10-14



Allt í svefni

Nýjar textíll



LYDIA gardínur
145x300 sm

990,-



LINGO BLOMMA
kassar 2 stk. 55x43x18

650,-



MALOU teppi
150x240 sm

1.990,-



290,-

LINGARO
skermur 18 sm

390,-

YNKA borðlampafötur
30 sm




1.990,-

MALOU sængurföt
150x200/50x60 sm




MALOU



490,-

LYDIA púði
40x15 sm



990,-

MALOU motta
Ø65 sm



990,-

MALOU BLOM sængurföt
150x200/50x60sm



1.490,-

MALOU RAND motta
50x130 sm

Herbergið

Stílvörur



890,-

MALOU RAND
handklæði
79x140 sm



295,-

MALOU koddaver
65x65 sm



790,-

VÄRD
veggljós



195,-

GOSA MINI koddur
50x60 sm



790,-

LYDIA RAND púði
30x40 sm



790,-

MYSA LATT sæng
150x200 sm

18.990,-

U sængurföt 150x200/50x60 sm ljósbleik
í rúmgrind eik 160 sm **18.900,-**



2.990,-

MALOU FJARL sængurföt
150x200/50x60 sm



490,-

MALOU RAND
handklæði
50x100 sm



1.490,-

LYDIA FJARIL gardínur
145x175 sm



5.990,-

LILLEHAMMER
rúmgrind 90 sm birki
FÄNGEBO
svampdýna **14.900,-**



9.900,-

ANEBODA fataskápur
81x50x180 sm

Kjúklingabringa
og meðlæti



490,-

IKEA Restaurant



FBL GREINING: SALA LANDSVIRKJUNAR

Orkuveita fyrir lífeyri

Viljayfirlýsing um sölu á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á hlut sínum í Landsvirkjun til ríkisins var undirrituð af Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Steinunni Valdís Óskarsdóttur borgarstjóra og Kristjáni Þór Júlíusyni, bæjarstjóra á Akureyri, þann 17. febrúar. Í henni kemur fram að sátt sé um að skipuð verði samninganefnd til að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, ekki síst í ljósi nýrra raforkulaga sem feli í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Það þýðir að Landsvirkjun er þegar komin í samkeppni við Orkuveitu Reykjavíkur fyrir stærri orku-

notendur og samkeppni til einstaklinga og smærri notenda hefst um næstu áramót. Með þessum lögum munu þá tvö fyrirtæki, sem Reykjavíkurborg á stóran hluta eða meirihlutaeign í, hefja samkeppni.

Í yfirlýsingunni kemur fram að greiðslur verði inntar af hendi á löngum tíma, og muni mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna. Þessa dagana er verið að uppfæra áætlaðar lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar og því er ekki ljóst hver greiðsla ríkisins gæti orðið fyrir hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Fyrirsjáanlegt er þó að lífeyrisskuldbindingar borgarinnar gætu eftir nokkur ár numið um 2,5 milljörðum á ári.

Eitt af því sem fólk hefur undrast er að ábyrgðir vegna lána Landsvirkjunnar verði eftir hjá sveitarfélögum, þrátt fyrir að þau selji hlut sinn. Fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn segjast þó vonast til að þar sem ríkið verði þá aðaleigandi orkufyrirtækisins muni lán ekki falla á Reykjavíkurborg eða Akureyrarbæ. Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að ganga frá sölnunni fyrir áramót, þar sem mesti framkvæmdaþunginn vegna Kárahnjúkavirkjunar verði á næsta ári, sem muni líklega kalla á nýjar lántök. Ef af sölnunni verður fyrir áramót mun ábyrgð þeirra lána ekki falla á sveitarfélögin.



SPURT & SVARAÐ LAUSRÁÐNING LEIKARA



PÁLMI GESTSSON

Meira frelsi

Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri boðaði breytingar á samningum fastráðinna leikara á sunnudag. Í kjölfarið sögðu sjö leikarar samningum sínum lausum. Pálmi Gestsson var einn þeirra.

Hvernig er tilfinningin?

Ég veit það ekki almennilega. Ég hef verið fastráðinn við Þjóðleikhúsið frá því ég útskrifaðist úr Leiklistarskólunum fyrir 22 árum og hef unnið eins og skepna síðan. Samningar leikara eru mjög slæmir enda launin lág. Vinnuskyldan er því mjög mikil ætli mönnum að takast að lifa á þeim launum sem leikarar fá. Í dag er ég í þremur hlutverkum hjá Þjóðleikhúsinu og hef leikið í Dýrunum í Hálsaskógi á hverjum sunnudegi í tvö ár. Það er hálf ævi sonar míns.

En hvernig er að vera lausráðinn?

Ég er að skoða stöðuna. Maður ræður sér meira sjálfur. Ég get ákveðið hvaða hlutverk ég tek enda er ekki lengur hægt að skikka mig til að leika í ákveðnum leikritum. Ég tek það sem mér líst best á hverju sinni og fæ að slaka aðeins betur á. Það er nóg af hlutverkum fyrir mann á mínum aldri og með mína reynslu.

Sögulegt tækifæri til byggingar þekkingarþorps

Borgaryfirvöld hafa boðið Háskólanum í Reykjavík lóð í Vatnsmýrinni undir starfsemi sína. Með því væri mikilvægum áfanga til byggingar þekkingarþorps náð. Efasemdir eru þó uppi um hvort slíkt þorp geti risið verði flugvöllurinn ekki fluttur.

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur boðið Háskólanum í Reykjavík lóð í Vatnsmýrinni undir starfsemi sína. Lóðin er sunnan við Hótel Loftleiðir, rétt ofan við baðaðstöðuna í Nauthólsvík. Að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns skipulagsráðs, hefur málið verið í vinnslu síðan í haust og er búist við að stjórn skólans taki ákvörðun um málið á næstu vikum.

Háskóli Íslands er ekki langt undan og þegar fram líða stundir verður nánast öll starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í Vatnsmýrinni líka. Með tilkomu Háskólans í Reykjavík á svæðið telur Dagur að þar með hafi skapast kjöraðstæður til sköpunar svenefnds þekkingarþorps í Vatnsmýrinni þar sem fyrirtæki og stofnanir af ýmsu tagi nýta samlegðaráhrifin af nálægðinni hvert við annað til að styrkja sig enn frekar. „Við erum í raun komin með svæði þar sem sjá má fyrir sér að allt að rúmlega 20.000 manns séu að störfum nánast daglega við háskóla, hátækni og þekkingu.“

Lóðaverð í borginni er hátt um þessar mundir enda er framboðið takmarkað. Dagur segir enn ekki ljóst hvort skólinn muni greiða fyrir lóðina. „Það er í rauninni aðferðafræði sem við eigum eftir að fara yfir. Við viljum fyrst og fremst vita hvort þeir komast þarna fyrir. Við þurfum náttúrlega að líta yfir fyrri fordæmi og annað slíkt,“ segir hann og bendir á að á sínum tíma hafi Reykjavíkurborg gefið Háskóla Íslands mjög myndarlega lóðargjöf. Dagur vonast



STEFÁN ÓLAFSSON



DAGUR EGGERTSSON



ÖRN SIGURÐSSON

hins vegar til að stjórn skólans taki fljótlega ákvörðun um málið enda er mikið í húfi. „Við erum mjög áfram um að Háskólinn í Reykjavík og tengd starfsemi verði þarna. Við teljum þetta eiginlega varða þjóðarhagsmuni að við nýtum þetta eina tækifæri sem við kunnski nokkurn tímann fáum til að leggja saman alla kraftana á þessu sviði á þessu lykilsvæði.“

riði í huga Arnar að flugvöllurinn víki, hann segir þekkingarþorp útilokað með flugvöll í því miðju. „Þetta eru allt mikilvægar stofnanir og þær eiga það ekki skilið að lenda í einhverju flugvallarúthverfi í borg. Háskólinn í Reykjavík á það bara skilið að honum verði ekki bara hrugað þarna niður án hugsjónar.“

Fornebu fyrirmynd?

Þekkingarþorp eru þekkt víða um heim og er Kísildalurinn í Kaliforníu sjálfsagt það frægasta. Þar nýta menn samlegðaráhrif með nálægð og greiða þannig fyrir samstarfi á milli háskóla og fyrirtækja til að búa til frjótt nýsköpunarumhverfi. Þekkingarþorpin eru þannig meira en summan af þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þar eru.

Stefán Ólafsson, prófessor og forstöðumaður Borgarfræðaseturs

VATNSMÝRIN
Þar gæti risið þekkingarþorp þar sem allt að 20.000 manns ynnu við ýmis störf tengd tækni og vísindum.

Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar, segir svæði á borð við þessi gegna lykilhutverki í þekkingarhagkerfi framtíðarinnar. „Alls staðar í heiminum í dag er litíð til svona þyrpinga sem eins konar aflstöðvar fyrir framþróun þekkingarhagkerfisins sem gengur út á að nýta þekkingu til nýsköpunar og framleiðslu,“ segir hann.

Auk háskólanna getur fjölbreytt flóra fyrirtækja þrífist í þekkingarþorpum, til dæmis tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki, efnis- tækniyfirtæki, upplýsingaveitur og líftækniyfirtæki, en þegar er eitt slíkt í Vatnsmýrinni, Íslensk erfðagreining. „Þetta er byggð sem fellur einstaklega vel að miðborgarumhverfi því þetta getur orðið mjög fallett og spennandi svæði,“ segir Stefán.

Stefán bendir á nærtækt dæmi um þekkingarþorp en það er Fornebu-svæðið í Osló þar sem gamli alþjóðaflugvöllurinn var. „Það er tekið að stórum hluta undir svona þróun þekkingarþyrpingar í bland við íbúðarbyggð og það getur þess vegna verið mjög álitlegt fyrirmynd fyrir Reykjavík að hafa til hliðsjónar.“

sveinng@frettabladid.is

Jumbo
Veislubakkar
Þrjár tegundir af ljúffengum veislubökkum

Jumbo
Samlokur

www.jumbo.is
Frí heimsending • Pöntunarsími: 554-6999



NAUTHÓLSVÍK

Fyrirhugaður byggingarreitir Háskólans í Reykjavík er afmarkaður á myndinni.

Síðast en ekki síst er það lykilat-

Sjónarspilið á stjórnmalasviðinu

UMRÆÐAN
SPUNI OG
STJÓRNMAL



HÖRÐUR BERGMANN
KENNARI OG RITHÖFUNDUR

” Og svo verðum við að gera þá kröfu til fjölmiðla að þeir elti ekki gagnrýnislaust söguþráð sem rekja má til spunaverkstæða valdhafanna.

Við erum alltaf að kynnast nýjum dráttum í vefnaði þeirra sem spinna áróðurstjöldin fyrir þá sem standa á sviði stjórnmálabaráttunnar. Við blasir t.d. hve vel tókst að beina þeirri athygli, sem flokksþing Framsóknarflokksins fékk, að tilbúnu átakamáli þannig að raunveruleg vandamál innan flokksins og úti í samfélaginu lentu utan sterkustu kastljósanna. Eftir að ályktun um málið var orðin nógu merkingarsnaud til þess að hljóta samhljóða samþykki var hún tilkuð þannig í orðum forystumanna og uppslætti fjölmiðla að nú hefðu orðið tímamót, flokkurinn héldi vöku sinni eins og fyrri daginn og hefði unnið mikinn sigur.

Málsvarar valdaflokkanna á Ís-

landi og spunameistarar þeirra hafa fjölbreytt og vaxandi verkefni við að glíma. Þau vandasömustu spretta af tilhneingingu þeirra til að gera annað en fjöldinn virðist vilja þegar gerðar eru skoðanakannanir. Þá er um að gera að finna nýjar tengingar sem breyta viðhorfunum, skapa traust, vitna um góðvilja og skírskota til öryggiskenndarinnar. Við þekkjum dæmin. Stundum eru þau auðskilin og áþreifanleg, hitta beint í hjartastad: Ágóðann af sölu Landssímans skal nota til þess að byggja hátækni-sjúkrahús. Stundum eru falleg, traustvekjandi orð endurtekin án þess að ljóst verði hvað á að gera: Um stjórnun fiskveiða skal leita sáttta/hafa náðst sættir. Stundum er hreinum útrúsnúningi ætlað að

skapa ugg og styrkja stöðu valda-kerfisins hjá þjóð sem aldrei hefur fengið tækifæri til að útkljá órlagarík átakamál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Málskotsréttur forsetans er ógnun við þingræðið! Og svo er það hin sígilda og margnotaða brella sem beitt er þegar afla þarf fjöldafylgis: Nú er svigrúm til skattalækkana.

Samhliða eflingu blekkingariðnaðarins í heimi stjórnmálanna eykst þörfin á kaldri og klárri greiningu á afurðum hans. Athuga hvað hangir á spýttunni. Að öðrum kosti heldur lýðræði í landinu áfram að hnigna. Það er vitaskuld freistandi að ganga inn í kjörklefann í þeirri trú að maður geti lækkað skattana sína með atkvæðaseðlinum. En er það eftirsóknarvert á tímum þrenginga í skóla- og heil-

brigðiskerfinu? Tímum sem þrengja svo að ungu fjölskyldunum, sem eru að koma sér fyrir í þjóðfélaginu, að ævin endist varla til að borga hús-næðis- og námsskuldur? Með því að skoða betur samhengi hlutanna grill-ir í meira af frummynd veruleikans. Svigrúm til skattalækkana reynist ekkert ef það er skilgreint sem mismunur á þeim tekjum sem það opinbera fær og kostnaði við rekstur sem meirihluti þjóðarinnar vill að ríki og sveitarfélög annist. Og svo verðum við að gera þá kröfu til fjölmiðla að þeir elti ekki gagnrýnislaust söguþráð sem rekja má til spunaverkstæða valdhafanna. Leggi sig fram við að greina hvað er á bak við orðin, hvort ályktanir standist og hvaða hagsmuna er verið að gæta. ■



Leikrit spunameistara
Ef íslenskar fréttir og fréttir almennt eiga ekki að breytast í frekar slappan raunveruleikasjónvarpsþátt (með aðeins eldri og ófríðari keppendum en Survivor) þá er kominn tími til að þeir, sem þær segja, hætti að taka þátt í leikriti spunameistaranna og segi frá því sem máli skiptir. Ármann Jakobsson á murinn.is

Leiðinlegur félagsskapur
En við erum hluti af Evrópu, þar liggja okkar rætur og þar er mest af viðskiptum landsins. Merkilegt er hve mikil áhersla er lögð á að við eigum að fylgja Norðmönnum í gegnum þykkt og þunnt. Leiðinlegri félagsskapur er vart hægt að hugsa sér. Sagt að menn séu komnir af öpum, nema Íslendingar sem eru komnir af Norðmönnum. Annað fólk virðist hafa lítinn áhuga á að bindast föstum böndum við dýragarðana. Benedikt Jóhannesson á heimur.is

Ekki gegn landsbyggðinni
Fjarlæging flugvallar úr Vatnsmýrinni gengur ekki gegn hagsmunum samgangna landsbyggðar og borgar. Það liggur ljóst fyrir að eigi íbúðabyggingu að þrífast í Vatnsmýri gengur ekki að hafa þar flugvöll, slíkt skýrir sig sjálf. Flugvöllurinn er ætli í hjarta borgarinnar – kveðjum hann sem fyrst! Dagbjört Hákonardóttir á politik.is

Sala á Póstinum
Í kjölfar umræðu um sölu á símanum má velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að hefja athugun á sölu litla bróður símans, Póstinum. Tekist hefur að breyta póstinum í hagnaðarfyrirtæki og pósturinn er að verða kominn í samkeppnisumhverfi. Pósturinn hefur verið eitt af þessum fyrirtækjum sem hafa gleymst í umræðunni um hvaða fyrirtæki eigi að fara á sölulistann hjá Ríknu. Kannski er nú farið að nálgast að sá tímapunktur komi. Tómas Hafliðason á frelsi.is

Konur konum verstar?
Hvað er eiginlega að gerast í Kópavogi, hvað er eiginlega að gerast í Framsókn? Greinarhöfundur hefur til þessa verið haldinn þeim ranghugmyndum að kvenfélög innan stjórnmálaflokka hafi verið sett á fót til að konur í stjórnmálum gætu stutt við bakíð á hvor annari, hvort sem þær þyrftu stuðning til að ná frama í stjórnmálum eða einfaldlega bakhjarl í umræðum um rétt kvenna. Gott og blessað! Hverjum hefði síðan dottið til hugar að upp færu að spretta kvenfélög í stjórnmálaflokkum með það að markmiði að vinna á móti öðru kvenfélagi innan sama stjórnmálaflokks? Margrét Elín Arnarsdóttir á tikin.is

LEIÐRÉTTINGAR

Í viðtali við lögmann GT verktaka í Fréttablaðinu á fimmtudag í síðustu viku var hann rangfeðraður. Hann heitir Marteinn Másson.

Í frétt blaðsins um happdrætti DAS stóð að endurskoðandi þess væri á vegum dómsmálaráðuneytisins. Hið rétta er að hann er skipaður af ráðuneytinu en starfar fyrir happdrættið.

Í blaðinu Vetrarlíf sem fylgdi Fréttablaðinu á miðvikudaginn í síðustu viku var umsjónarmaður skíðasvæðisins í Bláfjöllum og Skálafelli rangnefndur. Hann heitir Grétar Hallur Þórisson.

25%

afsláttur af öllum blómstrandi plöntum

Blómaportíð
BLÓMAMARKAÐUR BLÓMAVALS

10 rósir
799 kr.

fimmtudag og föstudag í Sigtúni

BLÓMSTRANDI VOR

Vortilboð

Fræ 25% afsláttur

Vorlaukar 25% afsláttur

25% afsláttur af allri gróðurmold



Ís og Mónu-páskaegg
199 kr.

Gildir í Sigtúni



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.718 -1,64%

Fjöldi viðskipta: 311
Velta: 1.395 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Vinnslustöðin
Atorka
Marel

1,43%

0,83%

0,18%

MESTA LÆKKUN

↓ Líftækisjóðurinn
Bakkavör
Landsbankinn

-20,00%

-3,87%

-3,70%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 38,30 -3,04% ... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 27,30 -3,87% ... Burðarás 13,25 -2,93% ... Flugleiðir 13,95 -3,13% ... Íslandsbanki 11,65 -0,85% ... KB banki 509,00 -1,17% ... Kögun 51,70 -1,15% ... Landsbankinn 14,30 -3,70% ... Marel 56,30 +0,18% ... Medcare 5,91 +1,01% ... Og fjarskipti 3,85 -0,77% ... Samherji 11,20 -0,44% ... Straumur 9,90 -1,49% ... Össur 83,00 -0,60%

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Björgólfur úr Landsbankanum

Eftir aðalfund Íslandsbanka þar sem ráðandi fylking í bankanum hélt góðum meirihluta í stjórn velta margir fyrir sér framhaldinu. Þeir sem brjóta heilann um framhaldið í bankanum eru þeirrar skoðunar að Björgólfsfeðgar leiti nýrra leiða til að komast til áhrifa í Íslandsbanka. Nýjasta kenningin er sú að Björgólfur



Thor muni selja föður sínum hlut sinn í Lands-

bankanum og einbeita sér því næst að því að ná tökum á Íslandsbanka, annaðhvort í gegnum Straum eða með því að kaupa hlut Straums í Íslandsbanka. Meðan núverandi hluthafar halda hópinn er meirihlutinn tryggur. Kenningsmiðirnir telja að Karl Wernersson sé í skotlínu, en talið er að erfitt væri fyrir hann að hafna góðu tilboði í brefsín og innleysa með því fimm milljarða í hagnað.

Vond tímasetning

Halldór Ásgrímsson var þínu óheppinn með tímasetningu heimsóknar til Álaborgar. Íslendingar eiga fyrirtæki á svæðinu og því tilvalið fyrir forsætisráðherra að staldra við í Álaborg í heimsókninni. Svo óheppilega vildi þó til að stjórn Magasin du Nord ákvað fyrir síðustu helgi að loka verslun sinni í borginni og segja upp á fimmta tug starfsmanna. Kæti Álaborgbúa var því blendin með íslenska fjárfesta þegar forsætisráðherra reið í hlað og hefði sjálfsgagt verið talsvert meiri viku fyrr.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Már Wolfgang Mixa lét í gær af störfum sem framkvæmdastjóri Verðbréfabjónustu Sparisjóðsins.

Sparisjóður Vestfirðinga hagnaðist um 56,5 milljónir kóna í fyrra. Árið 2003 var 27,1 milljóna króna tap á rekstrinum.

Fjárfestingarfélagið Atorka breytti í gær um nafn og heitir nú Atorka Group.

Greiningardeild KB banka greindi frá því í gær að kaup íslenskra fjárfesta í erlendum hluta- bréfum hafi numið 1,4 milljarði króna í janúar. Kaupin drógust saman um níu milljarða frá því í desember og eru mun minni það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra.

Auka hlut sinn í Árvakri

Frændgarður Kristins Björnssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, ræður nú tæplega 30 prósent hlut í Árvakri, útgefanda Morgunblaðsins.

Félag í eigu fjölskyldu Kristins hefur keypt félag í eigu Ó Johnson fjölskyldunnar sem átti ríflega 10 prósent hlut í Árvakri. Kristinn og skyldfólk hans átti tæplega 20 prósent hlut í Árvakri. Forkaupsréttur annarra hluthafa er á bréfum í Árvakri, en slíkt gildir þó ekki um kaup á eignarhaldsfélögum sem eiga bréf í Árvakri. Ekki kom því til forkaupsréttar annarra hluthafa.

Kristinn Björnsson vildi ekki svara því hvort frændgarðurinn hygðist auka hlut sinn enn frekar í félaginu. „Við teljum þetta áhuga- verðan kost og ákváðum að kaupa þegar tækifærið gafst.“ Hann segir fleiri hafa haft áhuga á þessum hlut í Árvakri, en þetta hafi verið niðurstaða.



KEYPT Í MOGGANUM Kristinn Björnsson og fjölskylda hans hafa eignast tíu prósent hlut í útgáfufélagi Morgunblaðsins. Fyrir átti fjölskyldan tæplega 20 prósent hlut.

Magasin keypt og selt

Nýir eigendur Magasin du Nord hafa ákveðið að nýta sér kauprétt á fasteign stórverslunarinnar við Kóngsins Nýjatorg.

Magasin átti kauprétt að fasteigninni og var það lykkillinn að kaupum íslenskra fjárfesta á fyrirtækinu. Mat þeirra var að fasteignir fyrirtækisins stæðu undir kaupverði þess.

Kauprétturinn var á ríflega milljarð danskra króna eða um ellefu milljarða króna. Eignin var seld til baka til sérstaks fasteignafélags í eigu sömu aðila á 1,2 milljarða danskra króna eða tæpa þrettán milljarða. Söluhagnaður er því tveir milljarðar króna sem færast í bækur Magasin, en fyrirtækið var keypt í heild sinni á um sex milljarða íslenskra króna. Magasin mun leigja húsnæðið af fasteignafélaginu.

Rekstur Magasin gekk erfið-



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

GRÖÐI AF FASTEIGN Húsnæði Magasin du Nord var keypt af Jyske Bank í samræmi við kauprétt eigenda Magasin. Húseignin var seld nýju fasteignafélagi sem er í eigu sömu íslensku fjárfestanna og var söluhagnaðurinn tveir milljarðar króna.

lega og nýir eigendur vinna nú að því að hagræða í rekstri og hafa gefið út að stefnt sé að því að verslunin skili hagnaði innan þriggja ára.



Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
Ingólfur G. Gissurarson lögg.fasteignasali.
www.valholl.is - opið mán.- fimmtud. 9-17.30. Lokað um helgar

Sandavað 1-5. Nýjar íbúðir í lyftuhúsi ásamt bílskýli



Nýjar glæsilegar 2ja- 5 herbergja íbúðir á góðum stað í Norðlingaholtinu
Húsið er fjögurra hæða með 3 stigagöngum og lyftu í hverju stigahúsi. Bílageymsla er undir húsinu. Húsið verður afhent fullfrágengið að utan með frágenginni lóð, bílastæðum og að öllu leiti fullbúði. Íbúðunum verður skilað fullbúnum að innan án gólfefna og flísalagnar.

5 herbergja íbúðir	Verð frá 24,5 millj.	3ja herbergja íbúðir	Verð frá 17,2 millj.
80% fjárm.	19,6 millj.	80% lán	13,7 millj.
Áætl afb.lána, pr mán.	88,200 kr	Áætl afb lána pr mán	61,000 kr
Mismunur gr. á byggtím.	4,9 millj.	Mismunur gr á byggtím.	3,5 millj.
4ra herb íbúðir	Verð frá 19,5 millj.	2ja herbergja íbúðir (án bílskýlis)	Verð frá 14,2 millj.
80% lán	15,6 millj.	80% lán	11,3 millj.
Áætl afb lána pr mán	70,200 kr	Áætl afb lána pr mán.	51,000 kr
Mismunur gr á byggtím.	3,9 millj.	Mismunur gr á byggtím.	2,9 millj.

Byggingaraðili: Gissur og Pálmi ehf. Söluaðili: Valhöll sími 588-4477

Andarhvarf í Kópavogi nýjar 135 fm sérhæðir ásamt bílskúr.

Valhöll fasteignasala kynnir nýjar glæsilegar sérhæðir í tvíbýlis/klashúsum við Andarhvarf í Kópavogi.

Gert er ráð fyrir því að afhenda íbúðirnar fullbúnar án gólfefna með flísalögðum badherb og vönduðum innréttingum. Afhending er áætluð í mars 2006. Valhöll fasteignasala kynnir nýjar glæsilegar sérhæðir í tvíbýlis/klashúsum við Andarhvarf í Kópavogi. Gert er ráð fyrir því að afhenda íbúðirnar fullbúnar án gólfefna með flísalögðum badherb og vönduðum innréttingum. Afhending er áætluð í mars 2006

Verð á íbúðum er mismunandi frá 30,2 –31,5 millj.

Dæmi.	30,9 millj.
Við kaupsamning	3,0 millj.
Við fokheldi í okt. '05	11,0 millj.
Við afhendingu	15,5 millj.
Við lokafrágang	1,4 millj.

Byggingaraðili Jón og Salvar ehf. Söluaðili Valhöll sími 588-4477

Og Vodafone

Skráningarlýsing

mars 2005

Skráningarlýsingin er gefin út vegna hækkunar á hlutafé Og fjarskipta hf. að fjárhæð 809.614.941 krónur að nafnverði þann 30. desember 2004. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 4. janúar 2005.


Hækkunin var notuð til að greiða fyrir alla hluti 365 ljósvakamiðla ehf. (áður Íslenska útvarpsfélagið ehf.) og 365 prentmiðla ehf. (áður Frétt ehf.).

Hlutafé félagsins eftir hækkunina er 4.341.428.160 kr. að nafnverði.

Þar sem hlutafé Og fjarskipta hf. hefur verið hækkað samtals um meira en sem nemur 10% af heildarhlutafé ber félaginu að gefa út skráningarlýsingu samkvæmt 1. gr. A-lið 3tl. Viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999.

Allt hlutafé Og fjarskipta hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands undir auðkenninu **OGVODA**.

Skráningarlýsinguna er hægt að nálgast hjá Og fjarskiptum hf., Síðumúla 28, Reykjavík, á vefsíðu félagsins www.ogvodafone.is og hjá umsýsnaraðila skráningarinnar, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík og á vefsíðu bankans www.landsbanki.is



og hvað segir þú?



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag	
REYKJAVÍK	8.28	13.40	18.53
AKUREYRI	8.16	13.24	18.34

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagurinn 3. mars, 62. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég fór í heim-sókn á sveita-bæ og nefið á mér fékk mæðuveiki!



Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 10

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



allt

FASTEIGNIR **HEIMILI** HEILSA HÚS NÁM **FERÐIR** MATUR BÍLAR ATVINNA **TÍSKA** TILBOÐ o.fl.

heimili o.fl.

Gjafavörur taka við af föndurvörum

BLS. 2



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Íris á marga hluti sem eru ómissandi í fataskápnunum hennar.

Held mest upp á svörtu skyrtnuna

Íris Gunnarsdóttir, annar ritstjóri *femin.is*, er ekki í neinum vanda með að telja upp uppáhaldsfliðurnar sínar í fataskápnunum þótt henni finnist voða leiðinlegt að fara í búðir.

„Það er eins og gefur að skilja mjög margt sem er ómissandi í fataskápnunum og kannski ekki hægt að nefna það allt í einni andrá. En Diesel-gallabuxurnar eru ómissandi – gamlar og slitnar með götum. Þær eru hrikalega þægilegar og gott að hendast í þær eftir vinnu,“ segir Íris en það er samt ein önnur flík sem hún getur hreint og beint ekki verið án. „Karen Millen-skyrtan mín er einnig í miklu uppáhaldi. Hún er svört og passar vel við gallabuxur og fleira. Skyrtan

er einfaldlega í uppáhaldi hjá mér vegna þess að ef maður veit ekkert í hvað maður á að fara þá er hún lausnin – passar við allt og er bara smart,“ segir Íris.

„Einnig er það einn tiltekinn skartgripur sem ég gæti ekki verið án en hann er bæði hægt að nota sem hálsmen og armband. Algjör nauðsynjavara og fæst hjá *femin.is*,“ segir Íris sem klæðist fötum sem henni líður vel í. „Ég er ekki fatafrík en mér finnst að sjálfsögðu mjög gaman og líður líka vel þegar ég tolli í tískunni. Ég er samt ekkert sérstaklega að leitast eftir því. Ég fer yfirleitt í það sem mér líður vel í þó svo jafnvel að það sé ekki hátíska. Ég kaupi ekki mikið af fatnaði og mér finnst ekkert ofsalega gaman að fara í búðir.“

lilja@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í ferðum

Nú geta viðskiptavinir MasterCard nýtt sér ferðaávisun til að greiða flug og pakkaferðir hjá Iceland Express. Upphæð ávisunarinnar fer eftir viðskiptum hvers einstaklings við kreditkortafyrirtækið en ef ávisunin er nógu há þá getur viðskiptavinur hugsanlega sloppið við að borga fyrir fríið. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Iceland Express, icelandexpress.is.

maí og komið aftur heim 9. maí og er verð 69.900 krónur. Innifalið er flug með Icelandair, gisting á fjögurra stjörnu hóteli í tveggja manna herbergi í Þrjár nætur með morgunverði, miði á leikinn og flugvallaskattar. Hægt er að forvitnast um ferðina í síma 588 9900 hjá Olivier og með því að senda póst á enskiboltinn@itferdir.is.

Heimsferðir bjóða upp á helgarferð til Madríd, höfuðborgar Spánar, 21. apríl. Í borginni er að finna mörg af helstu söfnum Evrópu, frábæra veitingastaði og skemmtilegt mannlíf. Hægt er að kaupa eingöngu flugsæti eða flug og gistingu. Verð er frá 39.990 krónum.

Úrval Útsýn stendur fyrir snjóbrettaferð til Madonna 5. til 12. mars í samvinnu við Brettafélag Íslands. Innifalið er flug til Verona, akstur til Madonna, gisting, íslensk fararstjórn og flugvallaskattar. Fararstjóri er Geiri, formaður Brettafélagsins. Þetta er bæði ferð fyrir skíðamenn og brettafólk en nánari upplýsingar um verð er að finna á heimasíðu ferðaskrifstofunnar, urvalutsyn.is.

ÍT ferðir verður með ferð á leik Liverpool og Arsenal sem fram fer í London 7. maí. Brottfor er frá Keflavík 6.

Stúdentferðir bjóða nú upp á fjögurra daga ferð í „Chiang Mai and Tai matreiðsluskólann“ í Tailandi. Verð er 18.900 krónur fyrir ferðirnar sjálfar en flug til og frá Íslandi er ekki innifalið í verði. Daglegar brottfarir eru frá Bangkok. Ferðalangar læra allt um taílenska matargerð. Þrjú dagar fara í að undirbúa, elda og borða dásamlegan mat en þess á milli geta ferðalangar skoðað sig um í nánasta umhverfi.

ferdir@frettabladid.is

Quiznos SUB Veislu- og fundabakkar

Suðurlandsbraut 32 • S: 577 5775



Glæsilegir leðursófar

Vaxborið leður

Leðursófi 2ja sæta **kr. 124.900** stgr. 3ja sæta **kr. 139.600** stgr.

Leðursófi 3ja sæta **kr. 105.900** stgr. • 2ja sæta **kr. 95.200** stgr. • stóll **kr. 74.900** stgr.



Bycast leður

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Afskorin blóm

Hleyptu vorinu inn til þín með afskorum blómum. Túlpanar eru falleg og litrík blóm sem gefa heimilinu bjart og vorlegt yfirbragð og eru á viðráðanlegu verði.



Keramik fyrir alla

Vá, hvernig er þetta gert?

Komdu og lærðu nýjar aðferðir.

Þriðjudagskvöld
8. mars, kl 20-23.
Keramik fyrir alla

Sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suburlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND

Föndurkofinn tekur stakkaskiptum

Katrín Gísladóttir leirlistakona er að henda föndrunu út fyrir nýjar vörur. Hún ætlar að einbeita sér að gjafavöru en sveitastíllinn verður sem fyrr áberandi.



Katrín Gísladóttir, eigandi Föndurkofans.

„Ég er að henda öllu föndrunu út fyrir nýjar vörur og ætla að einbeita mér að gjafavörunni einöngu,“ segir Katrín Gísladóttir, leirlistakona og eigandi Föndurkofans í Brautarholti. Katrín tók nýjar vörur inn fyrir jólin og alltaf bætist við. „Ég er búin að vera með föndrið í átta ár og er einfaldlega að skipta um stefnu en við verðum áfram í sveitastílnum. Ég hef líka alltaf verið með mikið kertaúrval, bæði ilmkeri og venjuleg og er að taka inn nýjar sendingar af þeim og svo eru silkiblómín sívinsæl. Nú er ég nýkomin af sýningu þar sem ég gerði stóra pöntun í sápum og baðsöltum, allt úr náttúrulegum efnum og svo má ekki gleyma kaffibollum og -bákum, tekótlum og ostabökkum og allskonar gjafavöru annarri. Við erum líka montin af því að geta boðið upp á vörur frá Amishfólkinu, bæði ruggustóla og þvottabretti,“ segir Katrín. ■



Teketill og fylgihlutir í sveitastíl.



Katrín er með eigin lampa og skálar til sölu í versluninni.



Glasamottur úr leir fást í mörgum tegundum.



Þessi skemmtilegu þvottabretti eru frá Amish-fólkinu.

Úrval af sængurfatnaði til fermingargjafa.

Langur laugardagur!

Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Mikið úrval af aukahlutum fyrir arinn

Arinbúðin

Lumsden rafmagnsarinn
107.700 kr.

Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 • www.arinn.is

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einíngahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

TILBOÐ!

Alvar Aalto vasar 2 í pakka (160 mm og 95 mm) 12.900,-

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Flottar Fermingargjafir

Silfurkrossar Verð frá kr. 990

ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
S. 551-1122 • Hafnarstræti 19

Norskir hönnuðir koma færandi hendi

ÍSLENSK HÖNNUNARSAGA Á SÉR EKKI LANGA SÖGU OG ÞAÐ ERU EKKI NEMA RÉTT RÚM SEX ÁR SIÐAN ÍSLENSKT HÖNNUNARSAFN VAR SETT Á LAGGINAR FYRIR TILSTILLI MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS OG GARÐABÆJAR.

Sýningarsalur safnsins var opnaður árið 2001 og er hann staðsettur við Garðatorg í Garðabæ. Þar hafa verið settar upp margar skemmtilegar sýningar á liðnum árum. Markmið safnsins er að hlúa að íslenski hönnun, safna upplýsingum og hlutum er tilheyra íslenski hönnunarsögu, sem og safna og sýna erlenda hönnun með sérstakri áherslu á hönnun frá Norðurlöndunum. Hönnunarsafnið á nú þegar verðmætt hús-gagnasafn eftir íslenska og erlenda hönnuði. Má þar nefna Guðjón Samúelsson, Svein Kjjarval, Erlu Sólveigu, Alvar Aalto og Arne Jacobsen. Sökum fjárskorts hefur starfsemi ekki verið eins mikil og vonir stóðu til en það stendur vonandi til bóta. Umsjónarmaður safnsins er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur. Hann vinnur nú að uppsetningu nýrrar sýningar sem verður opnuð á vordögum. Þar er um að ræða sýningu á húsgögnum eftir norska hönnunargengið, CIRCUS, sem kemur frá Bergen í Noregi. Sýningin er á vegum Lifthönnunarsafnsins í Bergen og er til efnið 100 ára sjálfstæðisafmæli Norðmanna. Með í för verða hönnuðir og tónlistarfólk frá Bergen. Hluti sýningargripanna verður svo afhentur Hönnunarsafni Íslands að gjöf í lok sýningarinnar – sem lýkur í ágúst. ■

Húsgögn eftir Pétur Lúthersson. Gripirnir voru til sýnis í safninu í janúar árið 2002.

Sænsk glerlist gladdi augu gesta Hönnunarsafnsins í lok síðasta árs.

TILBOÐ

E510 + 128MB X-d minnskort
Aðeins kr. 39.900

FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is

Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850

LJÓSMYNDAVÖRUR



„Ég efast reyndar um að ég fái mér aftur hornsófa þegar þessi fer,“ segir Katrín Á. Johnson dansari.

Snæðir kvöldverðinn í sófanum

KATRÍN Á. JOHNSON DANSARI Á SÉR HORN Í SÓFANUM ÞAR SEM HÚN SITUR LÖNGUM STUNDUM.

„Ég á mér stað þar sem ég sit alltaf, sem er í enda sófans. Þar get ég bæði snúið að borðstofuborðinu, séð á sjónvarpið og lagt mig,“ segir Katrín Á. Johnson dansari, en hún er með stóran og fínan hornsófa á heimilinu þar sem hún lætur fara vel um sig eftir langan vinnudag.

„Ég get algerlega breyst í svona „couch-potatoe“ þegar ég kem heim og hendi mér í sófann,“ segir Katrín og hlær og bætir við að oft vill verða að hún snæði kvöldverðinn í sófanum þar sem hún bý ein.

Sófinn er reyndar í eigu fyrrverandi kærasta hennar og á hún því von á því að hún þurfi að láta

hann af hendi í framtíðinni. „Ég get nú ekki sagt að ég muni sakna sófans sérstaklega þar sem hann er ekki eins fagur og hann er þægilegur,“ segir Katrín en sófann segir hún vera hrikalega þægilegan auk þess sem hún geymi púða og teppi í horninu góða.

„Hornsófi er mjög hentugur að því leyti að auðvelt er að skapa hring ef fólk kemur í heimsókn og það myndast yfirleitt góð stemning,“ segir Katrín sem hefur gaman af því að fá gesti og þá sérstaklega til að spila en sjálf segist hún vera mikill spilafíkill. „Ég efast reyndar um að ég fái mér aftur hornsófa þegar þessi fer,“ segir Katrín hugsandi. ■



Borðstofuborð verð: kr. 98.000
kynningarverð: **kr. 77.000**



Skenkur verð: kr. 129.000
kynningarverð: **kr. 98.000**

Kynnum okkar glæsilegu og vönduðu frönsku húsgagnalínu og bjóðum upp á einstök kynningarverð dagana 25. febrúar til 04. mars

Nýjar vörur frá

Villa Collection

UNIKA

www.unika.is

Fákafen 9 Sími: 568 6700 Mán-fös. 10-18, laug. 11-16 & sun. 13-16

FISKBÚÐIN HAFBERG

**Glænýjar
Lúðusneiðar
aðeins 990 kr kg
VERÐ ÁÐUR 1890**

Fyrstir koma fyrstir fá

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Talstöðin
FM 90,9

Körfur til að fela draslið

SKÁPPLÁSS GETUR OFT VERIÐ AF SKORNUM SKAMMTI Á HEIMILUM OG HLUTIR SEM NOTAÐIR ERU DAGLEGA EIGA ÞAÐ TIL AÐ LIGGJA ÚTI UM ALLT.

Gott ráð til að ná tökum á dótinu og draslinu er að koma fyrir fallegum körfum hér og þar um heimilið. Handklæðum er hægt að rúlla upp og stinga í körfu ásamt hárbursta, stóra körfu er gott að eiga undir barnaleikföngin og litla körfu fyrir fjarstýringarnar. Dagblöð, pennar, umslög, lykklar, klink og farsímar þurfa ekki að liggja á hillum eða borðum heldur er þessum hlutum einfaldlega stungið í körfu.

Körfur geta staðið á borðum, í hillum eða á gólf og fást þær í öllum



Snyrtilegra er að henda lykklunum sínum í körfu en á borð.

stærðum og gerðum og ætti að vera auðvelt að finna körfur sem falla að stil heimilisins. ■

Fataskápar



Hirzlan

Smíðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

GEORGE FOREMAN

HEILSU & SÆLKERAGRILLIN

Foreman rotar keppinautana!



Nýtt!

GF grillskrúbbur



Reykjavík: Hagkaup, Expert, Elko, Byko, Byggt og búð.
Nafnarfj.: Kefmanni, Fjarðarkaup
Akureyri: Byko, Hagkaup
Selfoss: Árvirkinn, Byko
Stykkish.: Heimahornid
Reykjanesbær: Byko
Akranes: Hjúsmagn
Vestmannaeyjar: Deilid

Siglufo.: Gjalakot
Háskavík: Öryggi
Ísafj.: Þristur
Borgarnes: KB

Egilsstaðir: KMS
Neskaupstaðir: Rafalda
Reykjarfjörður: Byko
Fréðshóll, Keflavíkurbúgar

marco heildversun
www.marco.is

Skálmarnar ofan í

Loksins er komið tækifæri til að leyfa fallegu stígvélunum að njóta sín án þess að þurfa að nota þau við stutt þils, því nú mega þau hylja buxaskálmarnar.



Íslensk hönnun

HÚFUR SEM HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.ehf.is

ÚTSÖLULOK!
20% aukaafsláttur við kassa
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

Selena 10 ára frábær afmælistilboð!
Full búð af nýjum vörum

Selena
Undirfataverslun.
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355
opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15

Glæsilegur fatnaður fyrir barnshafandi konur

Upplýsingar um opnunartíma á www.thyme.is Velkomin!

Thymematernity
Verzlun fyrir barnshafandi konur
Hlíðasmára 17, s. 575-4500
Sendum í póstkrófu um allt land.
Opnið mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

www.thyme.is

TÍSKUVERSLUNIN
Smart Grímsbæ, Bústaðavegi S: 588 8488
Ármúla 15 S: 588 8050


Vorum að taka upp helling af nýjum vörum!
Punnu buxurnar komnar aftur.
Skyrtupeysur komnar • Stærðir 8-24

Kauphlaup fimmtudag til sunn dags
Allt að 70% afsláttur

CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007

Ný bútasamsefni, sívaxandi úrval!
Eigum stórar stærðir í joggingbuxum og jökkum á fánanlegu verði!
Langur laugardagur opið frá 12-17

Diza Ingólfsstræti 6
S. 561-4000 • Opið 11-18, laugard. 11-14



Kragarnir eru eins mismunandi og þeir eru margir.

Vandaðir hlutir hreyfa við mér eins og listaverk

Elín Agla Briem er fædd í Reykjavík en uppalin að mestu í Keflavík. Fyrir tveimur árum flutti hún til Englands til að starfa í stórra búddamiðstöð á Norður-Englandi. Hún hefur verið að hanna og selja lóðkraga úr kanínufeldi og kimonosilki.



Elín Agla býr í Englandi með sambýlismanni sínum og hefur góða aðstöðu til að búa til kragana vinsælu.

„Ég hannaði þessa kimonokraga í byrjun fyrir sjálfa mig því ég fann ekkert þessu líkt í verslunum. Mig langaði í eitthvað um hálsinn úr vönduðu efni sem myndi endast og væri alltaf klassískt. Ég er líka afar hrifin af japönskum textíl og kimonosilki en það er ekki praktískt að tipla um í fullum kimonoskrúða í rigningunni á Englandi, hvað þá heldur í snjónum á Íslandi. Svo þetta er hagnýt málamiðlun,“ segir Elín en hver kragi sem hún gerir er einstakur.

„Kimonokragarnir eru gerðir úr kanínufeldi og ég hef notað þrjá mismunandi liti; svartan, gráan og hvítan. Svo kaupi ég kimonosilkið beint frá Japan og er með alls kyns liti og mynstur. Ég hannaði þá þannig að hægt sé að snúa þeim á tvo vegu – það er hægt að snúa feldinum út og silkinu inn eða öfugt. Mér finnst unaðslegt að hafa feldinn upp við hálsinn, svo dásamlega mjúkt og hlýtt. Einhverra hluta vegna virðast karlmenn, samkvæmt óvísindalegri könnun minni, vera hrifnari af að sjá feldinn vísa út. Viðbrögðin hjá konum hafa verið mjög góð og mér sýnast þær vel kunna að meta kragana.“

Elín hefur alltaf haft áhuga á hönnun og því sem tengist henni og útilokar ekki frekari framleiðslu á næstunni. „Ég hef

alltaf haft áhuga á góðri hönnun. Fallegir og vandaðir hlutir hreyfa við mér rétt eins og listaverk og ég fæ í hnén þegar ég sé falleg efni og vel gerðar flíkur. Ég finn í beinunum hvað mér finnst fallegt og hvað ekki. Ég er ekki menntuð í hönnun heldur í heimspeki sem þarf auðvitað ekki að vera nein mótsögn. Ég ætla að einbeita mér að krögunum í bili og undirbúa meiri framleiðslu og sölu fyrir næsta haust. Annars kemur þetta allt að sjálfu sér yfirleitt, eitt tekur við af öðru.“

En ætlarðu ekki að fara að koma heim? „Tilfinningar mínar til Íslands hafa alltaf verið ástríðufullar og það hefur heldur bætt í síðan ég settist að erlendis. Ég er að reyna að kenna kærastanum mínum íslensku og hann getur núna sagt „gjörðu svo vel“, „takk sömuleiðis“ og „góður

fiskur“. Það gæti komið sér vel ef við flytjum heim. En við ætlum fyrst að flytja í sveit hér á Englandi og sjá hvernig það á við okkur, en ég get ekki ímyndað mér að ég verði mjög lengi í viðbót í burtu frá fósturjörðinni, yndislegri fjölskyldu og vinum. En kannski það velti á því hvenær ég missi endanlega þolinmæði gagnvart klassískri spurningu Englendinga þegar ég segi þeim að ég sé frá Íslandi. Hún er eitthvað á þessa leið: „Er ekki skelfilega kalt þar?“

Kragarnir hennar Elínar eru ekki enn til í verslunum en hún tekur við pöntunum á netfanginu aglanaglalakk@yahoo.com og einnig eru þeir á heimasíðu Sirrýjar í Fólki á www.skjar1.is/folk. Hver kragi kostar 7.500 krónur.

lija@frettabladi.is

Kragarnir falla vel að hálsinum og geta bæði virkað sem trefill og tiskufylgihlutur.



Gyðjurnar og prinsarnir í Hollywood

TÍSKAN Á ÓSKARNUM VAR ÖVENJU- FÁGUÐ Í ÁR.

Það var ekki bara Clint Eastwood sem stal senunni á Óskarsverðlauna- hátiðinni síðastliðinn sunnudag heldur fylgdust fremstu tiskugúrur heims með tiskuframmistöðu stjarnanna á rauða dreglinum. Eins og alltaf slógu sumir í gegn í óaðfinnanlegum fatnaði þar sem fágun og glæsileiki var í fyrirrúmi. Síðkjólmarnir voru sem fyrr áberandi, förðunin náttúruleg og hárið fallega uppsett.



Kate Winslet var glæsileg eins og alltaf í kjól eftir Badgley Mischka og eiginmaður hennar Sam Mendes var ekki verri í tauinu.

Annar páskaungi! Penelope Cruz í kjól frá Oscar de la Renta.



Óskarsverðlaunahafinn Hilary Swank var afar flott í baklausum kjól frá Guy Laroche.



John Galliano klæddi Charlize Theron, sem leit út eins og fallgur svanur.

Páskaunginn Cate Blanchett í kjól frá Valentíno.



Reneé Zellweger klæddist enn á ný kjól frá uppáhaldshönnuðinum sínum Carolina Herrera.



Úr háborg tiskunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Sökkvandi lystisnekkja

Þá er tiskuvikunum að verða lokið í þetta skiptið í Mílanó, London, New York og nú er það París sem rekur lestina af tiskuborgum sem skipta verulegu máli. Fyrir einum fjórtán árum byrjaði nýr hönnuður hjá Gucci-keðjunni sem átti í erfiðleikum, Tom Ford að nafni. Hann gerði þetta gamla ítalska fjölskyldufyrirtæki að stórveldi. Seinna keypti svo Francois Henri Pinault, franskur viðskiptajöfur, hlut í Gucci og svo náði hann Yves Saint Laurent þegar það fyrirtæki var selt. Þannig varð til Gucci-group sem er þriðja stærsta samsteypa í heimi lúxus- iðnaðarins.

Tom Ford endunýj- aði algjörlega stílinn hjá hinu fjörutíu ára gamla tiskumerki en Yves Saint Laurent er einn frægasti hönnuður okkar tíma. Hann tók jakkafötin og hannaði buxnadráttina fyrir konur, frá honum eru komnir munnarnir sem eru notaðir í munstur hjá mörgum tiskuhúsum eins og Prada. Þessi munnur kom upphaflega úr súrrelalískum málverkum Salvadors Dalí. Svo ekki sé minnst á ilmvetnin eins og Opíum og Paris. En allt hefur sinn tíma og sá gamli dró sig í hlé. Tom Ford fjölgaði búðunum úr fimmtán í sjötíu og jók sölu á fylgihlutum, eins og tös- kum og skóm, úr 10 í 35 prósent.

Svo urðu Pinault og Ford ósam- mála því Ford vildi vera einráð- ur um stefnuna og hann hætti sem listrænn stjórnandi Gucci og YSL.

Alexandra Facinetti sem lengi vann með Ford hjá Gucci tók þar við kvenhönnuninni og sýndi á dögnum glæsilegan klæðnað í anda hins svokallaði „porno-chic-stíl“ Fords. Gucci hefur því lifað af brottför Fords. Ekki er hægt að segja það sama um Stefano Pilati hjá YSL, stíllinn þykir gamaldags og tösurnar og skórnir hafa algjörlega misst marks. Nú er beðið eftir annarri tisku- sýningu Pilatis fyrir YSL í næstu viku en sagt er í tiskuheimin- um að hönnuður sem ekki nær flugi sé tekinn af lífi í tiskupressunni eftir þriðju sýningu.

SPILAR EFTIR EYRANU

Guðlaug Halldórsdóttir textílhönnuður hefur stimplað sig rækilega inn í huga landsmanna eftir að hún fór að sjást vikulega á skjánum í þættinum *Innlit* útlit. **Marta María Jónasdóttir** drakk með henni maltöl á Tailenska veitingastaðnum í Tryggvagötu og komst að því að það var í raun áskorun fyrir hana að taka að sér sjónvarpsvinnuna því hún er í eðli sínu mjög feimin.

Gulla rekur fyrirtækið Má mí mó sem er bæði vinnustofa og verslun. Hún er nýkomin heim frá Kaupmannahöfn þar sem hún sýndi fylgihlutalínu sína ásamt þremur íslenskum hönnuðum sem sýndu fatalínur sínar á CPH Vision en sú sýning er ekki ósvipuð því sem gerist í París. „Það er svo mikið af flottu fólki. Stelpurnar á sölubásunum klæða sig allar upp og það iðar allt af lífi þarna og stemningin er mjög „hip og kúl“,“ segir Gulla og ljómar öll þegar sýninguna ber á góma.

Þessa dagana er hún að leggja drög að vetrarlínu sinni sem verður svolítið pönkuð, rokkuð og svartar fjaðrir verða í aðalhlutverki. Síðasta vetur var Gulla reglulegur gestur í þættinum *Innlit* útlit hjá Völu Matt. Þar lumaði hún á góðum hugmyndum og ráðum varðandi heimilið. Færri vita hins vegar að Gulla var mjög stressuð fyrir fyrstu upptökuna og þetta



Litrik og heillandi
Gulla sýndi litríkar og skrautlegar töskur í Kaupmannahöfn. Hún á auðvelt með að leika sér með liti og málmleðrir lyftir töskunni upp á hærra plan.

varð því að einskonar áskorun fyrir hana þegar Vala Matt bauð henni að vera með núna í vetur. Gulla er spontant og ákvað að nota þáttinn til að sigrast á feimninni. „Ég vandist því fljótt að vera í sjónvarpi og það spillti ekki fyrir hvað ég fékk góð viðbrögð hjá fólki,“ segir Gulla og bætir við að hún hafi því miður ekki haft alveg eins mikinn tíma og hún hefði viljað. *Innlit* útlit er umdeildur þáttur, ýmist elskar fólk hann eða hatar. Aðspurð um það segir Gulla að þetta trúfli hana ekki. „Öll umræða og krítík er góð. Það er gott að fá slæma krítík því maður lærir af henni og það er gaman að fá góða krítík því þá veit maður þegar maður gerir rétt. Það er ekki gott að fá bara hól því þá vill metnaðurinn fjara út.“ Það sem kom Gulla mest á óvart þegar hún byrjaði í þættinum *Innlit* útlit að það er ekki hægt að leyfa sér allt.



Væn og græn
Gulla hefur ávallt verið hrifin af grænum tönum og fá þeir svo sannarlega að njóta sín í þessari tösku.

„Mig myndi langa til að sýna meira af hönnun og fara meira út í þær nýjungar sem eru að gerast núna. Vala er með sitt „concept“ og maður verður að fara eftir þeim reglum sem hún setur,“ segir Gulla hlæjandi og viðurkennir að það geti oft verið erfitt fyrir konu eins og hana sem hefur unnið lengi sjálfstætt.

Forðast útsölur eins heitan eldinn

Fataá hugi Gulla leynir sér ekki. Þó hún sé nýjungagjörm eltir hún ekki alla tiskustrauma og leggur mikið upp úr því að fötin séu vönduð.

„Ég hef verið svona síðan ég var barn. Ég hef alltaf verið mjög vandlát á fatnað. Það er ekki nóg að fatnaðurinn sé í tisku, hann þarf að vera úr góðum efnum og sniðin þurfa að vera flott. Fatapælingar eru eitt af mínum áhugamálum og frá barnaldri hef ég teiknað fót. Afí minn var svakalega flottur í tauinu. Hann var mikið í útlöndum og keypti sér mikið af fallegum fötum. Ég hef fengið þetta beint í æð frá honum og móðursystur minni sem er líka mikil smekkkona. Ég hef alltaf frekar viljað eiga fáa en vandaða hluti. Ég geng mjög oft í sömu fötunum og er í þeim þangað til þau eru búin ef ég held upp á þau. Ég kaupi mér aldrei fót, þó þau séu ódýr, ef ég sé fram á að nota þau bara einu sinni og ég forðast útsölur. Ég vil frekar biða eftir nýju vörunum og nota peningana í þær. Mér finnst alveg ómögulegt að kaupa eitthvað sem er búíð að vera,“ segir Gulla og glottir. Hún segist skoða mikið af tiskublöðum til að fylgjast með en hún skoðar líka mikið af tisku inni á netinu. „Ég fer reglulega inn á vogue.com því

þar hef ég tækifæri á að skoða tiskusýningar í heild sinni en það birtist bara brot af þessu í tiskublöðunum,“ segir hún og bætir við að hún hafi mest dalaði á hönnun Prada, Dolce&Gabbana og Marc Jacobs. Hún segist líka vera stolt af því að ganga í íslenski hönnun.

„Það eru mjög kvenleg árhrif í tiskunni í dag og mikið um finheit eins og satín og blúndur, en þessi tíska er kannski ekki mjög praktísk fyrir hina vinnandi konu á Íslandi. Þegar ég er að fara eitthvað spari er gaman að eiga eitthvað fingert og rómantískt. Ætli ég fái mér ekki pífupils fyrir sumarið og sandala með fylltum hæl. Svo heldur maður bara áfram að vera í þröngum gallabuxum og í stígvélum yfir buxna-skálmunum. Mér finnst það mjög klæðilegt, flott og sexi.“

Fær aldrei nóg af heimilum

Gulla starfaði með eiginmanni sínum, Guðvarði Gíslasyni, í að reka veitingastaði fram til ársins 1994, þá skipti hún um gir og settist á skólabeck. Hún útskrifaðist sem textílhönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 1998.

„Þetta var stundum erfitt, sérstaklega því þetta var svo mikil breyting



Lýsi gefur hraustlegt útlit

Gulla segist vera nýbúin að uppgötva lýsi. „Ég er viss um að þunglyndi myndi snarminnka ef fólk tæki lýsi. Ég vildi að ég hefði fattað þetta fyrir,“ segir Gulla og viðurkennir að hún sé ekki komin upp á lag með að taka það af stút heldur sé í pillunum.“



Bleikur og gænn

Það myndu fáar konur slá hendinni á móti svona samkvæmisveski.

fyrir alla fjölskylduna. Ég sé þó alls ekki eftir því að hafa drifið mig. Þetta nám var þúsund sinnum þess virði. Ég mæli algerlega með því ef fólk hefur svona þrá í hjartanu að fylgja henni eftir og drífa sig,“ segir hún. Í dag tekur Gulla einnig að sér að stíliserar heimili fyrir fólk.

„Fólk verður oft svo samdauna heimili sínu. Þegar ég kem inn á heimili sé ég strax hvað betur má fara. Ég kem samt ekki heim til fólks til að ráðleggja því að henda öllu út og byrja upp á nýtt. Ég reyni að hjálpa fólki að laga heimili sín án þess að það kosti of

mikið. Fólk verður samt að vera inni á sömu línu og ég og hafa svipaðan smekk til að samstarfið gangi upp,“ segir hún og bætir við að hún gleymi aldrei sínu eigin heimili. „Ég þarf alltaf að taka heimili mitt til endurskoðunar tvisvar á ári, fyrir sumarið og fyrir veturinn. Á veturna vil ég hafa hlýlegt og mikið af kertum en á sumrin vil ég hafa meira af blómum og meiri ferskleika,“ segir Gulla. Þegar hún er spurð út í hvað sé framundan segist hún ekki vera viss. „Ég er ekki einu sinni búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór,“ segir hún.



Rókokómynstur

Gulla er mjög fær í því að búa til falleg mynstur. Rókokómynstrin eru mjög áberandi núna. Þau fara vel á púða í öllum litum eins og sést á myndinni.

Litaval og lýsina skiptir máli

Sterkir '60 litir vinsæl viðbót

Margir eru mjög smeykir við að gera eitthvað þegar kemur að litavali á fasteignina. Velja bara einhvern hvítan lit, til þess að forðast stórslys. Það er líka allt í lagi, að hugsa vel um hvaða lit á að velja því litaval getur skipt sköpum fyrir líðanina. Þeir sem búa í litlum íbúðum ættu að forðast alla sterka liti, og þeir sem hafa hugsad sér að mála að vetrarlagi, ættu að hafa litina frekar dökka, þannig að úr verði „kósý“ stemning. „Litaval fer ótrúlega mikið eftir kynslóðum. Unga kynslóðin er kannski tilraunakenndari, á meðan hin eldri er kannski öllu hefðbundnari,“

„Númerin á litunum segja fólki ekki neitt, heldur skiptir nafnið líka máli. Það verður að geta séð litinn fyrir sér í einhverju umhverfi“

segir Emma Axelsdóttir innahússarkitekt. „Unga fólkið er mikið að nota veggfóður, þá kannski bara einn vegg, hálfan eða jafnvel smá ræmu,“ segir Emma, en hún segir eldri kynslóðina nota meira náttúruleitina. „Núna er verið að nota

milda jarðliti, eins og sveppabrúnan, eða gráan.“ Fyrir tveimur árum þótti mjög flott að mála útvegg í einum sterkum lit, en svo hvarf sú tíska. Hún virðist hins vegar vera að koma aftur, og þá Hraunið Jarðlitir hafa verið mjög vinsælir og þá liturinn „hraunið“ sérstaklega






www.magisdesign.com



FULLT HÚS AF FALLEGRI HÖNNUN OG STERKUM LÝSINGARORÐUM



marimekko®



Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

LÍFIÐ ER Á ÍSLANDI

Bryndís Torfadóttir, framkvæmdastjóri SAS í Skandinavíu, festi kaup á fallettri íbúð í Grafarholti í lok síðasta árs. Íbúðin er glæsilega búin og í henni blandast saman nokkrir stílar þó hún sé undir miklum skandinavískum áhrifum. **Marta María Jónasdóttir** heimsótti Bryndísi á góðum degi og spjallaði við hana um heima og geima, en það er henni ofarlega í huga að gera Ísland að alvöru spa-landi.

Bryndís og eiginmaður hennar Gunnar Rafn Jónsson skurðlæknir á Húsavík nota íbúðina sem sumarbústað í borg, en þau eiga lögheimili á Húsavík. „Þar sem við erum svo lánsöm að eiga heima á einum fallegasta stað landsins, í Þingeyjarsýslu, er okkar val sumarbústaður í höfuðborginni þar sem við njótum þess að fylgjast með öllu sem borgin hefur upp á að bjóða eins og að fara á ýmsar listaupplýsingar sem ekki fara út á landsbyggðina. Tónleikar, leikhús og myndlistarsýningar heilla hvar sem er í heiminum og ekki síst það sem sett er upp á Íslandi af fagfólki og áhugaólki hérlendu og erlendu,“ segir Bryndís.

Það er létt yfir þessari íbúð og húsgögnin mest í skandinavískum stíl enda hefur Bryndís búið árum saman í Danmörku og unnið í Skandinavíu, Grænlandi, Bretlandi og Eistlandi. Það gætir áhrifa frá Bretlandi, sem lýsir sér þannig að húsmóðirin gat ekki hugsað sér heimilið án arins. Þar sem ekkert arinstæði var í húsinu leysti Húsgagnahöllin vandann með því að setja upp „gel“-arin og sést enginn munur á loganum í honum og „ekta“ og svo snarkar notalega í honum líka.

„Frá Eistlandi hafa bútasamsteppi, kristall og eistnesk málverk bæst við innbúði. Eistar eru ótrúlegt handverksfólk. Ég naut þess á hverjum laugardegi að fara á ráðhústorgið í Tallinn og litlu göturnar allt í kring, að sjá málara,

þrjónakonur, saumakonur, leðurgerðarfólk, trésmíði, járnsmíði, glerblástursfólk og fleiri að störfum því mikið er af „lifandi“ galleríum þar sem þetta hagleiksfólk vinnur og selur vinnu sína,“ segir Bryndís og hlær og bætir því við að henni finnst alltaf jafn gaman að koma til Eistlands.

Hún hefur alltaf safnað fallegum skrautumunum og þykir vænt um þá. Bryndís segir að eiginmaður hennar hafi jafnvel enn gleggri auga fyrir listinni en hann bæði malar og er líðtækur ljósmyndari og svo spilar hann á flygíl. Í íbúðinni eru nokkrar vatnslitamyndir eftir Gunnar Rafn. Fyrsta myndin sem hann gaf henni var vatnslitamynd af Snæfellsjökli sem er einn af hennar uppáhaldsstöðum. Bryndís segist hafa kolfallið fyrir íbúðinni vegna útsýnisins og var Gunnar Rafn sama sinnis. Á gólfunum er ljós askur og er íbúðin mjög björt.

„Heimili okkar á Húsavík er í öðrum stíl, enda um stórt hús að ræða og stóra verönd kringum húsið. Þar sem börnin okkar búa hér og þar um heiminn leggjum við mikið upp úr því að hafa nóg pláss fyrir alla,“ segir Bryndís en þau Gunnar Rafn eiga sjö börn og ellefu barnabörn til samans.



Framkvæmdastýra á heimavelli
Bryndís kann vel við sig í Grafarholti þar sem útsýnið yfir borgina og sundin blá er hreint óborgarlegt.

„Heimili okkar á Húsavík er í öðrum stíl, enda um stórt hús að ræða og stóra verönd kringum húsið. Þar sem börnin okkar búa hér og þar um heiminn leggjum við mikið upp úr því að hafa nóg pláss fyrir alla.“

„SAS-barnið“ sem óx og dafnaði
Bryndís hefur starfað hjá SAS-samsteypunni í 35 ár nú í vor. Vegna starfsins hefur hún ferðast vítt og breitt um

heiminn. Hún vill þó ekki gera mikið úr ferðalögum sínum en segist hafa séð ógrynni af flughöfnum. Síðast bjó hún í Tallinn í Eistlandi þar sem hún kom á fót símsölu og þjónustuveri fyrir SAS, sem er þjónustuver fyrir allar Evrópuskrifstofur SAS. „Ég bjó í tæp tvö ár í Eistlandi, og var það ótrúlega skemmtileg lífsreynsla og svo gjörólíkt fastskorðaða breska kerfinu og ekki síður ólíkt íslenskum lífsháttum. Í þessum baltneska heimi sem er að byggjast upp er mikið um andstæður. Peningarnir streyma inn í landið en á sama tíma er mikil fátækt.“

Þegar frelsið varð staðreynd stóð þjóðin uppi með alls kyns vandamál og algjört peningaleysi. Eistarnir ákváðu mjög fljótt að fá utanaðkomandi fjármagn og hreinlega auglýstu eftir því með heimasíðu sinni www.invest-estonia.com. Í þessu skyni var nauðsynlegt að þeirra mati að kynna landið vel út á við og gera það eftirsóknarvert sem ferðamannaland. Ég vann með hópi í Eistlandi að því að finna sameiginlegt „branding“-merki fyrir landið sem allir myndu nota í auglýsingum ásamt sínu eigin vörumerki. Eistlendingar hafa

náð mjög langt á könnum tíma og byggja hratt upp spa-meðferðarhótel og selja líka ýmsa lækisþjónustu og dvöl á heilsustöðum í Eistlandi,“ segir Bryndís og heldur áfram. „Hjá SAS-þjónustuverinu í Tallinn borguðum við mjög góð laun miðað við laun í landinu.“

Skiptstjóri á báti

Oft hefur verið talað um flugheiminn sem karlaheim. Aðspurð um hvort hún hafi fundið fyrir móthyri vegna kynferðis segir hún svo ekki vera. „Kannski er ég bara svona heppin? Ég er „SAS-barn“, sem þróadist með félaginu. Ég er menntuð innan félagsins á fjölmörgum sviðum og hef sinnt margvíslegum störfum fyrir félagið á ólíkum stöðum. Í raun hafa mér oftar verið boðin störf en að ég hafi sótt um þau. Það verður samt að viðurkennast að fáar konur hafa komist í toppstöður áætlunarflugfélaganna og þar með talið SAS,“ segir hún og bætir við að henni lítist afar vel á nýráðinn forstjóra Flugleiða. „Mér finnst frábært að svona ung kona hafi verið ráðin sem forstjóri Flugleiða. Það hefði aldrei komið til greina að setja konu í þessa stöðu nema hún væri eldklár, en um leið er þetta rosaleg markaðssetning fyrir félagið. Þetta er svona álika og þegar okkar ástkæra Vigdís var kjörin forseti og kom Íslandi á landakortið



Heimaskrifstofan

Bryndís var að hoppa upp í flugvél þegar innlitið var tekið.



Kósi svefnherbergi

Bryndís lét smíða skápana í svefnherberginu. Englamyndirnar á veggnum eru í miklu uppáhaldi.



Veglegt útsýni

Bryndís féll algerlega fyrir útsýninu þegar hún kom inn í íbúðina og henni finnst alls ekki of langt í miðbæinn frá Grafarholti.



Notalegheit í fyrrirúmi

Arininn setur svip sinn á stofuna. Myndirnar fyrir ofan arininn eru eftir danskan málara sem er hét Helgi Bertram og var rektor á Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn. Sófasettið, sem er bæði fallett og gott að sitja í, er frá Epal. Svarta skinnið á gólfinu setur skemmtilegan svip á stofuna.



Huggulegt

Sjónurnar eftir Arne Jacobsen njóta sín vel og það kemur vel út að hafa þær í sitt hvorum litnum. Skenkurinn er úr IKEA.



Horft inn í eldhús

Stólarnir og borðið eru úr smíðju Arne Jacobsen en ljósið yfir því er frá Louis Poulsen. Grínmyndirnar á veggnum birtust í breskum dagblöðum í fyrra þorskastríðinu. Myndirnar voru gefnar Flugfélagi Íslands í London en enduðu hjá sölumanni sem síðar var ráðinn til SAS. Hann stoppaði stutt við og gaf Bryndísi myndirnar.

Byggingar sem eiga engan sinn líka:

Sköpunarfrelsi Frank Gehry

Kanadíski arkitektinn Frank Gehry er af mörgum talinn vera einhver áhrifamesti arkitekt tuttugustu aldarinnar. Hann hefur fært arkitektúrinn frá því að vera hefðbundnar byggingar yfir í nánast skúlptúra.

Gehry fór fyrst að vekja athygli á áttunda áratugnum, þegar hann færði

síð frá hefðbundnum markaðsvænum arkitektúr. Í stað þess að skapa byggingar bjó hann til nothæfa skúlptúra. Hann hefur á undanförunum árum verið að færa sig úr tré og járn yfir í steinsteypu. Engu að síður sést alltaf þegar Gehry hefur verið að verki.



Guggenheim-listasafnið í Bilbao
Þetta safn er einstakt og eitt þeirra húsa sem oftast eru nefnd þegar rætt er um arkitektúr.

um allan heim. Flugleiðir eiga eftir að verða „heimsþekktar“ fyrir að vera með svona unga konu í forstjórstól,“ segir Bryndís og bendir á að það sé fullt af konum í ábyrgðarstöðum, það fari bara svo hljóðlega. „Að feta metorðastigann er meira val hjá konum en körlum. Við breytum því aldrei að við konur tökum oftast sjálfkrafa á okkur ábyrgðina á börnum og heimilishaldi þó allir hjálpist að við að róa skútunni. Það gerist eitthvað annað þegar kona eignast barn en þegar maður eignast barn. Það þarf samt alltaf einn skipstjóra og á heimilisskútunni verður það oftast ekki móðirin og þá getur verið erfitt að sinna skipstjórarstarfinu ásamt öðru fullu starfi.“

Dekurparadísin Ísland

Bryndís og Gunnar Rafn hafa mörg sameiginleg áhugamál fyrir utan velferð stórfjölskyldunnar, en bæði eiga þau önnur sambönd að baki og börn með öðrum mökum. „Ég vildi óska þess að við Gunnar Rafn gætum farið að vinna minna og eyða meiri tíma í áhugamálin meðan við höfum heilsu til. Áhugamálin eru ótalmörg en heilsan er fyrir öllu,“ segir Bryndís. Hún hefur mestan áhuga á útiveru eins og skíðaiðkun og sundferðum, en þau Gunnar Rafn eru saman í gólfinu og svo spilar matargerð stórt hlutverk. Þau hafa sameiginlegan lífsdraum um heilsuparadísina Ísland og hafa stofnað fyrirtækið Lífsmáta.

„Reykjavík hefur verið auglýst sem „Spa City“ og allt gott um það að segja. Vonandi er hægfare róður alltaf öruggur. Mikið og gott starf hefur verið unnið að þessu sameiginlega átaki sem auglýst hefur verið erlendis. Mesta athygli vekur þar sundlaugamenning Íslendinga og svo auðvitað Bláa lónið sem er í raun að verða heimsþekkt. Við getum þó ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd að landið okkar hefur ekki upp á eitt einasta „spa“ eða heilsuhótel að bjóða á þann mælikvarða sem erlendir ferðamenn eru að sækjast eftir,“ segir Bryndís og er orðið heitt í hamsi og fullryðir að eina landið sem gæti virkilega kallað sig „spa“-land væri Ísland.

„Upphitað vatn á spa-stöðum erlendis er og verður alltaf volgt og hefur engan veginn sömu áhrif og okkar heitu uppsprettur, okkar náttúruböð, heitu pottar og laugar úti um allt land. Mannslíkaminn þarf ekki bara að sturta yfir sig vatni til þvotta heldur þurfum við að liggja í vatni þó ekki sé nema vellíðunarinnar vegna. Við erum eins og afskorin blóm í vasa, skrálnum hratt ef við fáum ekkert vatn að svamla í,“ segir hún en draumur þeirra hjóna er að opna heilsuþaðmiðstöð í Þingeyjarsýslu í samvinnu við alla aðila í sýslunni. „Það þarf hraðari þróun í uppbyggingu ef við viljum ekki missa af lestinni og láta allar aðrar þjóðir ná að markaðssetja og selja sín lönd sem spa-lönd. Útlendingar sem eru tilbúnir að borga nánast hvað sem er fyrir „lúxus“ spa-dvöl vilja ekki vera í höfuðborg. Þeir vilja heldur ekki þurfa að þvælast á milli staða í leikfimi og meðferðir af ýmsu tagi,“ segir Bryndís. Eftir að hafa ferðast um allan heim og búið víða er Ísland efst á baugi hjá henni. Núna vill hún hvergi annars staðar búa en á Íslandi. Eitt er þó víst að með allar þessar hugmyndir að vopni er langt þangað til hún sest í helgan stein.



Pitt öryggi

Er þitt heimili öruggt? Leyfðu okkur að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöð Íslands fyrir 31. mars og þú getur valið á milli tveggja glæsilegra kaupauka. Vertu áhyggjulaus í fríinu, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili á meðan.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



Verndaðu heimili þitt fyrir óboðnum gestum!

- Innbrotaviðvörðun
- Næturvæling
- Brunaviðvörðun
- Þráðlausir skynjarar
- Útkallsþjónusta öryggisvarða
- Enginn uppst.kostnaður.
- Fjarstýring innifalinn.

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400



KAUPAUKI 1.

KAUPAUKI 2.

Einnig gefst núverandi viðskiptavinum kostur á að kaupa verðmætaskápin og slökkvitækið ásamt teppinu á sérstöku tilboði. Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 530-2400.



ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • Sími 530 2400 • Fax 530 2401 • www.oi.is

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

Parf að „meika sens“

Pægindi umfram allt

Pétur B. Lúthersson er einn af elstu og reyndustu hönnuðum landsins. Hann hefur verið að í rúm fjórutíu ár, og er hvergi neinn bilbug á honum að finna. Hönnun hans hefur yfirleitt selst mjög vel, bæði eru stólar og borð í mörgum opinberum byggingum. Hann segist vinna eftir mjög einfaldri hugmyndafræði. „Það þarf að vera hægt að nota húsgagnið, sitja í stólnum,“ segir hann, sem setur pægindi fram yfir allt annað. „Hönnun, svo ég vitni í unga fólk, þarf að „meika sens.“

Pétur mun á laugardaginn opna sýningu í samstarfi við Geir Oddgeirsson, húsgagnasmið, en þeir hafa starfað saman að nokkrum

Punta
Þessi stóll var hannaður árið 1986, og var framleiddur í Þýskalandi af Heinrich Brune GmbH + Co.



verkefnum undanfarin ár. „Ég vildi vekja athygli á því, að hæfileikaríkir fagmenn hafa verið að sinna störfum við framleiðslu sem er ekki alveg samboðin kunnáttu þeirra og hæfileikum,“ segir Pétur um tildrög sýningarinnar. Hann segir vel hægt að búa til fallega og vandaða vöru hér á landi og þessi sýning sanni það. „Kunnáttan er fyrir hendi, en það er hætta á því, að hún glatist vegna ódýrs innflutnings,“ segir Pétur, sem fékk Geir til að smíða stól og borð úr sérvalinni eik. Auk verka Péturs og Geirs, verður til sýnis borðbúnaður eftir Kristínu Sigriði Garðarsdóttur leirlistamann.



Teso Þetta er svona Rolls Roysinn hvað varðar framleiðslu, hún var alveg ótrúlega flott, enda er þetta fyrirtæki, Rosenthal eingöngu með það flottasta og verðið eftir því. Ég fékk það verkefni að hanna stól sem var í þeirra klassa, og Teso varð útkoman. Stóllinn er hannaður 1990.

Pétur B. Lúthersson
„Það er vel hægt að búa til fallega og vandaða vöru hér á landi og sýningin sannar það.“



Er með stól í Alþingishúsinu og Mcdonald's í Þýskalandi

Ein hugmynd fæðist af annarri

Erla Sólveig Óskarsdóttir, hönnuður, á ekki langt að sækja áhugann á húsgögnum, en faðir hennar er Óskar L. Ágústsson húsgagnasmiður. „Ég var alltaf eitthvað að sniglast í kringum hann, og hann gefur mér ennþá góð ráð,“ segir Erla sem lærði í Danmörku, en fluttist strax heim, segist hafa saknað fjallanna. Hún hefur unnið sjálfstætt

siðan, og segir það að vera hönnuður á Íslandi ekki það auðveldasta, þetta sé mikið basl og útheimti mikla vinnu. Erla segist ekki hafa ætlað sér að fara að hanna stóla, en hún hafi einfaldlega orðið heltekin af þeim. „Það má kannski segja að ég hafi festis í stólum,“ segir hún og minnst þess, að þegar hún hafi verið á öðru ári í skólanum



Dreki

Þessi stóll er byggður á útskriftarhugmynd minni, sem var stóll með þremur fótum. Ég var mjög ánægð með hönnunina á setunni, en vegna öryggisstaðla varð ég að bæta við fjórða fætinum.



Erla Sólveig í Stóra Dímon
Þessi sófi fer í framleiðslu á Ítalíu, sem ég er mjög stolt af, enda Ítalíu mekka húsgagnaframleiðslunnar. Það má kannski segja að þetta sé stóll sem hafi orðið að sófa

sínum, hafi hún gert bastól og þá hafi verið fenginn prófdómari að utan. „Hann sagði við mig, að ég væri heppin ef mér tækist að gera betri stól en þennan,“ segir hún, og bætir við, að þetta hafi kannski orðið henni hvatning, hún hefði verið staðráðin í að sýna að hún gæti betur.

Erla hefur nýlökkið við að hanna stól fyrir kólumbískan markað, en Dreki

fyrsti stóllinn hennar sem var settur í framleiðslu, varð mjög vinsæll þar á landi. „Þeir vilja fá nýjan dreka,“ segir Erla en þess má til gamans geta að þann stól má einnig finna á Mcdonald's í Þýskalandi.

Bessi

Hann er mjög léttur og sameinar festingu og bak. Þegar hannað er fyrir opinberar byggingar þarf að gera ráð fyrir, að það sé hægt að stafla stólunum.



Rússlandsferð

Kynning á Bjarmalandsför til Moskvu og Pétursborgar í júní 2005 verður í MÍR salnum Vatnsatig 10 Rvk. sunnud. 6. mars kl. 17:30



- Allir velkomnir, síðustu forvöð að tryggja sér þátttöku
- Ítarlega verður farið yfir ferðatilhögum
- Munið að vegabréf þarf að vera gilt til sept. 2005, best að skila því sem fyrst

Nánar um vandaða dagskrá á síðunni www.austur.com

Kringið, eða sendið skjátu á moskva@torg.is

Ferðaskrifstofan Bjarmaland
Haukur Hauksson aðalfararstjóri
gsm 848 44 29

P.S.
Sama dag kl. 15 í bíósalnum niðri verður sýnd heimildarmynd um orrustuna um Moskvu veturinn 1941, skýringartal á dönsku.

Frábær grímmynd fyrir alla fjölskylduna!

Sendu SMS skeytið JA SMF á númerið 1900 og þú gætir unnið!

Vinningar eru miðar fyrir 2 á Grímuna 2
• Varningur tengdur myndinni
• DVD myndir og margt fleira!

11. HVER VINNUR!

GRÍMAN 2 SONUR GRÍMUNNAR

Sýnd með íslensku og ensku tali

SAMSUNG SUBWAY

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

Gæða handklæði á verði sem þú
þinnur ekki annars staðar

Fermani

handklæði

Þvottastykki
30x30 kr. 80.-

Gestahandklæði
40x60 kr. 190.-

Handklæði
50x100 kr. 390.-

Baðhandklæði
67x140 kr. 699.-


Baðhandklæði
90x150 kr. 990.-

**ATH! Röndin skreppur ekki
saman í þvotti**



5 nýjir litir

Skemmtilegast að
versla handklæði



GARDÍNUBÚÐIN

Parabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677

Skipagötu 18 • Akureyri • Sími 461-7878

Opnunartími: mánud. - föstud. 10-18 • laugard. 11-14

Góð ráð fyrir byrjendur

Hægt að gera fyrstu íbúðina flotta fyrir lítinn pening

Pegar ungt fólk kaupir sér sína fyrstu íbúð, þá fjárfestir það yfirleitt í einhverri lítilli íbúð, sem ef til vill lítur ekkert alltof vel út. Yfir það hvolfast áhyggjur og það sér fyrir sér mikil fjárútlát í þessar breytingar. Það þarf þó ekki að vera, því með ofureinföldum lausnum getur íbúðin bæði orðið stærri og glæsilegri. Þetta eru frekar einfaldar breytingar sem unga fólk getur jafnvel gert sjálft að einhverju leyti fyrir tiltölulega lítinn pening.

Gólfíð: Mismunandi gólfefni gera íbúðina minni. Fyrsta verkefnið ætti því að vera, að koma gólfinu í gott horf og hafa það sama á öllu fletinum, ef undanskilið er baðið.

Loftíð: Ef valið er parket á gólf, þá er gott að ganga úr skugga um að ekki sé tré í lofti líka. Ef það er baði tré á gólf og í lofti, þá fer fólk að líða eins og í samloku. Einföld lausn á því, er að setja hvítar gífsplötur í loftið.

Litir: Það skyldi forðast alla sterka liti í lítilli íbúð, það gerir hana minni. Ef almenn litagæði er á heimilinu, má

þjarga því með veggfóðri, kannski með eins og einni rönd, eða á hálfan vegg. Þá er líka hægt að setja nýtt áklæði í sterkum litum á hvíta sófa og fá þannig fram einhverja liti.

Íbúðin: Í litlum íbúðum á að forðast öll litil rými og reyna eftir fremsta megni að gera rýmið sem opnast og stærst. Þá er líka í lagi, að splæsa á sig eins og einum flottum vaski á baðherbergið til þess að ná fram smá „klassa“.



Sixties geometriskt veggfóður

Lífgar upp öll þessi minimalistisku heimili. Ekki er þó verið að veggfóðra alla veggina, heldur bara einn.



Sixties veggfóður

Veggfóðrið hefur verið að komast í tísku vegna þess að í því er fólgin tilbreyting.

Vinsælt sixties afbrigði

Veggfóðrið kemur með hlýjuna

Veggfóðrið er orðið mjög vinsælt í dag, ekki kannski á alla veggi, heldur er einn veggur, jafnvel bara hálfur eða smá ræma veggfóðruð. Ólöf Jakobína Ernudóttir, innanhússarkitekt, er mikill aðdáandi veggfóðursins, sem hún segir þó vera meiri tiskubólu heldur en eitthvað sem er komið til að vera. „Undanfárin tíu ár hefur minimalisminn verið alls ráðandi og allt hefur verið hvítt og

„steriliserað“. Veggfóðrið hefur því verið að komast í tísku, vegna þess að í því er fólgin tilbreyting. Ég held að fólk langi til þess að hafa eitthvað meira persónulegra, jafnvel hlýlegra og heimilislegra.“ Ólöf segir að þeir sem fái sér veggfóður, skipti sér í tvo flokka. „Þessi sixties-lína, sem hefur verið mjög sterk að undanförmu er vinsæl, þá með þessu geometrískra munstri. Þeir sem hins

vegar ekki finna sig í því, hafa verið að fá sér franskt dúllulegt barokkmunstur.“ Ólöf segir, að þeir sem séu ekki hrifnir af veggfóðri, geti beitt öðrum brögðum til þess að fá meiri hlýju inn í hýbýlin. „Sumir hafa parketlagt einn vegg og aðrir hafa málað hann í þessum sterku litum. Þó að nánast allt sé hvítt og sterilt, þá getur einn veggur sem sker sig úr breytt miklu.“



Franskt dúllulegt veggfóður

Barokkmunstur er vinsælt meðal þeirra sem ekki fá sér sixties-veggfóður.



Franskt barokkveggfóður

Þó að allt sé hvítt og sterilt, getur einn veggur sem sker sig úr breytt miklu.

MÁLNING Á EVRÓPUVERÐI

Hjá okkur er málningin um 40% ódýrari en sértíloð helstu samkeppnisaðila okkar!



Velkomin á Smiðjuveg 72

MÚRBÚÐIN

Smiðjuvegur 72 · 200 Kópavogur · Sími 544 5470 · Fax 544 5471
Netfang: sala@murbudin.is · www.murbudin.is



NÝ ROPE YOGA NÁMSKEIÐ HEFJAST 7. MARS
Morgun-, Seinni parts- og Kvöldnámskeið Skráning í síma 577 5555

Stein borðplötur og flísar



**S.HELGASON
STEINSMÍÐJA**

Skemmuvegi 48 • Kópavogi • S: 557 6677 • www.steinsmidjan.is



CAMBRIDGE 3JA SÆTA 119.900.-



ASPEN 3JA SÆTA 99.900.-



DORIAN 3JA SÆTA 79.900.-



BIG BOX SVEFNSÓFI 129.900.-



SPACE 3JA SÆTA 99.900.-

SKANDINAVÍSK
HÖNNUN

**SEATING
CONCEPT**

Laugavegi 97 / sími 552 1844 / seatingconcept.is

Hönnunarblöð: Frábært úrval

Peir sem vilja drekka í sig fróðleik um nýjstu strauma og stefnu í innanhúss- og utanhússhönnun hafa úr nógu að velja þegar kemur að úrvali erlendra tímarita. Helstu bókabúðir landsins bjóða upp á fjölda titla af blöðum héðan og þaðan úr heiminum um innanhússarkitektúr, húsgagnahönnun og allt þar á milli. Hér eru nokkur af þeim helstu.



> **Case - Da Abitare** Frá Ítalíu en það slá fáir ef nokkrir ítölum við þegar kemur að útgáfu um hönnun, sama hvaða nafni hún nefnist. Mjög fjölbreytt og skemmtilegt og útlitið að sjálfsögðu til fyrirmyndar, sem skiptir auðvitað miklu fyrir alla þá Íslendinga sem ekki skilja bofs í texta blaðsins. Þó vill svo vel til að aftast í blaðinu er einmitt samantekt á ensku úr helstu greinum blaðsins fyrir þá sem vilja ekki láta sér nægja að dást að myndunum.

> **Elle Decor** Bandaríska útgáfan af Elle-innanhústímaritunum sem koma út um allan heim á ýmsum tungumálum og jafnframt flaggskipið í flotanum. Elle Decor er alltaf súpersmart og pottþétt, á köflum kannski um of íhaldssamt þegar of mörg heimili vellríkra uppa rata inn í blaðið.



> **Elle Decoration UK** Breska útgáfan af Elle Decor og aðeins svalara og yngra í anda en bandaríska systurútgáfan, svona meira Dolce & Gabbana en Ralph Lauren. Þar sem það kemur út í norðurhluta Evrópu á það kannski meiri erindi til okkar Íslendinga en hin Elle innanhússblöðin (Ítalía, Spánn, Ástralía o.s.frv.), fyrir utan það sænska sem því miður er ekki selt hér.




> **Bo Bedre** Var lengi vel hin eina sanna biblíja íslenskra húsmæðra með metnað fyrir að skapa sér smekkleig heimili. Sá tími er löngu liðinn og önnur blöð úr hinum stóra heimi hafa tekið við því hlutverki. Bo Bedre stendur þó enn fyrir sínu sem svona sætt heimilislegt blað um innanhússhönnun fyrir þá sem eru ekki týndir í merkjadyrkun eða súperkúlheitum.



> **Decoration** Svona þýskt Bo Bedre með greinum um falleg og fjölbreytt heimili en líka með efni og ráðleggingar um blómavasa og skreytingar.



> **Interior Design** Nýtt bandarískt tímarit sem hefur slegið hressilega í gegn og er fyrir vikið stúfult af auglýsingum, sem út af fyrir sig er ágætis efni fyrir þá sem eru sérlega áhugasamir um hönnun í víðu samhengi. Auglýsingaslagsiðan hefur þó verið fullmikil í síðustu tölublöðum á kostnað efnisins, sem skannar mjög breitt svið, allt frá tiltölulega hráum listamannaíbúðum til innréttinga í ofursnekkjum.



> **Dwell** Nýlegt bandarískt tímarit sem hefur sprungið út á allra síðustu misserum. Áherslan er á tiltölulega ungan og hipp stíl frekar en íhaldssemina. Blaðið hefur með góðum árangri staðið fyrir metnaðarfullum samkeppnum um forbyggð einingarhús sem særa ekki feðurðarskyn unenda húsaágerðarlístarinnar og leyft lesendum sínum að fylgjast með framgangi mála þar.



> **LD+** Frá frændum vorum í Danmörku eins og Bo Bedre, en þó allt öðr vísi. Meira artí fartí og líka fjallað um aðra hönnun en þá sem tengist beinlínis húsum og hóbýlum. Skemmtilega ferskt.



DENCON
ClubCompany

Rafstillanleg borð
Frá 89.900.-

Rafstillanleg borð
Sannkölluð heilsuþyting

Fundarborð Tilboð
49.900.-



Fundarborð
í öllum stærðum

skrifstofu húsgögn

Dencon skrifstofuhúsgögn frá Danmörku



Skilrúm
Í öllu stærðum og gerðum

Glæsileg
húsgögn fáanleg í
kirsúber, beyki og hlyn.



Tilboð
22.900.-

Team 11
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Stíllanlegir armar.



Tilboð
29.900.-

Optimum N
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Dýptarstilling á setu.
Stíllanlegir armar.



Tilboð
27.900.-

Mesz II
Flottur í fundarherbergið.
Leðurseta, leðurarmar.



Tilboð
19.900.-

Mesz
Glæsilegur stóll með leðursetu.



Tilboð
7.900.-

Sitio
Þægilegur stóll á góðu verði.

INN

InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is



Amalía Rut og Svandís Edda Hrifust af innréttingum JKE og hafa nú opnað sýningarsal með innréttingum frá þeim.

Dönsk og ítölsk hönnun

Eldhús, baðherbergi og stólar

Þann 18. febrúar opnaði nýr sýningarsalur í Mörkinni 1. Það eru þær Svandís Edda Halldórsdóttir og Amalía Rut Gunnarsdóttir, sem hafa veg og vanda af þessum sýningarsal, en þar eru til sýnis eldhús – og baðinnréttingar frá danska fyrirtækinu JKE, stólar frá ítölsku fyrirtækjunum Lapalma og Airnova, eldhústæki frá Siemens og reykháfar frá Sirius.

JKE design var stofnað í Danmörku árið 1970 en hefur verið í örum vexti síðastliðin ár, og meðal annars opnað verslanir í Svíþjóð og Noregi. „Okkur var eiginlega bent á þetta merki, höfðum séð þetta á Milánó-messu og leist vel á framsýnina hjá þeim,“ segja þær stóllur, en þær hafa mikla og

góða reynslu af eldhúsinnréttingum og hafa unnið mikið saman og í sitt-hvoru lagi. „Þeir eru meðal annars með innréttingar úr hnotu sem er nýjung hjá þeim auk borðplata og innfelldra vaska sem hefur verið erfitt að fá hér á landi,“ segir Amalía Rut. Verðið segja þær vera mjög misjafnt því hægt sé að fá ódýrar innréttingar en einnig í dýrari kantinum. „Þeir sérhæfa sig ekkert í neinum sérstökum verðflokki, heldur ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“ Ítölsku stólana flytja þær sjálfar inn enda fannst þeim þeir vera vandfundnir hér á landi. „Stólarnir með skinninu hafa vakið mikla athygli sem og barstólarnir sem við erum með.“



Stólar frá Airnova Hafa vakið töluverða athygli fyrir frumlegt efnisval.

TILBOÐSDAGAR

10 TIL 40%

AFSLÁTTUR

Yves Delorme®
PARIS

Stearns & Foster
FOUNDED 1842
S&F
STEARNS & FOSTER

RÚMTEPPI
BAÐHANDKLÆÐI
BAÐSLOPPAR
RÚMFATNAÐUR

KENZO
PIERRE FREY

Frá Yves Delorme, einu virtasta tiskuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stearns & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.



Langholtiavegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
Afgreiðslutími virka daga kl. 11 – 18 og laugardaga kl. 11 – 14.



Baðið Almennigur er að leggja meiri pening í að baðið hjá sér, kannski til þess að geta átt notalega stund með sjálfum sér.

Baðið orðið að lúxusherbergi

ENGA VERKAMANNA-KARMA TAKK

Hér áður fyrr þótti stofan vera stáss heimilisins, stórir chesterfield-leðursófar og íburðarmiklar mublur voru tákni um smekkvísi. En nú á tímum minimalisma er stofan horfin, orð-



Blöndunartæki Flott blöndunartæki geta lyft staðlinum upp á baðherberginu, og fólk er í síauknu mæli farið að leggja meira upp úr þeim á baðherbergjunum.

in jafnvel samofin eldhúsinu. Skiptir ekki jafnmiklu máli. Í dag er það baðherbergið sem skiptir öllu máli. „Fólk vill ekki vera með einhverja verkamannakarma lengur,“ segir Guðbjörg Magnúsdóttir, innanhússarkitekt. „Núna er almennigur tilbúinn til þess að leggja einhverja alvöru peninga í stór baðkór og flott blöndunartæki, sem er af sem áður var, því þá var minnsta peningnum varið í klósett. Nú hefur þetta algjörlega snúist við,“ segir hún og að ef til vill hafi pottamennin hér á landi mikið að segja. „Kannski vill fólk þetta upplifa þá stemningu bara heima hjá sér, inni á baði.“

Ef til vill er baðið líka orðið að eina gríðarstaðnum á heimilinu, þar sem allt er svo opið. Þá er um að gera að hafa þann stað sem best útbúinn.

Ekki sama hvernig sjónvarpið er sett upp Eins og flís við rass

Sjónvarpið, sem áður var hannað í mublulíki, er sjálft orðið að húsgagni. Og líkt og með flest húsgögn er ekki sama hvar og hvernig á að koma þeim fyrir. Flatskjárin hefur verið vinsæll og hér koma nokkur góð ráð til þess að láta hann njóta sín sem allra best.

Finnið staðinn þar sem skjárin á að festast eða standa. Best er að hugsa flatskjáinn þannig, að hann eigi að vera í sömu hæð og gamla lampasjónvarpið. Það er betra að horfa þínu-lítið niður, í stað þess að horfa upp.



Strikaðu fyrir skjánum á vegginn Lestu svo leiðbeiningarnar, svo þú getir fullvissað þig um, þegar skjárin er settur upp, að hann komi til með að vera alveg fastur.

Flatskjár þarf rými í kringum sig, það er því ekki gáfulegt að troða miklu í kringum hann.

Það er engin ein regla fyrir hversu stór skjárin á að vera í stofunni. Það fer allt eftir stærð rýmisins, hversu margir koma til með að sjá það samtímis og í hverslags stólum á að sitja

Hvaða fylgihluti ætlar þú að hafa með sjónvarpinu Hvar á til dæmis dvd-spilarinn að vera, heimabíóið eða myndbandstækið? Á þetta allt að vera nálægt sjónvarpinu? Viltu

Og að lokum, ekki kaupa of stóran skjá. Það kemur oft fyrir að séð verður eftir því, að keyptur hafi verið 42 tommu flatskjár.

ÉG VILDI AÐ ÉG hefði fundið upp...



Egill Helgason sjónvarpsmaður...



Snæfríður Ingadóttir ritstjóri flugblaðs Iceland Express...



Júlía Margrét Alexandersdóttir annar af ritstjórum Húsa og Híbýla...

...tölvupóstinn

„Ég held ég hefði helst viljað finna upp tölvupóst því hann gerir það að verkum að hægt er að eiga samskipti við fullt af fólk á einum þrúnað. Það er dásamlegt fyrir svona félagskita eins og mig.“



..myndavélina

„Ég vildi að ég hefði fundið upp myndavélina af því hún er svo góð uppfinning. Myndavélin er frábær leið til að varðveita ómetanlegar minningar svo ekki sé minnst á sögun. Þetta er hlutur sem er til á flestum heimilum og ég fullyrði að þetta er einn af þeim hlutum sem mér þykir vænst um á mínu heimili. Það er reyndar komið að því að endurnýja, en það er önnur saga.“



..Cadillac '57

„Ég vildi að ég hefði hannað Cadillac árgerð 1957 af því mér finnst þetta einn flottasti bíll sem ég hef séð. Afturljósir eru sérlega flott en þau eru með dreka-eldflaugarformi sem mér finnst mjög flott. Þetta er svona alvöru amerískur kaggi. Þessi bíll er efstur á óskalistanum hjá mér núna.“



Fróken Freyja leysir vandann

Vondur leigusali

Síðasta vetur tók ég íbúð á leigu sem er nú ekki í frásögur færandi nema hvað að ég átti í töluverðu basli með að borga. Þegar skuldin var komin upp í 800 þúsund var mér fleygt út úr íbúðinni. Ég skil ekki hvað er að þessu þakki. Leigusali er búinn að siga á mig lögfræðingum og ég veit ekki hvað og hvað. Um helgina hitti ég leigusalann á djamminu og hann tók sig til og hellti heilu raudvinsglasi yfir mig. Það fannst mér of langt gengið. Á ég að kæra hann fyrir það? Hvað er til ráða?

HH í Reykjavík

Ljött er að heyra en því miður er réttur þinn lítill og mér finnst þetta vera hálfgerð væl í þér. Ég myndi líka sleppa því að tala við lögfræðing, efast um að hann myndi sjá ljósið í þessari frásögn. Mér finnst það ekki vera stórmál að fá smá raudvín yfir sig, það er allavega lítill peningur miðað við leiguskuldirna og ættir þú að geta keypt allnokkur djammadress fyrir 800 þúsund. Ég myndi drífa mig að gera upp áður en leigusali fer að leggja þig í frækara einelti.

Tapaðir eyrnalokkar

Ég er ein af þessum óheppnu týpum sem eiga það til að vakna heima hjá ókunnugum gæjum eftir djamm. Þegar ég hrekk upp um morguninn er iðulega svo mikið fát á mér að ég gleymi alltaf einhverju. Ég reyni þó að passa að fara aldrei nærbuxnalaus úr ókunnugum húsum. Um þarsíðustu helgi gleymdi ég forláta demantseyrnalokkum hjá einhverjum gæja sem ég man ekki hvað heitir og það er varla að ég muni hvar hann býr. Ég verð að fá þessa eyrnalokka til baka því amma gaf mér þá og hún mun svo sannarlega taka eftir því ef ég hætti að ganga með þá. Hvernig get ég haft uppi á kauda?

FG í Garðabæ

Þú ert svo sannarlega í vanda stödd. Byrjaðu á því að reyna að finna búsið, þú getur varla hafa verið svo drukkin að þú munir ekki hvaðan þú tókst leigubíl heim. Svo skaltu fara heim í tölvuna og fletta í þjóðskránni þverjir búa í búsinu og reyna að finna út hvað hann er sirka gamall og hafa uppi á honum í síma-skránni. Ef það ber ekki árangur verður

þú einfaldlega að sitja um búsið og vonast til að hitta viðkomandi. Þetta hlýtur að bera árangur. Plan b er hins vegar að safna fyrir öðrum eyrnalokkum sem þú getur látið sérsníða eftir þeim gömlu. Ef þú manst þá hvernig lokkarnir lita út yfir höfuð..



Sendið fyrirspurnir og vandamál til fróken Freyju, F2, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladi.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

20-50% afsláttur

Eftirprentanir málverka allra gömlu meistarana. Konunglegt, danskt matar- og kaffistell.

Kristals ljósakrónur, málverk, gull og silfur skartgripir Pelsar og margt fleira

Antikhornið

Kolaportinu s: 848-1937



148.800 kr.



81.500 kr.

Ármúla 23, sími: 568 4242



85.800 kr.



29.900 kr.



178.800 kr.



Fermingargarúm frá RB



Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur

Við framleiðslu á dýnunum eru notaðar lokaðar fjaðrir sem koma í veg fyrir að klæðning dýnunnar skemmist við áralanga notkun. Algengur endingartími RB springdýna er tólf til sextán ár.



Allt eftir þínum óskum

Rétt lengd, breidd og hæð rúmsins eykur þægindin. Stífleiki springdýnunnar fer einnig eftir þínum óskum. Látið fagfólk leysa vandann.



5.000 kr.

Fermingargjöf sem innborgun á rúmi



Mikið úrval af sængurfatnaði



Opið á
laugardögum
kl. 10-14

RAGNAR BJÖRNSSÓN ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is



VW Passat Basicline, skrd. 05/1999, e. 101.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 970.000 kr. Tilboð 860.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Chrysler Intrepid, skrd. 01/1994, e. 207.000 km, 3500cc, sjálfskíptur. Ásett verð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo S60 LPT-Turbo, skrd. 05/2004, e. 15.000 km, 2000cc, sjálfskíptur, m/öllu. Ásett verð 3.950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



BMW 520i. Nýskr. 08/2000, 2000cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, ljósgrár, ekinn 59 þ. Verð 2.290.000. RO-257. B & L. S. 575 1230.



Volvo V70 XC "Cross Country", skrd. 12/2002, e. 208.000 km, 2400cc, diesel, sjálfskíptur. Ásett verð 2.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen Berlingo Multispace, skrd. 04/2001, e. 91.000 km, 2400cc, beinskíptur. Ásett verð 960.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Daewoo Nubira SX station, skrd. 09/1999, e. 122.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 630.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

FERÐALEIKURINN
ER Í FULLUM
GANGI
Þú gætir unnið
ferð til
Kaupmannahafnar
eða London!



100% lán til
allt að
60 mánaða.



BMW 316i. Nýskr. 05/2003, 1800cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, ljósgrár, ekinn 30 þ. Verð 2.670.000. ZS-297. B & L. S. 575 1230.



BMW 318i. Nýskr. 04/1998, 1900cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, grænn, ekinn 123 þ. Verð 1.490.000. SM-909. B & L. S. 575 1230.



Volvo S60 LPT-Turbo, skrd. 05/2004, e. 15.000 km, 2000cc, sjálfskíptur, m/öllu. Ásett verð 3.950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Daewoo Matiz. Nýskr. 09/1999, 800cc, 5 dyra, 5 gíra, grár. Ekinn 60 þ. Verð 470.000. LP-639. B & L. S. 575 1230.



Daewoo Tacuma. Nýskr. 10/2002, 2000cc, 5 dyra, sjálfskíptur, dökkgrænn. Ekinn 41 þ. Verð 1.390.000. PZ-792. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent. Nýskr. 07/1999, 1500cc, 5 dyra, sjálfskíptur, dökkgrænn, ekinn 143 þ. Verð 350.000. RL-158. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent. Nýskr. 07/1997, 1500cc, 5 dyra, sjálfskíptur, dökkgrænn, ekinn 143 þ. Verð 350.000. RL-158. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Atos. Nýskr. 06/2000, 1000cc, 5 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 40 þ. Verð 550.000. LU-774. B & L. S. 575 1230.



100% lán til
allt að
60 mánaða.



Tilboð 580.000.
Hyundai Elantra. Nýskr. 10/1998, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, blár. Ekinn 97 þ. Verð 680.000, tilboð 580.000. LY-418. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Pony. Nýskr. 03/1993, 4ra dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 79 þ. Verð 230.000. AS-886. B & L. S. 575 1230.



Mercedes E240. Nýskr. 12/1998, 2400cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, svartur, ekinn 110 þ. Verð 2.090.000. KI-422. B & L. S. 575 1230.



Mercedes E240. Nýskr. 12/1998, 2400cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, svartur, ekinn 110 þ. Verð 2.090.000. KI-422. B & L. S. 575 1230.



Mitsubishi Lancer. Nýskr. 03/1996, 1300cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, hvítur, ekinn 143 þ. Verð 520.000. UU-384. B & L. S. 575 1230.



Opel Astra. Nýskr. 09/2000, 1600cc, 3ja dyra, 5 gíra, rauður. Ekinn 99 þ. Verð 880.000, tilboð 680.000. AH-980. B & L. S. 575 1230.



100% lán til
allt að
60 mánaða.



Tilboð 700.000.
Renault Clio. Nýskr. 02/2001, 1400cc, 3ja dyra, 5 gíra, grár, ekinn 56 þ. Verð 850.000, tilboð 700.000. OF-152. B & L. S. 575 1230.



Tilboð 760.000.-
Renault Megane. Nýskr. 06/2001, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, grár, ekinn 71 þ. Verð 1.020.000, tilboð 760.000. BP-712. B & L. S. 575 1230.



Tilboð 700.000.-
Renault Megane. Nýskr. 07/1999, 1600cc, 4ra dyra, sjálfskíptur, dökkgrænn, ekinn 95 þ. Verð 850.000. Tilboð 700.000. RK-226. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 07/2001, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 77 þ. Verð 1.090.000. UR-611. B & L. S. 575 1230.

Bilaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



ICOM VHF talstöð í bíl, sleða eða á borð. 128 rása, Textaskjár og takkar með baklýsingu, Hátalari framán á stöð, Snúningsstíll til að hækka og lækka, Forritanlegir takkar, hraðvalsminni fyrir upphaldsrás, Vönduð stöð fyrir jeppa, sleða, verkta og fleiri. Tilboð 39.900.- Mikið úrval talstöðva frá ICOM fyrir alla hugsanlega notkun. Sjá nánar á www.aukaraf.is

AMG Aukaraf
Dalbrekka 16, 200 Kópavogur
Sími: 585 0000
www.aukaraf.is



www.heimsbilar.is
Klethálsi 11 A. Sími 567-4000.



Jeep Grand Cherokee Laredo 4x4 árg. 2004, ssk. ek. 35 þús. ABS, álf. cd. ac. hraðast. rafr. sæti ofl. Verð 3.290 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Kia Grand Sportage 4x4 5/2002 5 gíra, ek. aðeins 47 þús. ABS, álf. samlaes. ofl. Verð 1450 þús. Tilboð 1.250 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Nissan Patrol Elegance Turbo Diesel 6/2001 ssk. ek. 119 þús. ABS, Leður, Toppluga ofl. Verð 2.990 þús. Bilalán 2.040 þús./46 þ. á mán. Bilahöllin s. 567 4949.



Hyundai Terracan TDI 10/2003 ssk. ek. 35 þús. km. ABS, álf., cd. ofl. Verð 3.350 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Toyota Landcr. VX 100 TDI árg. 1999 ssk. ek. 97 þús. km. 38" br. ABS, cd. hraðast. ofl. Verð 4.490 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Subaru Impreza Wagon GX 4WD 9/2001 ssk. ek. 84 þús. ABS, cd., þjón.bók ofl. Verð 1.370 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



VW Passat VR6 Syncro 1/1999 ssk. ek. 102 þús. ABS, 16" álf. cd., vindskeið, toppluga, leður, ný tímareim ofl. Verð 1.690 þús. Tilboð 1.550 þús. stgr. Bilahöllin s. 567 4949.



Opel Omega Turbo Diesel 5/2000 ssk. ek. 196 þús. ABS, álf., cd., góð þjón. bók ofl. Verð 1.590 þús. Tilboð 990 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Mazda 626 Luxus 2,0L 8/1997 ssk. ek. 103 þús. ABS/Spólvörn, toppluga cd., hraðast, aksturstöla ofl. Verð 770 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



M. Benz C 240 Touring Elegance 11/2004 ssk. ek. 27 þús. ABS/Spólvörn cd., álf., leður, luga, aksturstöla ofl. Verð 4.990 þús. Tilboð 4.290 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



M. Benz A-160 Elegance 1/2001 5 gíra, ek. 46 þús. ABS/Spólvörn, cd., álf., þjón. bók ofl. Verð 1.450 þús. Tilboð 1.250 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



M. Benz C 200 Classic 6/1996 ssk., ek. 133 þús. ABS, álf., sumar- og vetrardekk ofl. Verð 1.250 þús. Tilboð 1.090 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Suzuki Grand Vitara 6/2000 ssk., ek. aðeins 53 þús. km. ABS, cd., ný tímareim, smurbók frá upphafi ofl. Verð 1.190 þús. Bilahöllin s. 567 4949.

Bilahöllin
Bildshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

BÍLAR TIL SÖLU/ÞJÓNUSTA

Loftpressur, kælipurrkarar,
siur, kútar og þjónusta.
Heildarlausn í þrýstilofti
fyrir allan íslenskan iðnað.
Loftpressur á
lager frá 250 til 4000 ltr/min.

IDNVEÐLAR
Sími: 585 0000
www.idnveðlar.is

Viltu kaupa bífreid beint frá Bandaríkjunum?
Við erum bandarískt útlutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bífreidar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandaríkjunum. Óháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum ertu til reiðu ef þess er óskað. Haldu samband og láttu ítarlegan upplýsingabækling. Vörubífreidar, tékkshílar, þungavinnutæki og hvað sem hugurinn girnist.
International Ventures LLC, Suffolk, Virginia, USA.
Sími: 1-757-966-3800 Fax: 1-757-966-3801. E-mail: info@iaachawk.com
Meðlimur í Íslensku Ameríska Chamber of Commerce.
Skráð hjá Duss & Stradstreet
Grytnýr auglýsingamaður.



Dodge Grand Caravan 3.8 4x4, árg. 2001, ekinn 73 þús. km. Sjálfskiptur, leður, álfelgur, rafmagn í hurðum og skotti. Gullfalllegt eintak með gjörsamlega öllu. Verð 2650 þús.



Subaru Impreza Turbo, árg. 2000, beinskíptur, ekinn 112 þús km. Perfect power tölva, hls pústkerfi, blow off ventill, 16" krómfelgur, leður, samlitur. Geggjuð graja. Verð 1700 þús.



Toyota Hi-Lux 2.4, árg. 1995, beinskíptur, ekinn 181 þús km. 35" breyttur, pallhús, pallur klæddur að innan, hiti í sætum, fjarst. samlaes, tengi fyrir nmt síma. Verð 1250 þús.



Bmw 504IA, árg. 1996, sjálfsk., ek. 140 þús km. leður, toppluga, xenon ljós, 18" BBS felgur, M 5 kit, Klikkad flottur bíll. Verð 2150 þús.



Subaru Forester, árg. 1998, beinsk., ekinn 136 þús km, abs, álfelgur, fjarst. samlaesingar, rafmagn í rúðum og speglum. Þjónusta bók frá upphafi. Verð 890 þús. Áhvalandi 580 þús.



Ford Econoline 7.3 Diesel 4x4, árg. 1991, beinskíptur, ekinn 340 þús, sæti fyrir 12 manna, auka tankur, cruise control, 35" breyttur, fengið gott viðhald. Verð 450 þús.



Hyundai Starex 2.5 V6 4x4, árg. 2001, beinsk., ek. 67 þús km. 7 manna, dráttarkúla, fjarst samlaes, rafmagn í rúðum og speglum, álfelgur. Ásett verð 1990 þús. Tilboð 1690 þús.



Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum og hópum við uppsteypu og byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. þrjú ár.

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lyngháls 4, sími 595-4400.

Verkefnisstjóri: Kristján gsm 822-4407.

Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31.



LAUS STÖRF Á McDONALD'S

Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg.

Líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.

Umsóknareyðiblöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu www.mcdonalds.is



Læknafélag Reykjavíkur

Almennur félagsfundur verður haldinn í Læknafélagi Reykjavíkur þriðjudaginn 8. mars kl. 20.00 í húsnæði Læknafélaganna við Hlíðasmára.

Fundarefni:

1. Er grundvöllur fyrir samkeppni innan heilbrigðisþjónustunnar?
2. Tilnefning fulltrúa á aðalfund Læknafélags Íslands
3. Önnur mál



ferðir o.fl.

- ✓ Á FIMMTUDÖGUM
- ✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

SÖLUFÓLK

Hæfniskröfur:
Sölureynsla er æskileg.
Góðir samskiptahæfileikar.
Jákvæðni og metnaður.

Umsóknir sendist til
Pórmundar Bergssonar,
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
eða á thormundur@365.is
fyrir 11. mars 2005.

Við leitum að kröftugum, sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingum til að vinna í hópi áhugasamra sölumanna.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

spennandi

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Vegna aukinna umsvifa þarf markaðsdeild 365 að ráða til sín grafískan hönnuð með reynslu úr auglýsingaheiminum.

Nú gefst þér spennandi tækifæri til að móta útlit og ímynd bæði prent- og ljósvakamiðla.

Hæfniskröfur:
Starfsreynsla er skilyrði.
Þekking á prenti og sjónvarpi.
Ríkt hugmyndaflug.
Metnaður og frumkvæði.

Umsóknir sendist á spennandi@365.is
fyrir 11. mars 2005.
Fullum trúnaði heitið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Segir tvíkeppni á fjarskiptamarkaði

Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar telur ekki heppilegt að fjölmiðlar eigi einnig dreifileiðir.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að óheppilegt sé til langs tíma að fjölmiðlar með veruleg ítök í dreifingu hafi tök á því að takmarka aðgang keppinauta að dreifikerfum.

Þetta kemur fram í ársskýrslu stofnunarinnar. Í ávarpi Hrafnkels V. Gíslasonar segir að á árinu 2003 hafi festst í sessi tvíkeppni milli Og Vodafone og Símans á fjarskiptamarkaði. „Umhugsunarefni er

hvort hag neytenda sé vel borgið undir slíkum kringumstæðum til lengdar,“ segir í ávarpinu.

Hann segir að samkeppni milli fyrirtækjanna virðist mikil en að nauðsynlegt sé að veita fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði þétt aðhald.

Í ávarpi sínu segist Hrafnkell einnig telja að sú tilhögun að fjölmiðlar eigi dreifingakerfið kunni að vera óheppileg til langs tíma lítið. Alltaf er hætt við að fjölmiðlar sem hafa veruleg ítök í dreifingu hafi tilhneigingu til að takmarka aðgang keppinauta sinna að dreifikerfum,“ segir hann. - þk

Þægindi sem þú elskar, stuðningur sem þú treystir



Stærstir í amerískum rúnum!



Opnunartími: virka daga frá kl. 10 - 18 / laugardaga kl. 11 - 15.

Reykavík: Mörkin 4 - sími 533 3500 • Akureyri: Hofsbót 4 - sími 462 3504 - www.lystadun.is



KRISTÍN GÍSLADÓTTIR
SJÚKRAPJÁLFARI

VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF
ALLA FIMMTUDAGA MILLI
KL: 16-18

ALLIR VELKOMNIR!



VARÐI ÍSLENSKT EFNAHAGSLÍF í ræðu í FIH bankanum fór Halldór Ásgrímsson yfir þróun efnahagsástandsins á Íslandi.

Ræddi styrk efnahagsins

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra flutti í fyrradag ávarp í FIH bankanum í Danmörku. Í máli sínu ræddi hann um styrk íslensks efnahagslífs í kjölfar einkavæðingar og frjálsræðisvæðingar í íslenska hagkerfinu.

FIH bankinn er í eigu KB banka en fjárfestingar Íslendinga í Danmörku hafa vakið blendin viðbrögð í Danmörku og dregið hefur verið í efa að grundvöllur þeirra fjárfestinga sé nægilega trauttur. Halldór lagði áherslu á það í ávarpi sínu að traustur grunnur væri undir íslensku efnahagslífi og vísaði meðal annars til mats alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækja á styrk íslensks efnahagslífsins.

Halldór nefndi einnig hækkanir íslenskra hlutabréfa og sagði að þessar hækkanir mætti rekja til breytinga á umgjörð efnahagslífsins. - þk

Ójafnræði í endurbótum

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa sent fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis bréf þar sem vakin er athygli á mismunun vaxtabóta til þeirra sem taka lán til endurbóta á húsnæði.

Í lögum um tekju- og eignarskatt er tiltekið í lagatexta að vextir af lánnum Íbúðalánasjóðs til verulegra endurbóta á húsnæði til eigin nota myndi stofn til vaxtabóta. Samtökin telja að þessi ákvæði gangi gegn hefðbundinni jafnræðisreglu þar sem einungis lán frá einum aðila á lánamarkaði myndi rétt til vaxtabóta úr ríkissjóði. Bent er á að um verulegar fjárhæðir geti verið að ræða og hvetja samtökin til þess að breyting verði á hið fyrsta til að tryggja jafnræði milli lánveitenda annars vegar og milli einstakra lánveitenda hins vegar. - hh

VIÐSKIPTI

THERIAK Í ÞÝSKALANDI Íslenska tölvufyrirtækið TM Software hefur hafið innleiðingu á Theriak-hugbúnaði sínum fyrir lyfjameðhöndlun á sex stöðum í Þýskalandi. Í frétt frá félaginu kemur fram að talið sé að um tuttugu þúsund manns deyi árlega í Þýskalandi af völdum rangrar lyfjagjafar. Theriak-hugbúnaðurinn er talinn geta dregið mjög úr hættu á slíkum mistökum.

www.utilif.is



Dúndrandi útsala

20-40% afsláttur af skíða- og brettavörum í gangi núna!



Smáralind
Sími 545 1550
Glæsibæ
Sími 545 1500
Kringlunni
Sími 575 5100



ARTHUR KOESTLER (1995-1983)
lést þennan dag.



„Með stofnun Ísraelsríkis hefur ein þjóð gefið annarri þjóð land þeirrar þriðju.“

Ungversk-enski rithöfundurinn Arthur Koestler setti fram umdeilda kenningu varðandi uppruna gyðinga, sem hann sagði fæsta komna frá Ísrael, heldur afkomendur Khazara úr Kákasusfjöllum. Khazarar tóku upp gyðingdóm á áttundu öld og voru síðar hraktir vestur á bóginn þar sem nú er Rússland og Pólland.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Lögregluofbeldi náðist á myndband

Þennan dag árið 1991 stöðvaði Rodney G. King bifreið sína eftir nærri 13 kílómetra eltingaleik við lögreglu um stræti Los Angeles í Bandaríkjunum. Lögregla hafði mælt bíl Rodney, sem var drukinn og á skilorði vegna ráns sem hann framdi áður, á hraða vel yfir settum mörkum. Þegar Rodney loks stoppaði bar að nokkra lögreglubíla. Í kjölfarið var hann skotinn með sérstökum raflostsbyssum og barinn harkalega af nokkrum lögreglumönnum. Íbúi í grennd náði barsmiðunum á myndband, en á fyrstu myndrömmunum sést Rodney rísa upp eftir raflostið og hlaua í átt að einum lögreglumanninum. Síðar sagðist hann hafa lagt á flotta eftir að einn lögreglumaðurinn sagði: „Við ætlum að drepa þig, niggari!“



3. MARS 1991 Lögreglumenn í Los Angeles í Bandaríkjunum náðust á myndband þar sem þeir gengu í skrokki á blökkumanninum Rodney King.

Hlaup! Nágrenninn með upptökuna seldi hana sjónvarpsstöð á staðnum sem seldi hana áfram til CNN-fréttastöðvarinnar. Myndbandið vakti mikið umtal og almenna hneykslan á framferði lögreglunnar.

Rodney King var sleppt án ákæru og fjórir lögreglumenn voru kærðir fyrir lífshættulega líkamsárás. Tveir lögreglumennanna voru líka kærðir fyrir ranga skýrslugerð. Þegar kvíðdómur í héraði, sem enginn blökkumaður átti sæti í, sýknaði svo lögreglumennina rúmu ári síðar brutust út óeirðir með gripdeildum í Los Angeles. Í þrjú daga sem óeirðirnar stóðu létust yfir 50 manns, yfir 2.000 slösuðust og skemmdir unnar fyrir nærri milljarð Bandaríkjadala. Lögreglumennirnir fjórir voru hins vegar einnig sóttir til saka í alríkisdómi og sumarið 1993 fengu tveir þeirra fangelsisdóm fyrir að brjóta á stjórnarskrárbundnum mannréttindum Rodney King.

MERKISATBURÐIR

- 1813** Bretar og Svíar skrifa undir Stokkhólmssáttmála.
- 1875** Carmen, ópera George Bizet, er frumsýnd í París.
- 1931** Bandaríkin taka formlega upp „The Star Spangled Banner“ sem þjóðsöng.
- 1944** Bandarískar herflugvélar fljúga í fyrsta sinn yfir Berlín í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1974** DC-10 þota Turkish Airlines hrapar fljótlega eftir flugtak frá Orly-flugvelli í París með þeim afleiðingum að 350 láta lífa.
- 1997** Björk Guðmundsdóttir tók við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Osló.
- 1999** Um það bil 74 milljónir sjónvarpsáhorfenda í Bandaríkjunum fylgjast með Monica Lewinsky ræða um samband sitt við Bill Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseta.

TÍMAMÓT: ÍSLENSKUR RÍKISBORGARI Í ÁRATUG

Finnst ég frekar íslenskur en enskur

„Það var mikið basl að fá þetta í gegn man ég, því ég var ekki giftur íslensku konu,“ segir David Barnwell golfkennari, en í dag eru tíu ár liðin síðan hann fékk íslenskan ríkisborgararétt.

David er frá Englandi, Leeds nánar tiltekið, þar sem hann lærði golfkennslu. Fyrir atbeina félaga síns sem kenndi golf hér á landi ákvað David að fara til Íslands að kenna. „Ég vissi ekkert um landið, ekki neitt. En ég var 24 ára gamall og opinn fyrir breytingum og ákvað að láta slag standa,“ segir David. „Það héldu allir að ég væri orðinn snarruglaður,“ segir hann og hlær að minningunni um viðbrögð fjölskyldu hans og vina. „Það vakti sannarlega athygli að ég væri að flytja á hjara veraldar og birtist við mig viðtal í dagblaði í Leeds og hvaðeina.“

David kom til landsins um hávetur, í miklum frosthörkum og hriðarbyl. „Árið 1986 var Leifsstöð öllu fátæklegru en hún er í dag og ég get svarið að ég hélt ég væri kominn til Rússlands. Ég fékk herbergi á þriðju hæð á Hótel Loftleidum og skafarnir náðu upp í gluggasyllu. Ég hafði aldrei séð jafnmikinn snjó.“ Hér þótti David fleira framandi árið 1986. „Mér fannst einkennilegt að geta ekki fengið mér bjór á barnum og verða að drekka pilsner eða vodka, sem ég hafði ekki drukkið áður. Svo var ekki hægt að horfa á sjónvarpið á fimmtudögum! Það fannst mér fáránlegt.“

David fékk vinnu sem golfkennari hjá Golfklúbbi Akureyrar og flengdist þar. Hann segir að vinnan hafi verið góð, sem og fólkið sem hann kynntist. David bjó á Akureyri



DAVID BARNWELL David vissi ekkert um Ísland áður en hann kom hingað og hélt hann væri kominn til Rússlands þegar hann lenti í Keflavík um hávetur árið 1986.

til síns 2002, fyrir utan árið 1998 þegar hann var í Noregi í hálf ár. „Mér líkaði vel við Norðmenn. Ég held að fólk á Norðurlöndum sé almennt mér að skapi.“

Fyrir þremur árum flutti David til höfuðborgarinnar og hóf störf hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Hann segir ótrúlegt að fylgjast með þeirri golfsprengingu sem hér hefur átt sér stað undanfarin ár. „Þegar ég kom hingað voru bara tveir atvinnugolfkennarar að mig minnir. Nú eru hér um tíu faglærðir golfkennarar og um 20 leiðbeinendur í námi. Eins er áhugi almennings gífurlegur. Við

erum með um 50 bása hjá Golfklúbbi Reykjavíkur og þarf ekki að hlýna mikið til að þar myndist örtröð.“

Áður en David fékk íslenskan ríkisborgararétt hafði hann lent í vandræðum við íbúðarkaup á Akureyri, sem varð til þess að hann ákvað að sækja um réttinn. „Það var mikið basl því ég var ógiftur. En ég fékk hjálp frá góðu fólki og var mjög þakklátur þegar ég fékk ríkisborgararéttinn. Mér líkar ákaflega vel við Íslendinga og eftir níttján ár í þessu landi finnst mér ég frekar vera íslenskur en enskur.“ ■



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Björn Þ. Þórðarson
læknir, Sörlaskjólí 78, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Neskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

Þórunn Bára Björnsdóttir, Pálmi V. Jónsson, Sigurður Hafsteinn Björns-son, Þórunn Ólafsdóttir, Bryndís Anna Björnsdóttir, Edda Björnsdóttir, Jakob Þór Pétursson, Páll Björnsson, Lilja Jónasdóttir, afabörn og langafabörn.



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,
Stefán Eiríksson
Aðalbraut 36, Raufarhöfn,

verður jarðsönginn frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00.

Hildur Rannveig Stefánsdóttir, Þórhallur V. Einarsson, Stefán Daniel Ingason, Ingibjörg Dagný Ingadóttir, Diana Ólóf Hafþórsdóttir, Máni Viðar Hafþórsson og Guðfinna Gunnur Hafþórsdóttir.



Okkar ástkæri
Kristinn Hólm Vigfússon
Ránargötu 23, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sunnudaginn 27. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Anna Rósantsdóttir, Lára Björk Kristinsdóttir, Halldór Árnason, Bragi Hliðar Kristinsson, Fríða Pétursdóttir, afabörn og langafabarn.



Helgi Arason
fyrirverandi aðstoðarstjórnari Búrfellsvirkjun,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi 2. mars.
Útför verður auglýst síðar.

Kristinn Arason og Elín Kröyer.

AFMELI



Einar Helgason, bóndi á Hrappsstöðum í Vopnafirði, er sjötugur í dag.

SÖLSTEINAR
10-40% afsláttur
af legsteinum út vikuna

Kársnesbraut 98 • Kópavogi
564 4566 • www.solsteinar.is




Erling Ólafsson kennari er 58 ára í dag.



Hjörleifur B. Kvaran lögmaður er 54 ára í dag.



Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður og forstöðumaður Árbæjar-safns, er 52 ára í dag.




Atli Eðvaldsson, fyrrum landsliðsþjálfari í fótbolta, er 48 ára í dag.



Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari er 43 ára í dag.



Porvaldur B. Porvaldsson tónlistarmaður er 39 ára í dag.



Ragna Sara Jónsdóttir blaðakona er 32 ára í dag.



Ólafur Darri Ólafsson leikari er 32 ára í dag.

ANDLÁT

María E. Sigurðardóttir lést á Sólvangi föstudaginn 11. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey.

Þórarinn Brynjólfsson, vélstjóri, frá Dýrafirði, lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi laugardaginn 26. febrúar.

Soffía Þuríður Magnúsdóttir, frá Túngarði á Fellsströnd, Drápuhlíð 41, Reykjavík, lést mánudaginn 28. febrúar.

JARÐARFARIR

11.00 Minningarhöfn um **Sigurstein G. Melsteð**, Ásvegi 21, Breiðdalsvík, fer fram í Grafarvogskirkju.

13.00 **Guðmundur Björn Sveinsson** verður jarðsönginn frá Digraneskirkju.

15.00 **Hersteinn Pálsson**, fyrirverandi ritstjóri, Eiðismýri 30, Seltjarnarnes, verður jarðsönginn frá Seltjarnarneskirkju.

15.00 Útför **Ingvaldar Gísladóttur**, frá Patreksfirði, fer fram frá Kópavogskirkju. Jarðsett verður í Patreksfirðarkirkjugarði laugardaginn 5. mars.

15.00 **Katrín Jónsdóttir**, Eskihlíð 26, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni.



BÓKAMARKAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA HEFST Í DAG KLUKKAN 10 Í PERLUNNI



Í dag kl. 10 hefst hinn eini sanni
Bókamarkaður með fjölda
bókatitla á verði sem slær öll met.
Á **Bókamarkaðnum** eru allar tegundir
bóka og að auki sérstök **fornbókadeild**
sem gleðja mun alla sanna bókaunnendur.

Bókamarkaðurinn í **Perlunni** er opinn
kl. 10–18 **alla daga** til sunnudagsins
13. mars. Sími 562 9701.

**Mættu snemma til að missa
ekki af bestu kaupunum!**



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA



Við hrósum...

... listdönsurum Söndru Ólafsdóttur og Stefáni Erlendssyni sem stóðu sig frábærlega á Vetraliikum Special Olympics í fyrriðni en leikarnir fara fram í Japan. Sandra vann gull í sínum flokki og Stefán fékk brons fyrir sínar æfingar. Sannarlega glæsilegur árangur hjá þessum flottu fulltrúum íslensku þjóðarinnar.



Meiri agi á Englandi en hér heima á Íslandi

Enska knattspyrnusambandið dæmdi David Prutton, leikmann Southampton í tíu leikja bann og 700 þúsund króna sekt fyrir að veitast að dómara leiks Southampton og Arsenal um helgina. Það er lívið meira en þriggja leikja bannið sem handboltamarkvörðurinn Roland Eradze hjá ÍBV fékk á dögunum fyrir að veitast að dómaranum Gísla Hlyni Jóhannssyni.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

28 1 2 3 4 5 6

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Skallagrímur og KFÍ mætast í Borgarnesi í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Fjölnir og Keflavík mætast í Grafarvogi í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Hamar/Selfoss og ÍR mætast í lðu á Selfossi í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Grindavík og KR mætast í Grindavík í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Njarðvík og Haukar mætast í Njarðvík í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Snæfell og Tindastóll mætast í Stykkishólmi í InterSportdeildinni í körfubolta.
 - 19.15 Haukar og KR mætast á Ásvöllum í 1. deild kvenna í handbolta.
 - 20.00 Selfoss og Gróttu/KR mætast á Selfossi í 1. deild karla í handbolta.
- SJÓNVARP**
- 20.30 Þú ert í beinni! á Sýn.
 - 22.00 Ólíssport á Sýn.

Mikil ákveðni í að klára þetta

Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari nýkrýndra deildarmeistara Keflavíkur í kvennakörfunni, er ánægður með karakterinn sem liðið hefur sýnt að undanfögnu.

KÖRFUBOLTI „Það er komið aftur liðsheildarbragur á þetta hjá okkur, hver og einn leikmaður er farinn að skila sínu og útlendingurinn fellur vel inn í þetta. Þetta lítur bara vel út en núna er bara úrslitakeppnin framundan. Það skiptir ekki máli að mínu mati á móti hverjum við lendum í úrslitakeppninni því þetta eru fyrirfram fjögur svipuð lið,“ sagði Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari nýkrýndra deildarmeistara Keflavíkur í kvennakörfunni, en Keflavík fékk bikarinn afhentan eftir 16 stiga sigur á Grindavík í gær, 78-62, liðinu sem er í öðru sæti deildarinnar.

Keflavík sýndi mikla yfirburði framman af móti en eftir fjóra tapleiki í röð í janúar er liðið að ná sér á strik á ný og vann í gær sinn fjórða leik í röð. „Ég er ánægður með karakterinn hjá mínum stelpum að undanfögnu, við höfum verið að lenda í ströggli en höfum komið til baka í þeim leikjum sem við höfum lent undir og aldrei gefist upp og það er mikil ákveðni í liðinu á að klára þetta.“ Grindavík lék í gær án bæði landsliðsfyrir-

liðans Erlu Þorsteinsdóttur sem og nýja Kanans síns Ritu Williams en óttast Sverrir Þór nýju NBA-stjörnu Grindavíkur?

„Hún hlýtur að vera góð fyrst að hún er búin að spila mörg ár í þessari deild og styrkir þær mikið. Ég sé bara fram á hörku keppni og mér finnst öll liðin vera svipuð að styrkleika. Ég efast ekki um að þetta sé sterkasta úrslitakeppni í kvennakörfunni frá upphafi og það hefur aldrei verið lagt eins mikið í kvennaboltann og þetta verður mjög áhugaverð úrslitakeppni,“ sagði Sverrir Þór en Keflavíkurliðið hefur unnið 16 af 19 deildarleikjum sínum í vetur.

ooj@frettabladid.is

1. deild kvenna í körfu

KEFLAVÍK-GRINDAVÍK 78-62
Keflavík: Birna Valgarðsdóttir 19, Anna María Sveinsdóttir 12 (13 fráköst, 6 stoðsendingar), Svava Ósk Stefánsdóttir 12 (5 stolnir), Bryndís Guðmundsdóttir 12 (9 fráköst), María Ben Erlingsdóttir 6, Kristín Blöndal 5, Alex Stewart 4.
Grindavík: María Anna Guðmundsdóttir 15, Svandís Sigurðardóttir 12 (7 fráköst, 5 stoðs), Erla Reynisdóttir 12, Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Sólveig Gunnlaugsdóttir 7, Jovana Lilja Stefánsdóttir 4, Elva Rut Sigmarsdóttir 4.



BIRNA MED BIKARA Birna Valgarðsdóttir, fyrirlíði Keflavíkur, með deildarmeistarabikarinn. Þetta er þriðja árið í röð sem Keflavík vinnur þennan bikar. Fréttablaðið/Vikurfréttir

Leik Austurríkis og Króata í Vín í gær frestað:

Sneypuför Loga og Ásgeirs

FÓTBOLTI „Þetta var sneypuför, á því leikur enginn vafi,“ sagði Logi Ólafsson, annar íslensku landsliðsþjálfaranna í knattspyrnu, þar sem hann var staddur á hótélherbergi í London.

Hann og Ásgeir Sigurvinsson höfðu áætlað að vera viðstaddir vináttuleik Austurríkis og Króatíu í Vínarborg í gær kvöld sem síðan var frestað vegna veðurs.

„Við fengum fréttirnar um

leið og við stigum út úr flugvélinni. Þetta er náttúrlega hundfútt og hefur töluverð áhrif á okkar undirbúning fyrir leikinn,“ segir Logi en Íslendingar sækja Króata heim 26. mars næstkomandi.

„Við teljum okkur þekkja Króatana nokkuð vel. Við sáum þá á EM í Portugal í sumar og þá eigum við upptöku frá leik liðsins við Ísrael fyrir stuttu,“ segir Logi en viðurkennir fúslega að það sé ekki sambærilegt að horfa á leik í sjónvarpi og að vera á staðnum.

„Myndavélin fylgir boltanum yfirleitt og því sjáum við ekki aðra þætti leiksins eins og til dæmis hreyfingu og færslu leikmanna án bolta.“ ■



LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska bikarkeppnin

NOTT. FOREST-TOTTENHAM 0-3
 0-1 Noe Pamarot (60.), 0-2 Robbie Keane (72.), 0-3 Ahmed Mido (90.).

DHL-deild karla

ÍR-HAUKAR 24-31
Mörk ÍR: Ólafur Sigurjónsson 6, Hannes Jón Jónsson 5, Fannar Þorbjörnsson 5, Bjarni Fritsson 3, Ingimundur Ingimundars. 3, Ragnar Helgason 2.
Mörk Hauka: Vignir Svavarsson 7, Andri Stefán Guðrúnarson 7, Jón Karl Björnsson 4, Gunnar Ingi Jóhannsson 4, Þórir Ólafsson 3, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2, Halldór Ingólfsson 2, Gísli Jón Þórisson 1, Matthías Árni Ingimarsson 1.

ÍBV-HK 31-26

Mörk ÍBV: Tite Kalandadze 10, Róbert Bognar 7, Svavar Vignisson 6, Samúel Ivar Arnason 4, Sigurður Ari Stefánsson 3, Grétar Eyþórsson 1.
Mörk HK: Tomas Eititis 5, Augustas Strazdas 5, Ólafur Viðir Ólafsson 5, Elías Már Halldórsson 5, Karl Grönvold 2, Ragnar Ægiss. 1, Valdimar Þórsson 1, Baldur Þór Halldórsson. 1, Hákon Briddé 1.

STADAN:

HAUKAR	10	6	1	3	316-292	13
HK	10	6	0	4	316-297	12
VALUR	10	5	0	5	261-276	10
KA	10	4	2	4	298-298	10
ÍR	10	5	0	5	305-306	10
ÍBV	10	4	1	5	300-290	9
VÍKINGUR	10	4	0	6	278-288	8
ÞÓR	10	4	0	6	284-311	8

DHL-deild kvenna

STJARNAN-FRAM 32-22

Mörk Stjarnunnar: Anna Blöndal 8, Kristín Guðmundsdóttir 6, Harpa Sif Eyrjólfsdóttir 6, Hekla Daðadóttir 4, Kristín Claesen 2, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Elsbjetta Kowal 1, Elsa Rut Óðinsdóttir 1, Anna Einarsdóttir 1, Ásdís Sigurðardóttir 1.

Mörk Fram: Sara Sigurðardóttir 6, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Guðrún Þóra Hálfhánsdóttir 3, Elva Björg Arnarsdóttir 2, Eva Hrund Harðardóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 2.

STADAN

HAUKAR	18	15	2	1	544-417	32
ÍBV	18	15	0	3	524-449	30
STJARNAN	18	9	3	6	464-428	21
VALUR	18	9	0	9	429-439	18
FR	18	7	4	7	479-502	18
GRÓTTA/KR	17	5	0	12	385-430	10
VÍKINGUR	18	4	0	14	428-491	8
FRAM	18	3	1	14	404-499	7

1. deild kvenna í körfu

STADAN

KEFLAVÍK	19	16	3	1513-1204	32
GRINDAVÍK	19	12	7	1171-1170	24
ÍS	19	11	8	1234-1160	22
HAUKAR	18	9	9	1210-1238	18
NJARÐVÍK	19	6	13	1162-1235	12
KR	18	2	16	1044-1330	4

Starfsnám byggt á áratuga reynslu

Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunar

Verður haldið í Reykjavík 9. - 18. mars

Réttindi á allar vinnuvélar

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Iðntæknistofnun** í síma **570 7100, 897 0601** og á vefsíðu **www.iti.is**

NÁM SKEIÐ Iðntæknistofnun

Renault áreiðanleiki
Renault öryggi
Renault gæði

MEGANE

mest seldi bíll Evrópu

MEGANE SCENIC

23.200

kr. á mán.*

Renault Megane Scenic 5 dyra, 1600 / 16V
115 hestöfl, beinskíptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,2 ltr/100km
Þú eignast hann fyrir kr. 2.220.000
Bílasamningur kr. 23.200 á mánuði*

LÝSING

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

SONY

Hugsaðu smátt!

Sony CyberShot DSC-T1

Vasavélin með stóra skjánum



DSC-T1 Stafræn Myndavél

- 5 milljón pixlar
- 3x aðdráttur um Carl Zeiss linsu
- 2,5" Skjár • tengistöð.

Verð 4.165 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða 49.980 krónur staðgreitt.



995 krónur með myndavél!

EISA
verðlaunin
2004-2005!



Sony CyberShot DSC-L1

Hönnun og stíll



Hönnun sem tekið er eftir!



DSC-L1 Stafræn Myndavél

- 4,1 milljón pixlar
- 3x aðdráttur um Carl Zeiss linsu
- 1,5" skjár

Verð 3.499 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða 41.988krónur staðgreitt.

995 krónur með myndavél!



Segja vélna einu myndavélina sem umsagnaraðili bar alltaf á sér.

Cyber-shot



256MB minniskort
á aðeins 995 krónur með myndavél. Venjluengt verð er 8.495 krónur.



Carl Zeiss linsa
með 3x optical aðdrætti frá stærsta linsuframleiðanda heims.



Stamina tæknin
hjá Sony sparar orku og tryggir þér lengri endingu á rafhlöðunum.

Kauptu Sony hjá Sony

You make it a Sony

*Miðað við 12 jafnar vaxtalaugar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsstjórnun og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

Wiltu mída?
Sendu SMS skreytið
JA FHB á númerið 1900 og þú getir unnið.

WILL SMITH
HITCH

2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum

EKKJA LÖGSÆKIR SAMSKIP VEGNA DAUÐA EIGINMANNNS

– Kokkurinn á Dísarfelli lést á hroðalegan hátt
– Skipið sagt mann-drápsfleyta

DV – hefur þú séð DV í dag?

www.lyfja.is

OROBLU
www.sokkar.is

Kynning

Kynnum vorlínuna frá OROBLU í dag frá kl. 13-17 í Lyfju Garðatorgi, Setbergi og Smáratorgi, á morgun frá kl. 13-17 í Lyfju Lág múla og á laugardag frá kl. 12-16 í Lyfju Laugavegi og Smáralind.

Kauptu OROBLU og þú færð sokkabuxur fríar með!

LYFJA

STUÐ MILLI STRÍÐA · Að setja hugmyndir í pant

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR Á LÍKA HUGVERK



MYND: HELGI SIGURSSON

Bubbi var að selja Stef-gjöldin sín, einhver ár eða áratug fram í tímann. Fékk fyrir það tug milljóna. Myndirnar sem birtust af þessari afhöfn sýndu þó ekki Bubba kátan, eða broandi. Það var frekar eins og þetta væri eitthvað sem þyrfti að ljúka við, bara bissetill sem þyrfti að skrifa undir. Þeir sem voru að afhenda honum milljónirnar, forstjóri Sjóvá og forstjóri Íslandsbanka, voru hins vegar kampakátir. Þessi stemning var ekki alveg að passa. Allir áttu að vera svo kátir, allir áttu að vera að fá sitt. Nú getur verið að myndirnar séu að

ljúga. Að Bubbi hafi bara verið ferlega hress með þetta allt saman. Svo getur verið að hann hafi bara verið með kvef kallinn, og því ekki upp á sitt besta.

Þegar fréttatilkynningin um atburðinn var send út var fyrsta hugsun sumra „á skrifstofunni arðræninginn situr og hlær“. Það fyrsta sem bankastjórinn sagði var að enginn vildi arðræna listamanninn. Einhvern veginn var þetta pötískt, sérstaklega með það í huga að enginn trúir því að banki og tryggingafélag séu að gera svona samning til að vera góðir gæjar. Þetta er fjárfesting. Ekki það að Bubbi getur grætt á þessu líka, þar sem hann fær pening, sem hann mun fá hvort eð er síðar, í dag. Eina

dágóða summu sem hann getur eytt eða fjárfest eins og honum líkar.

Sjálfri hafði mér aldrei dottið í hug að setja hugverk mín svona í pant. Líkt og aðrir blaðamenn fæ ég greiðslur úr hugverkasjóði árlega fyrir þessi ómetanlegu orð sem falla saman á lykklaborðinu. Ef ég lifi í 100 ár, og skrifa í blaðið jafnlengi, get ég vonast til að fá að minnsta kosti hálf milljón þaðan fyrir hugverk mín á starfsævinni. Í staðinn fyrir litlar summur gæti ég vel þegið eina stærri, svona fyrir fram. Þá ég bara eftir að binda mig endanlega fasta í vist og selja bankanum mínum og tryggingafélagi þá hugmynd að ég verði blaðamaður til æviloka. Og að ég sé jafngóð fjárfesting og Bubbi. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Ekta inniplata

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Fisherman's Woman er fyrsta plata Emiliönu Torrini í fimm ár, eða síðan Love in the Time of Science kom út.

Emiliana hefur haft í ýmsu að snúast undanfarið fyrir utan gerð þessarar plötu. Hún söng lagið Gollum's Song fyrir Hringadróttinssögu og samdi tvö lög fyrir stórstjörnuna Kylie Minogue. Hlaut hún að launum Grammy-tilnefningu en það var engin önnur en Britney Spears sem hrífsaði af henni verðlaunin.

Þessi plata er mjög ljúf og þægileg. Emiliana hálfpartinn hvísar öll lögin þar sem lágstemmdur gítar- eða píanóleikur er oftast í bakgrunni. Í fyrsta lagiinu, Nothing Brings Me Down, má til að mynda greina áhrif frá Nick Drake en annað lagið, Sunnyroad, er aftur á móti nær kántríðadhrinu sem Norah Jones hefur getið sér gott orð fyrir.

Lifesafer, þar sem báta- og sjávarhljóð eru notuð á smekklegan hátt, Heartstopper og Thinking Out Loud voru einnig í uppáhaldi. Fisherman's Woman er ekta inniplata



EMILIANA TORRINI:
FISHERMAN'S WOMAN

NIÐURSTAÐA: Þetta er ekta inniplata sem maður hlustar á heima, liggjandi undir teppi með lokuð augun á meðan rigningin dynur á rúðunni.

sem maður hlustar á heima, liggjandi undir teppi með lokuð augun á meðan rigningin dynur á rúðunni. Textarnir, eins og tónlistin, eru lágstemmdir og fjalla meðal annars um einsemd, ástarsambönd og söknuð. Það eina sem vantar á plötuna eru grípandi lög en ég efa að það hafi verið ætlunin með útgáfunni.

Freyr Bjarnason

Gælir við eyrun

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Þetta er áttunda hljóðversplata rauðhærðu þökkadísarinnar Tori Amos en hún hefur aflað sér mikillar virðingar í tónlistarheiminum á ferli sínum fyrir falleg lög og einlæga texta.

Platan hefur að geyma nitján lög sem flest fjalla um ástina, fyrstu kynnin og þá erfiðleika sem koma upp í samböndum. Svo virðist sem Amos hafi lent í mikilli ástarsorg því margir textarnir fjalla um hversu illa kærastinn kom fram við hana og hvers vegna hún hafði fyrir því að treysta honum. Hún malar sig ávallt sem fórnarlambið, sem er kannski satt en virkar þó sem fullmikil einföldun. Þetta er ekki beint plata sem flestir strákar myndu hlusta á og myndu þeir sumir vafalítið stimpla þetta sem eintóma ástarvellu. Hún ætti engu að síður að vera fin fyrir alla þá sem hafa gaman af þægilegri tónlist sem rennur ljúflega í gegn.

Bestu lögin voru Sweet the Sting sem hafði yfir sér nokkuð suðrænan blæ með hammond-orgeli í bakgrunni og The Power of Orange Knickers þar sem Amos syngur



TORI AMOS:
THE BEEKEEPER

NIÐURSTAÐA: Þrátt fyrir að þetta sé áttunda plata Amos virkar hún síður en svo þreytt. Hún getur enn samið falleg lög sem hreyfa við manni.

dúett með Íslandsvininum mikla Damien Rice. Einnig gældu Jamaica Inn, Cars and Guitars og Goodbye Pisces við eyrun ásamt sálarlaginu Hoochie Woman sem eykur við fjölbreytnina á plötunni.

Þrátt fyrir að þetta sé áttunda plata Amos virkar hún síður en svo þreytt í sínu fagi. Hún getur enn samið falleg lög sem hreyfa við manni og vonandi á hún eftir að halda því áfram.

Freyr Bjarnason

NÝ TEGUND

ÁN MSG

Gómsætu kæfurnar frá Goða eru fyrir alla fjölskylduna.

Goðakæfurnar fást nú í nýjum umbúðum sem lokast vel þannig að kæfan heldur ferskleika sínum lengur.

GOÐI

-alltaf góður

Prag

15. mars

frá kr. 9.990

Fegursta borg Evrópu

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Prag þann 15. mars. Nú getur þú kynnt þessari fegurstu borg Evrópu á einstökum kjörum.

Þú getur valið um úrval góðra hótél í hjarta Prag og að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða í Prag allan tímann.

kr. 9.990
Flugsæti aðra leið með sköttum. út 15. mars eða heim 18. mars. Netbókun.

kr. 19.990 -
2 fyrir 1 tilboð
Flugsæti með sköttum til Prag, 2 fyrir 1 tilboð, út 15. mars, heim 18. mars. Netbókun.

3.700
Gisting frá kr.
Verð á mann í tvíþýli á Hotel Iff, pr. nótt með morgunmat. Netbókun.
Völ um góð 3ja og 4 stjörnu hótél.

Ferðir til og frá flugvelli, kr. 1.800.-

Með Marnar
Svafnarinn

Heimsferðir

Skógarhlíð 18, sími 595 1000,
www.heimsferdir.is

tónlist

í spilaranum hjá ritstjórninni

LCD Soundsystem: LCD Soundsystem, **Gwen Stefani:** Love Angel Music Baby, **Kanye West:** The College Dropout, **Kings of Leon:** Aha Shake Heartbreak, **Snoop Dogg:** R&G og **Mercury Rev:** The Secret Migration.

„Ég hugsa oft um börnin mín, bráðum kemur að því að þau bíða ekki lengur, þau fara, hér er ekkert sem heldur í. Enn koma tómir bátarnir og bræðslan stendur auð. Baráttan er vonlaus þegar miðin eru dauð.“

- *Bubbi er greinilega ennþá að hugsa um börnin sín með nýja samningnum við Sjóvá. Brotið er úr texta lagsins Aldrei fór ég suður.*



J MASCIS Höfuðpaur Dinosaur Jr. mun snúa aftur innan skamms.

Dinosaur Jr. snýr aftur

Það er greinilegt að indírokkíð hafði meiri áhrif í lok þarsíðasta og upphafi síðasta áratugar en menn hafa viðurkennt fram til þessa. Að minnsta kosti virðist hver hljómsveitin á fætur annarri vera að taka upp þráðinn að nýju. Fyrst Pixies, svo Slint og nú Dinosaur Jr.

Bæði J Mascis og Lou Barlow hafa samþykkt að spila nokkra tónleika saman í ár undir nafninu Dinosaur Jr. Mascis hélt sveitinni á lífi löngu eftir að Barlow hætti á sínum tíma til að stofna Sebadoh. Barlow hefur einnig gefið út plötur undir sínu eigin nafni sem og með sveit sinni Folk Implosion. Þetta verður í fyrsta skipti í 15 ár sem Mascis og Barlow leika saman í sömu sveit.

Fyrstu tónleikar endurvöktu risaeðlunar verða á Fuji Rock-tónleikahátíðinni í Japan en svo er áætlað að fara í tónleikaferð um Bretland. ■

[SMS]

UM NÝJUSTU PLÖTURAR

Low: The Great Destroyer

„Að hlusta á nýju Low plötuna er eins og að fá gamlan vin í heimsókn. Hann er kannski ögn pirraðri en áður, en jafnar sig svo um leið og hann fær tebollann sinn. Mér mun alltaf þykja vænt um Low, sama hvernig skapi hann er í.“

BÖS

The Game: The Documentary

„Nýjasta undrabarn Dr. Dre gefur út frumraun sína. Sæmilegasta plata og ágætis rappari, en rímur virka þreyttar. Sama tuggan, aftur og aftur.“

BÖS

PLATA VIKUNNAR



Emilianina Torrini: Fisherman's Woman

„Þetta er ekta inniplata sem maður hlustar á heima, liggjandi undir teppi með lokuð augun á meðan rigningin dynur á rúðunni.“

FB

Tori Amos: The Beekeeper

„Prátt fyrir að þetta sé áttunda plata Amos virkar hún síður en svo þreytt í sínu fagi. Hún getur enn samið falleg lög sem hreyfa við manni.“

FB

The Mars Volta: Francis the..

„The Mars Volta nær að gera það eina sem þeir áttu ekki að geta gert, að toppa frumraun sína. Francis the Mute er epískur sambraðingur niðþungu síruokks, mariachi, kúbdjass og spuna. Gæsaúð frá upphafi til enda.“

BÖS

Vinyl: LP

LP er nokkuð góð rokkplata sem tekst þó ekki að kveikja í manni neista. Til þess vantar fyrst og fremst meiri frum- og léttleika.

FB

Kasabian: Kasabian

„Frumraun Kasabian er hin fullkomna plata til þess að setja á fóninn áður en farið er í bæinn á föstudagskvöldi. Það er ómögulegt að smitast ekki af þessu grúfi, að minnsta kosti í einhverni tíma.“

BÖS

Matt Sweeney & Bonnie Prince Billy: Superwolf

„Will Oldham gerir hér plötu með einum besta vini sínum, Matt Sweeney úr Chavez. Mögnuð plata sem þarfnast nokkurra umferða en sekur svo djúpt inn.“

BÖS

The Kills: No Wow

„Flottasta kærustuparið í rokkinu þarf að eyða minni tíma fyrir framan speglinn og meiri tíma í að semja betri og gripandi lög. Hljómur merkilega líkt PJ Harvey, og ég set plötur hennar frekar á fóninn en þessa þýnnku.“

BÖS

Lou Barlow: Emoh

„Forspraki Sebadoh og The Folk Implosion gefur loksins út plötu undir eigin nafni. Hér er hann að-allega vopnaður kassagítar og skilar af sér frekar ljúfum grip, sem ætti að höfða til flestra aðdáenda hans sem og aðdáenda Will Oldham.“

BÖS

Joanna Newsom: The Milk-Eyed Mender

„Ótrúleg frumraun frá undarlegum söngfugli. Joanna spilar á höru og syngur með sínu nefi, sem mörgum myndi ekki þykja fagurt. Tjáníngin er stórkostleg og lagasmíðarnar yndislegar.“

BÖS

The Chemical Brothers: Push the Button

„Chemical Brothers rísa úr líkkistum sínum og skella sér aftur í dansskóna. Ótrúlegt en satt skila þeir af sér einni af sinni bestu plötu frá upphafi. Hver hefði trúað þessu?“

BÖS

Umsjón: BIRGIR ÖRN STEINARSSON. biggi@frettabladid.is



SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Sjóvá, Bubbi Morthens og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, undirrita tímamótasamninginn.

Frelsi til sölu?

Bubbi Morthens varð í vikunni fyrsti Íslendingurinn til þess að selja fyrirtæki einkarétt á höfundarétti sínum.

Bubbi Morthens hefur alla tíð verið umdeildur maður. Ætli það sé ekki aðallega vegna þess hversu yfirlýsingaglaður hann er, og hversu fljótt hann er svo að skipta um skoðun þegar það hentar honum.

Hann byrjaði sem reiður ungur maður sem sá um sig sjálfur og virðist í gegnum árin hafa þróað með sér betra og betra viðskiptavit. Þetta hefur orðið til þess að einhverjir aðdáendur hans hafa orðið svektir þegar hann hefur tekið það að sér að gera lög fyrir auglýsingar eða leika í þeim. Þetta svekkelsi virðist þó ekkert hafa skilað sér í minnkandi plötusölu, því Bubbi fór aftur að selja í gull eftir að hann blés lífi í feril sinn að nýju með útgáfu safnplatnanna tveggja sem kortlögðu hvor sinn áratuginn af plötuútgáfu.

Fyrirframgreidd laun

Nú berast okkur þær fréttir að Bubbi sé búinn að selja Sjóvá höfundarétt sinn. Fæstir vita hvað höfundaréttur er, eða hvað hann færir flytjandanum. Fyrir þá sem ekki þekkja til hljóma þessar fréttir því líklegast hálfundarlega. Á íslensku þýðir þetta að Bubbi er í raun og veru að fá fyrirframgreiðslu á þau laun sem höfundaréttur hans tryggir honum. Það eru allir þeir peningur sem útlagsstæðvar, sjónvarpsstæðvar, netfyrirtæki og plötufyrirtæki þurfa að greiða fyrir að nota lög hans í starfsemi sinni. Þetta þýðir að í hvert sinn sem Óli Palli spilar Bubba á Rás 2 þarf útlagsstæðin að greiða honum fyrir notkunina. Eins er það með plötufyrirtæki sem gefur tónlist hans út. Það þarf að greiða honum sérstaklega fyrir hvert lag sem selst á þeim diskum sem fyrirtækið framleiddi. Sama hvort það eru hans eigin plötur, safnplötur eða plötur annarra flytjenda sem af einhverjum ástæðum hafa ákveðið að flytja Bubbalög í sínum búningi.

Þessi samningur sem Bubbi var að gera við Sjóvá tryggir honum því feita summu í einum tékka, í stað þess að fá þetta í litlum hlutum næstu ár. Þetta þýðir einnig að Sjóvá tekur við þessum greiðslum næstu árin og en Bubbi fær ekkert ná í fyrirtækið ekki þeirri upphæð til baka sem það lagði út til hans á tímabilinu.

Þetta er svo framandi hugtak fyrir Íslendingum að Bubbi var

jafnvel spurður að því í Kastljósinu hvort hann væri að selja sál sína djöflinum. Staðreyndin er sú að þetta er nánast nákvæmlega sama fyrirkomulag og hefur tíðkast í tónlistarbransanum síðan Elvis Presley hristi fyrst á sér mjaðmirnar. Fyrir utan landsteinanna eru það þó ekki tryggingafélög sem gera svona samninga við tónlistarmenn, heldur útgáfufyrirtæki. Þau eru svo auðvitað í eigu sömu manna og eiga allar stærstu plötuútgáfur heims. Flestir tónlistarmenn þiggja háar fyrirframgreiðslur frá þessum fyrirtækjum til þess að geta komið undir sig fótunum í upphafi ferils síns.

Bubbi ræður

Samningur Bubbi og Sjóvá er þannig að stofnaður var sjóður sem öll höfundaréttindi og allar flytjendatekjur hans fara í. Sjóðurinn er vistaður í Íslandsbanka og Bubbi tekur svo í raun og veru skuldbréf sem Sjóvá kaupir. Sjóðurinn borgar svo af skuldbréfinu með tímanum og Sjóvá reynir að ávaxta féð á sem skynsamlegasta máta, sér í hag. Bæði Sjóvá og Íslandsbanki hafa rétt til þess að búa til nýjar leiðir til þess að reyna að auka tekjur með hugverkum Bubba. Svo sem með því að framleiða plötur með lögum hans eða selja lögin í kvikmyndir eða auglýsingar. Bubbi tók þó fram í Kastljósi að til þess þyrfti samþykki hans.

„Það merkilegasta við þetta er að þarna er verið að taka veð í hugverkum.“ útskýrir Magnús Kjartansson, formaður Stefs, höfundaréttasamtaka tónlistarmanna. „Eini munurinn á þessu skuldbréfi og öðrum skuldbréfum er að á því er ekki ákveðin skuldabyrði á hverju ári. Það verða því engin vanskil ef greiðslurnar verða minni eitt árið. Bréfið hefur heldur enga ákveðna tímalengd, heldur er bara rúkkad þangað til skuldin er greidd upp.“

Það sem koma skal

Svarið við spurningunni sem sett er upp í fyrrisögninni er því nei. Bubbi var einungis með þessu að tryggja sér það að njóta seðla nína sem hugverk hans eiga að öllum líkindum eftir að framleiða síðar. Með þessu var Bubbi líklegast að tryggja upphafið á slíkum samningum fyrir þá íslensku tónlistarmenn sem ekki gefa út tónlist sína erlendis, og eiga því ekki möguleika á slíkum fyrirframgreiðslum frá útgáfufyrirtækjum.

Höfundalaun eru rúkkud áfram í 70 ár eftir dauða höfundanna. Og er ekki til gamalt spakmæli sem segir; betra er að eyða peningum á meðan maður er enn á lífi? Eða er það ekki?

biggi@frettabladid.is

ÚTSÖLUMARKAÐURINN GLÆSIBÆ

Ertu búinn að koma og sjá úrvalið?

Ótrúlegt úrval af vinsælum
herra-, dömu- og barnaskóm:

Frábær verð eða frá kr. 995,-

Leðurstigvél
Rússkinsstigvél
Spariskór
Fermingarskór
Kuldaskór
Sportskór
Inniskór

Mikið úrval af tösukum, eitt verð kr. 995,-

Nýjar vörur í hverri viku!

Opið sem hér segir:

Laugardaga frá 10:00-17:00

Sunnudag frá 13:00-17:00

Alla virka daga frá 10:00 - 18:00

Nýtt kortatímabil!

Komdu og gerðu góð kaup!


Skómarkaðurinn
Glæsibæ
S: 693-0997

SKÓR.IS

Valmiki

TILBOÐ VIKUNNAR

Nýjar og vinsælar geislaplötur á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.



Vikutilboð
1.899 kr.

Ray-Úr kvikmynd
Tónlistin úr verðlaunamyndinni Ray hefur að geyma öll vinsælustu lög Ray Charles í gegnum tíðina.




Vikutilboð
1.999 kr.

Green Day - American Idiot
Green Day piltarnir nældu sér í Grammy verðlaunin fyrir bestu rokkplötu ársins en platan „American Idiot“ inniheldur m.a. lagið vinsæla Boulevard Of Broken Dreams.




Vikutilboð
1.899 kr.

Mars Volta - Frances The Mute
„Frances The Mute“ er önnur plata Mars Volta. Sú fyrri „De-loused in the Comatorium“ var af mörgum talin besta plata ársins 2003, þannig að eftirvæntingin er gifurleg...



Vikutilboð
1.899 kr.

Ray Charles - Genius Loves Company
Sigurvegari 8 Grammy verðlauna í ár er þessi frábæra dúettaplata Ray Charles en meðal flytjenda á plötunni eru: Norah Jones, Van Morrison, Elton John, James Taylor og Willie Nelson.



Vikutilboð
1.999 kr.
CD+DVD

Eric Clapton - Sessions For Robert Johnson
Skotheldur tvöfaldur pakki. Geislaplata og DVD diskur sem innihalda lifandi upptökur af lögum Robert Johnson í flutningi Eric Clapton og aðstoðarmanna.



Vikutilboð
2.199 kr.
CD+DVD

Cat Stevens - The Very Best Of
Father And Son, Moonshadow, Morning Has Broken, Wild World og allir hinir smellirnir eru hér samankomnir. 24 af bestu lögum Cat Stevens ásamt DVD disk sem inniheldur tónleikauptökur o.fl..



Vikutilboð
1.899 kr.

Michael Buble - It's Time
Ný plata frá kanadíska „krúnernum“ Michael Buble. Hann sló rækilega í gegn með fyrstu plötunni sinni og þessi er engu síðri. Hér syngur hann 13 sigilda standarda úr ýmsum áttum.



Vikutilboð
1.899 kr.

Scissor Sisters - Scissor Sisters
Scissor Sisters var mest seldu platan í Bretlandi á síðasta ári, enda inniheldur hún smellina Take Your Mama, Mary, Laura, Comfortably Numb og Filthy/Gorgeous.



Vikutilboð
1.899 kr.

The Chemical Brothers - Push The Button
Að flestra mati er hér allra besta plata The Chemical Brothers til þessa. Platan inniheldur lagið vinsæla „Galvanize“.



Vikutilboð
1.899 kr.

Snoop Dogg - R&G: The Masterpiece
Ameríski rapparinn og goðsögnin Snoop Dogg hefur slegið í gegn með þessari glænýju plötu. „R&G: The Masterpiece“ inniheldur m.a. smellina Drop It Like It's Hot og Signs ásamt Justin Timberlake.



Vikutilboð
1.899 kr.

Gwen Stefani - Love. Angel. Music. Baby.
Söngkona No Doubt með sína fyrstu sólplötu. Platan inniheldur smellina Rich Girl og What You Waiting For ?.



Vikutilboð
2.299 kr.
CD+DVD

Tori Amos - The Beekeeper
Tíunda plata Tori Amos kemst auðveldlega í hóp með hennar allra bestu. Þetta er tvöföld útgáfa sem er fánleg í takmörkuðu upplagi og inniheldur auka DVD disk.



Póstkröfusími 525 5040

Laugavegi 26, Kringlunni og Smáralind

skifan.is
- alltaf ódýrari

VEITINGASTADURINN MAÐUR LIFANDI

Staður fyrir vandláta

Hver og hvar: Maður lifandi, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Hvernig er stemningin?

Það er ekki hægt að segja annað en að stemningin sé létt og góð enda staðurinn mjög opin. Umhverfið er smekklega hannað og skapar steinta-teppið á gólfinu ákveðinn hlýleika. Þetta er svona staður til að fara á þegar sumarfrílingurinn gerir vart við sig og mann langar í eitthvað ofurhollt og gómsætt. Staðurinn er tilvalinn fyrir þá sem eru alltaf að flýta sér og hann er hannaður þannig að fólk stoppar ekki allt of lengi við. Það er engin þjónusta á borðin, sem er bæði kostur og galli. Einnig er hægt að taka matinn með sér heim.

Matseðillinn:

Matseðillinn er allur úr jurtafinu og boðið er upp á úrval af djúsum og heilsuskotum úr hveitigrasi og öðru kraftmiklu hráefni. Salatbarinn er spennandi þrátt fyrir að vera ekki sérlega stór og er hann breytilegur frá degi til dags. Boðið er upp á heita grænmetis- og baunarétti og svo er líka gott úrval af köldum réttum sem sniðugt er að taka með sér



MAÐUR LIFANDI BÝÐUR AÐEINS UPP Á MAT ÚR JURTAFINU.

heim. Á matseðlinum er einnig úrval af kökum sem setja punktinn yfir í-ö eftir næringarríka máltíð.

Vinsælast:

Réttur dagsins er vinsælastur á matseðlinum en hann er breytilegur frá degi til dags.

Réttur dagsins:

Réttur dagsins er alltaf heitur réttur og með honum fylgir hrísgrjón og salat. Hann kostar 1.189 krónur. Einnig er boðið upp á súpu dagsins sem einnig er breytileg frá degi til dags og kostar hún 600 krónur.

EGILS PREMIUM: Íslenskt bygg í nýjung frá Ölgerðinni

Egils Premium er nýr bjór frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni þar sem saman fer besta fánalega hráefni, þar á meðal íslenskt bygg, og aldagamlar aðferðir við bruggun. Úr verður bragðmikill gullinn úrvalsbjór með mýkt og góðri fyllingu. Alúðin sem fer í bruggun Egils Premium endurspeglar þann metnað sem verið hefur aðalsmerki Ölgerðarinnar í heila öld. Aðferðin tekur mið af bruggun í upprunandi gullna lagerbjórsins, Tékklandi. Bruggunarferli Egils Premium er lengra en annarra bjóra. Bjórinn er tvímessjaður og gerjunin



hægari. Besta fánalega hráefni er notað við bruggunina, þar á meðal íslenskt bygg. Allt þetta skilur sér í lagerbjór með sterkum karakter, mýkt í bragði og fyllingu. Með notkun íslensks byggs í Egils Premium er Ölgerðin ekki síst að bregðast við frábærum viðtökum sem notkun íslensks byggs hefur hlotið meðal íslenskra neytenda en Egils Þorabjór var bruggaður úr íslensku byggi og seldist upp á skömmum tíma.

Egils Premium, sem er 5,7% lagerbjór, fæst í 500 ml dósnum fyrst um sinn í Heiðrúnu og Kringlunni en dósin kostar 216 krónur.



ÓLÖF JÚLÍUSDÓTTIR „Mér finnst mjög gaman að standa langdvölum saman í eldhúsinu.“

Ætlaði að skrifa um ólíkar matarhefðir:

Veisla í farangrinum

Ólöf Júlíusdóttir útskrifaðist með BA-próf í mannfræði og ætlaði sér að skrifa lokaritgerðina sína um ólíkar matarhefðir, enda mikill matgæðingur að eigin sögn. Hún endaði þó á að demba sér í miklar stúdíur um Afríku, en hefur ekki sagt skilið við matinn, elskar reyndar að standa langdvölum saman í eldhúsinu. Hún er núna að læra kennslufræði í Háskóla Íslands, auk þess að vera dönskukennari í Seljaskóla.

„Þetta byrjaði allt saman þegar ég var átján ára og fór sem au pair til London og dvaldi hjá indverskri fjölskyldu, sem kynnti fyrir mér alvöru matarmenningu,“ segir hún og hugsar hlýlega til hennar. „Þar lærði ég að meta grænmeti og ólík krydd, og þetta varð til þess að ég varð grænmetisæta, sem entist í tíu ár, eða allt þar til ég komst í kynni við Bæjarins bestu,“ segir hún og hlær. Svo fór hún til Ítalíu og kynntist sjávarréttarmenningunni þar yfir jólahaldið.

Hún segist hafa náð góðum tökum á bæði fiski og kjúklingi, en með kjöt sé hún hálf vængbrotin. „Svo er ég líka mjög góð í að gera salat.“

Ólöfu finnst ekki síður mikilvægt að borðhaldið í heild sé glæsilegt og gerir mikið úr því. „Mér finnst skipta miklu máli, að vel sé lagt á borð og að fólk borði með fallegum borðhöldum.“

FORRÉTUR

hvítt pítubrauð
rautt eða grænt pestó
mozzarella-ostur
parmesan-ostur
basílikum

Píturnar eru skornar til hálf, þannig að þau verði að hálfmánum. Svo er pestóið smurt inn í þær, rifnum mozzarella-osti dreift yfir auk parmesan-osts og basílikum. Þetta er síðan látið vera í ofni þar til osturinn er bráðnaður.

AÐALRÉTTUR

lax, eitt flak, fyrir fjóra
Maldon-sjávarsalt
pipar
ólífuolía
grænn graslaukur

Laxinn er saltaður og pipraður eftir smekk hvers og eins. Hann er síðan settur í álpappír og smá ólífuolíu stráð yfir. Þetta er síðan látið bakast í ofni við 200 gráður í fimmtán til tuttugu mínútur. Graslauknum er síðan stráð yfir.

KARTÖFLUR

skrældar Þykkvabæjarkartöflur
ólífuolía
dill

Smá ólífuolía sett í pott og kartöflurnar steiktar upp úr þeim.

Salat

Spínat og klettsalati blandað

saman í skál, auk cherry-tómata og rauðlauks. Svo er madonna-ostur, sem er aðeins lausari í sér en parmesan-osturinn, skorinn í litla bita. Út í þetta er bætt ristudum furuhnetum og Maldon-sjávarsalti dreift yfir, saman með ólífuolíu. Þá er líka mjög gott að kreista sitrónusafa yfir.

Með þessu er gott að drekka milliþurtt hvítvín.

EFTIRRÉTTUR

Súkkulaðikaka
4 egg
2 dls sykurl
1 dls hveiti
200 grömm af suðusúkkulaði
200 grömm af smjöri

KREM

70 grömm af smjöri
2 matskeiðar síróp
130 grömm suðusúkkulaði

Eggjunum fjórum og sykrinum er hrært saman. Og svo er bætt hveiti út í þetta. Þá á að bræða saman suðusúkkulaðið og smjörið og þessu öllu hrært saman. Þetta er síðan sett í eldfast form og bakað við 150 gráður í klukkutíma.

Þegar kremið er gert eru smjörið, sírópið og suðusúkkulaðið brædd saman, og þessu síðan madað yfir kökuna.

Með þessu er drukkið lavazza cappuccino. ■

MATGÆDINGURINN SÓLVEIG BERGMANN, FRÉTTAKONA Á STÖÐ 2

Súkkulaði er allra meina bót

Hvaða matar gætir þú síst verið án?

Ég gæti ekki verið án súkkulaðis, ef það kallast matur, því það er hollt, gott og léttir lund.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Mér finnst mysingur ekki góður. Ég man það eins og það hafi gerst í gær þegar það var verið að reyna að troða ofan í mig mysingi á Grænu-borg þegar ég var á leikskólanum þar. Það eru um 30 ár síðan.

Fyrsta minningin um mat?

Þegar ég var tveggja eða þriggja ára heima í mínu. Á þessum tíma var eldhúsið heima málað í rauðum og hvítum lit og leit næstum því út eins og Winston-pakki. Annars borðaði ég bara rammíslenskan mat og amma steikti fyrir mig blóðmör upp úr sykri í hádeginu.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Það er erfitt að gera upp á milli þeirra. Jólasteikin hennar mómmu stendur alltaf fyrir sínu og þegar ég fer á Húmarhúsið leyfi ég Ottó Magnússyni kokki að koma mér á óvart. Það hefur aldrei klikkað. Síðast



þegar ég fór þangað fékk ég þrjár tegundir af súkkulaðidesertum, sem mér fannst ekki leiðinlegt.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Ég elda mjög mikið en mér finnst

skipta máli að maturinn sé tilbúinn á sem stytum tíma og með sem minnstri fyrirhöfn. Lasagna úr pakka er til dæmis alltaf jafn gott.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?

Dökkt súkkulaði er langbest.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?

KEA-vanilluskur og fjörmjólk.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?

Ég myndi taka með mér mjólk og stóra súkkulaðiköku.

